












# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**

**4. febrúar 2012**
30. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Eins og að urða gull

*Framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins segir fáránlegt að flokka ekki rusl.*

**umhverfisvernd 32**



## Umdeild sem Svínka

*Margrét Erla Maack klæddi sig upp fyrir Prúðuleikarana.*

**fólk 70**

## Utangarðs í ríki risa

*Hinir svokölluðu þriðju flokkar hafa farið halloka í bandarískum stjórnmálum í rúmlega 150 ár.*

**stjórnmál 30**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Heimili & hönnun | Allt
Allt atvinna






**DÚETTMÁLUN** Systurnar Sara og Svanhildur Vilbergsdætur eru báðar málarar sem undanfarna 18 mánuði hafa málað saman stórar, litríkar, sjálfsævisögulegar myndir sem þær ætla að sýna á Safnanótt. **Sjá síðu 34** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrír töpuðu helmingnum

**Íslensku lífeyrissjóðirnir töpuðu 479 milljörðum á bankahruninu. Þrír stærstu sjóðirnir bera 54% af tapinu. Úttektarnefnd gagnrýnir í skýrslu lagaumhverfi lífeyrissjóða, eftirlitsaðila og fjárfestingar sjóðanna sjálfra.**

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins töpuðu samtals 257,3 milljörðum króna á bankahruninu. Það eru um 54% af heildartapi allra 32 lífeyrissjóða landsins, sem töpuðu samtals 479,3 milljörðum króna. Lífeyrissjóðirnir þrír; Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tapaði 101,5 milljarði króna og ber því rúman fimmtung af heildartapi íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Lífeyrissjóður verslunarmanna tapaði 80,3 milljörðum króna og Gildi lífeyrissjóður um 75,5 milljörðum króna. Vert er að taka fram að þessir þrír sjóðir áttu samtals 47% af eignum íslenska lífeyrissjóðakerfisins í lok árs 2010.

Þetta kemur fram í úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Skýrsla í fjórum bindum byggð á úttektinni var gerð opinber í gær.

Helstu niðurstöðum úttektarnefndarinnar má í raun skipta í þrennt. Í fyrsta lagi gerir nefndin athugasemdir við lagaumhverfi lífeyrissjóðanna og þær breytingar sem gerðar voru á því áratuginn fyrir fall íslensku bankanna. Raunar gengur nefndin svo langt að leggja til að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögum um lífeyrissjóðina. Í öðru lagi gagnrýnir nefndin eftirlitsaðila með lífeyrissjóðunum, bæði endurskoðendur þeirra og Fjármálaeftirlitið. Loks gagnrýnir nefndin lífeyrissjóðina sjálfa. Ýmsar athugasemdir eru gerðar við innri reglur og starfshætti innan sjóðanna og þá eru fjölmargar fjárfestingar þeirra gagnrýndar.

**- þsj, mþl / sjá síður 12 og 18.**


GULL Á GRAND HÓTEL
7. feb – 9. feb.
Skoðið nánar bls. 13








## SPURNING DAGSINS



*Hilmar, voru þeir í A-ha uppteknir?*

„Það er verið að ræða við þá fyrir norsku útgáfuna.“

Suður-kóreska stjarnan Haha hefur verið fengin til að syngja sérstakt kynningarlag um kvikmyndina Hetjur Valhallar: Þór fyrir frumsýninguna þar í landi. Hilmar Sigurðsson er framkvæmdastjóri CAOZ, sem framleiðir myndina.

Eyruglur og branduglur draga að fuglaáhugamenn og ljósmyndara:

# Uglur hópast saman í Laugardal

**NÁTTÚRA** Uglur hafa hópast saman og haldið til í Laugardalnum í Reykjavík frá því um miðjan janúar. Bæði hafa sést branduglur og eyruglur, en suma daga hafa margir fuglar af þessari sérstöku tegund hópast saman á litlu svæði.

Hannes Þór Hafsteinsson, náttúrufræðingur og starfsmaður Borgargarða, hefur um árabil fylgst með fuglalífinu í dalnum, meðfram vinnu sinni. Hann hefur aldrei séð neitt þessu líkt, enda virðist um einstakt fyrirbrigði að ræða. „Við urðum fyrst varir við uglurnar um miðjan janúar. Mest höfum við séð átján uglur saman; fimmtán eyruglur, tvær branduglur og síðan eina sem við náðum ekki að greina,“ segir Hannes.

Uglurnar hafa fangað athygli fuglaáhugamanna sem vilja fylgjast með þessum fallegu fuglum.

Hannes segir að síðan í október hafi sést 40 eyruglur, en samkvæmt hans upplýsingum ber mjög mikið á þessari tegund í Norður-Evrópu um þessar mundir.

„Ég hef starfað lengi í Laugardalnum, síðan 2004, og hef aldrei áður séð eyruglur hérna. Þetta er eitthvað mjög sérstakt.“ - shá



**BRANDUGLA Í LAUGARDALNUM** Undanfarið hafa sést fjölmargar uglur í dalnum. MYND/STEFÁN FREYR MARGRÉTARSON

Þingmannafrumvarp á Alþingi:

# Spari fyrir íbúð og fái frádrátt

**STJÓRNMÁL Níu þingmenn á Alþingi lögðu fram frumvarp í gær um skattaívilnanir til þeirra sem spara vegna húsnæðisöflunar. Frumvarpið er hugsað til viðbótar öðrum opinberum úrræðum sem auðvelda eiga fólki að eignast húsnæði, til dæmis vaxtabótakerfi og Íbúðalánasjóði. Eygló Harðardóttir úr Framsóknarflokki er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins, en að því standa þingmenn úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og VG auk óháðra þingmanna.** - jhh

Bæjarfulltrúar í Kópavogi:

# Nýr meirihluti á umræðustigi

**KÓPAVOGUR** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Lista Kópavogsbúa og Framsóknarflokks, ætla að halda áfram viðræðum um myndun nýs meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs. Formlega var ákveðið í fyrradag að hefja slíkar viðræður og var fundað um málið í gær.„Ég veit ekki með aðra en mér finnst ganga vel,“ sagði Ómar Stefánsson, oddviti framsóknarmanna í gærkvöld. Ómar kvaðst vonast til að viðræðunum lyki um helgina.



**ÓMAR STEFÁNSSON**

Ekki náðist í hina oddvitana tvo, þau Ármann Kr. Ólafsson úr Sjálfstæðisflokki og Rannveigu Ásgeirsdóttur, bæjarfulltrúa Lista Kópavogsbúa. - gar

Hnökrar á pósti í Grundarfirði:

# Fá ekki fólk til að bera út bréf

**GRUNARFJÖRÐUR „Ef bréfberar fást ekki til starfa er það vísbending um að launakjör séu ekki viðunandi,“ segir bæjarráð Grundarfjarðar sem mótmælir harðlega óviðunandi póstútburði í bænum. Borið hafi á að póstur hafi ekki verið borinn út og það skýrt með skorti á bréfberum. Íslandspóstur geti ekki borið því fyrir sig að fólk fáist ekki til starfa því í Grundarfirði sé fólk í atvinnuleit.**

**„Íslandspóstur getur ekki hagrætt í rekstri sínum með því að bjóða laun sem eru ekki samkeppnisfær og dregið með þeim hætti úr tíðni póstdreifingar,“ segir bæjarráð og krefst þess að fyrirtækið sinni póstdreifingu í samræmi við lög og reglugerð.** - gar

# Hefur stýrt umferðarljósunum í yfir 40 ár

**Dagbjartur Sigurbrandsson lætur brátt af störfum eftir að hafa stýrt umferðarljósunum í Reykjavík í 41 ár. Hann segir umferðarmenningu betri nú en í byrjun áttunda áratugarins. Nær ekki að skila nýrri miðlægri stýringu ljósa.**

**SAMGÖNGUR** „Umferðarmenningin hefur breyst mjög mikið, og til hins betra,“ segir Dagbjartur Sigurbrandsson, sem um þessar mundir lætur af störfum hjá Reykjavíkurborg eftir að hafa stýrt umferðarljósum borgarinnar í 41 ár.

Þegar Dagbjartur hóf störf voru umferðarljós á 16 gatnamótum í Reykjavík. Sama ár tók hann þátt í að gangsetja fyrstu hnappastýrðu gangbrautarljósin, á Bústaðavegi við Grímsbæ. Rúmum fjörutíu árum síðar eru umferðarljós á 118 gatnamótum og 33 hnappastýrð ljós, auk þess sem í kerfinu hafa verið innleiddar margvíslegar tækninýjungar. Þar á meðal hraða- og umferðarljósamyndavélar.

Myndavélarnar segir Dagbjartur einmitt hafa leikið lykilhlutverk í að bæta umferðarmenninguna. „Menn fá núna fjóra punkta í ökuferilsskrá fyrir hvert brot. Svo tökum við líka myndir af þeim sem aka of hratt í gegn á grænu ljósi,“ segir hann. „Ég hef oft verið kallaður fyrir dóm í málum sem þessum,“ segir hann og bætir við að eftir að hann fékk í einu máli tíma til að útskýra tæknina á bak við myndatökuna fyrir dómaranum hafi ekki tapast mál þar sem hraða- eða ljósamynd sé notuð sem sönnunargagn. Aðhaldið hafi því leikið lykilhlutverk í að ökumenn til að bæta aksturslag sitt.

Núna segir Dagbjartur þýsku hraðamyndavélarnar sem í notkun eru að verða úreltar. „Það er orðið erfitt að fá í þær filmur. Við erum því að leggja út í stafræna tækni.“ Nýjar myndavélar segir hann ýmist tengdar miðlægu kerfi með ljósleiðara eða 3G net.

Annars segist Dagbjartur ekki sjá eftir öðru nú við lok starfsins en að hafa ekki fengið að sjá fyrir endann á miðlægu stýrikerfi ljósa sem nú hafi verið innleitt til hálfs. „Við ætluðum að vera búin að þessu fyrir 2010 en hrunið setti strik í þann reikning.“ Hann segist hins vegar skilja sáttur við, enda búinn að vera alveg nógu lengi að. Nú sé kominn tími til að sinna hugðarefnum og fjölskyldunni, svo sem barnabörnunum sex. olikr@frettabladid.is



**DAGBJARTUR Í LJÓSASKIPTUM** Ingi Ú. Magnússon gatnamálastjóri réð Dagbjart Sigurbrandsson til starfa árið 1971 og setti sem skilyrði að hann mætti ekki hætta fljótlega eftir ráðningu. Við það hefur Dagbjartur staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hefur verið reglumaður alla tíð

Dagbjartur Sigurbrandsson, verkefnastjóri miðlægrar stýringar umferðarljósa, er fæddur í Reykjavík árið 1946. Hann er giftur Guðfinnu Kjartansdóttur. Þau eiga þrjú uppkomin börn og sex barnabörn. Hann hefur frá æsku stundað íþróttir og hugar vel að heilsunni, hefur til að mynda hvorki reykt né drukkið. „Ég vann hjá tollinum í Gullfossi í gamla daga, 14 ára gamall,“ segir Dagbjartur, þá yngstur til að fá ráðningu þar, „og ég lofaði einum yfirtollverði sem ég hjálpaði að smakka það alls ekki. Við það stóð ég.“ Í þá daga segir Dagbjartur kerfið hafa verið þannig að hann hafi fengið sama toll og aðrir, ginflösku, viskíflösku, 24 flöskur af bjór og tvö karton af sígarettum. „Margir vildu kaupa og borguðu litla stráknum mikinn pening fyrir.“



**DAUÐAGILDRA** Hver vindmylla á landi drepur fjóra fugla á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný rannsókn á fugladauða:

# Myllur drepa þúsundir fugla

**DANMÖRK** Vindmyllur geta verið hættulegar fuglum á flugi ef marka má nýja rannsókn sem gerð var í Þýskalandi.

Á vef dönsku fuglafræðisamtakanna segir að hver vindmylla á landi drepi um fjóra fugla á ári, samkvæmt tíu ára rannsóknum í þýska ríkinu Brandenburg.

Þar sem þrjú þúsund vindmyllur eru í Brandenburg einu saman má því gera ráð fyrir að 12.530 fuglar drepist þar á ári.

Margar þeirra fuglategunda sem eru í hættu vegna þessa eru í útrýmingarhættu, en þar á meðal eru ernir og svölugleður sem átta sig ekki á hættunni sem felst í því að fljúga milli mylluspaðanna. - þj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Marijúana í Herjólfi

Fíkniefnahundurinn Luna fann 150 til 200 grömm af marijúana í farangursgeymslu bíls sem útkrímingardalaus maður kom með til Vestmannaeyja í Herjólfi gær. Maðurinn, sem er 22 ára og var undir áhrifum fíkniefna, sagði marijúanað til eigin nota.




Talinn hafa veitt manni um fertugt lífshættulega áverka í Engihjalla:

# Í gæsluvarðhald vegna hnífsstungu

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítugur maður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. febrúar, grunaður um að hafa veitt manni um fertugt lífshættulega áverka með hníf í Kópavogi í fyrrinótt.

Lögregla var kvödd að fjölbýlishúsi í Engihjalla á fjórða tímanum aðfaranótt föstudags eftir að tilkynning barst um alvarlega líkamsárás.

Þegar hún kom á staðinn fann hún blóðugan mann, sem var með stungusár bæði á síðu og kvið.

Skömmu hjá var grunaður árásarmaður ásamt konu á svipuðu reki og voru þau bæði handtekin.

Lagt var hald á tvo hnífa, annan innandyra og hinn í bíl í grenndinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins rannsakar lögreglan þjófnað á bílnum í tengslum við málið.

Maðurinn særðist illa af atlögunni en var úr lífshættu um hádegisbil í gær. Honum var þó haldið undir eftirliti lækna á gjörgæsludeild Landspítalans.

Konunni var sleppt úr haldi að loknum yfirheyrslum en maðurinn var færður fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjaness á fimmta tímanum og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann, líkt og konan, hafa komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota. Þá mun lögregla sömuleiðis kannast við brotaþolann. - sh



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Lögregla lagði fram kröfu um gæsluvarðhald á hendur meintum árásarmanni í gær í þágu rannsóknar málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# RISA ÚTSÖLU

## lýkur um helgina!




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 03.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,43 | 123,01 |
| Sterlingspund | 193,92 | 194,86 |
| Evra | 161,31 | 162,21 |
| Dönsk króna | 21,699 | 21,825 |
| Norsk króna | 21,065 | 21,189 |
| Sænsk króna | 18,237 | 18,343 |
| Japanskt jen | 1,6051 | 1,6145 |
| SDR | 189,90 | 191,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,07

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Krabbameinsfélagið hefur ómskoðað rúmlega 40 konur með PIP-brjóstabúða:

# Yfir 80 prósent með leka púða

**HEILBRIGÐISMÁL** PIP-brjóstapúðar hafa reynst lekir hjá rúmlega áttatíu prósentum þeirra kvenna sem hafa farið í ómskoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands.

Ómskoðanir hófust í vikunni og búið er að skoða 41 konu. Þrjátíu og fjórar þeirra reyndust vera með leka púða, fimm voru með heila púða en tvær kvennanna þarf að skoða betur.

Um 450 konur eru taldar vera með PIP-púða í brjóstunum. 215 hafa haft samband við Krabbameinsfélagið og óskað eftir skoðun, en reiknað er með því að um 40 konur verði ómskoðaðar í hverri viku. Landlæknir mun fylgjast með framvindu rannsóknanna. Hann hefur farið fram á það við Guðbjart Hannesson velferðarráðherra að púðarnir verði fjarlægðir úr öllum konum á Íslandi, í ljósi nýrrar skýrslu sérfræðingahóps Evrópusambandsins sem kynnt var í vikunni. Ráðherra ætlar að leggja það til á ríkisstjórnarfundi á þriðjudaginn að það verði gert.

Landlæknisembættið vinnur enn að því að afla upplýsinga um umfang brjóstastækkana hér á landi. **- þeb**



**BRJÓSTAPÚÐI** Búist er við því að um fjörutíu konur verði ómskoðaðar í hverri viku. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmd samninga í ólagi:

## Eftirlit skal eflt hjá ráðuneyti

**STJÓRNSÝSLA** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið þarf að efla eftirlit með framkvæmd skuldbindandi samninga sem það hefur gert við aðila utan ríkisins.

Er það mat ríkisendurskoðunar að ráðuneytið þurfi að samræma ákvæði samninga og skjalfesta verklagsreglur vegna mála því tengdu.

Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttekt á framkvæmd ráðuneytanna á samningum við alla skuldbindandi samninga þeirra. Birt verður skýrsla fyrir hver ráðuneyti. **- sv**



**VIÐ RÁÐUNEYTIÐ** Dofri Hermannsson afhendir Svandísi Svavarsdóttur bíl til afnota um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Var dregin út hjá Metanorku:

## Ráðherra prófar nýja bifreið

**SAMGÖNGUR Meðal þeirra sem fá að reynsluaka metanbíl frá Metanorku er Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra. Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Metanorku afhenti bílinn síðdegis í gær.**

**Svandís er í hópi fimm einstaklinga sem dregnir voru út á Facebook síðu Metanorku í keppni um að fá lánaðan bíl í sólarhring og reyna á eigin skinni hvort muni einhverju öðru í akstri en eldsneytisverði.**

**Eftir helgi stendur til að ræða á Alþingi frumvarp iðnaðarráðherra um orkuskipti í samgöngum. „Það passar vel að umhverfisráðherra hafi fengið að prófa metanbíl áður en að því kemur," segir Dofri. - óká**

### ÍSAFJARÐARBÆR

**Ofreiknaðir fasteignaskattar**

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ þurfa að gefa út nýja álagningu fasteignaskatta fyrir árið 2012 vegna mistaka að því er skutull.is segir. Reiknað var með 0,65 prósent álagningu á fasteignamat en leyfileg hámarksálagning er 0,625. Um leið og fasteignaskatturinn er leiðréttur er reiknað með að hækka vatnsgjald svo álagningin í heild verði sú sama.

# Ráðherra kallar til samráðs um safnið

**Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, tók upp málefni Náttúruminjasafnsins á Alþingi í gær. Tilefnið er gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Vel var tekið í hugmynd hennar um endurskoðun málsins á vettvangi þingsins.**

**SAFNAMÁL** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kallaði eftir því á Alþingi í gær að ráðuneytið myndi efna til samráðs, hugsanlega á vettvangi Allsherjar- og menntamálanefndar, um hvaða skal að gert í málefnum Náttúruminjasafns Íslands. Hún segir söfn landsins almennt orðin verulega aðkreppt og því verði að gefa gaum við fjárlagagerð í haust, enda ljóst að komið sé að þolmörkum í niðurskurði.

Katrín flutti munnlega skýrslu sína um málefni safna á þinginu í gær. Fyrst og síðast var tilefnið stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar, sem birt var á dögunum, þar sem nokkuð óvægin gagnrýni var sett fram á því hvernig staðið hefur verið að málefnum Náttúruminjasafnsins, eins af þrem höfuðsöfnum Íslands, á undanförnum árum. Hún sagði þó að Ríkisendurskoðun hefði mátt taka meira tillit til þess við hvaða aðstæður ráðuneytið hafi búið undanfarin ár.

Katrín sagði að á aðeins tveimur árum hafi þurft að skera niður fé til safna um 1,2 milljarða og það aðeins síðan fjárlög voru dregin upp haustið 2009.

Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að lögin um safnið, frá árinu 2007, hafi verið gölluð. Það sé undirrót vandans og það uppfylli ekki lögbundnar skyldur sínar, eins og staðan er núna.

Katrín kallaði því eftir skoðunum þingheims um hvernig höggva megi á þann harða hnút sem málefni safnins eru í en það verður ekki síst rakið til tortryggni og togstreitu sem sé að finna innan stjórnkerfisins.



**SAFN Í KJALLARAKOMPU** Helgi Torfason safnstjóri kallaði eftir úttekt Ríkisendurskoðunar þar sem stefnumótunarvinna hans hefur ekki fengið hljómgrunn í ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sem hefur haldið málefnum safnsins á lofti á þinginu og hefur kallað eftir sérstakri umræðu um málið síðar, sagði að safnið hafi verið olnbogabarn í kerfinu og það þyrfti einfaldlega að klára málið, svo þing og þjóð sé sómi að. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður og fyrrverandi menntamálaráðherra, fagnaði umræðunni og lýsti sig tilbúna til samstarfs til að koma safninu á fæturna og sagði að allir flokkar sem komið hafa að stjórn landsins þurfi að taka gagnrýni á vinnubrögð til sín.

Fulltrúar allra flokka tóku til máls í umræðunni og tóku vel í að setjast yfir málefni safna með opnum huga. Ekki var annað að skilja en menn vilji halda Náttúruminjasafninu sem sjálfstæðu höfuðsafni og hugmyndum um sameiningu við Náttúrufræðistofnun var hafnað. **svavar@frettabladid.is**

Jafnmargir með og á móti:

## Þjóðin klofin í afstöðu til ákæru á Geir

**KÖNNUN Ekki er marktækur munur á fjölda þeirra sem vilja að ákæra á hendur Geir H. Haarde fyrir Landsdómi verði dregin til baka og hinna sem vilja að málinu verði haldið til streitu. Þetta sýnir nýr þjóðarpúls Gallup. Samkvæmt könnuninni vilja 52 prósent að fallið verði frá málinu, en 48 prósent að því verði haldið áfram.**



**GEIR H. HAARDE**

**Mikil fylgni er á milli stuðnings við stjórnmálaflokka og afstöðu til ákærunnar. Þannig vilja 94 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins falla frá ákærunni og um sjötíu prósent fylgismanna Framsóknarflokks, en aðeins um fjórðungur Samfylkingarmanna og sex prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.**

**Einnig eru menn líklegri til að vera á móti ákærunni eftir því sem þeir hafa hærri tekjur. - sh**

Játaði á sig fíkniefnamisferli:

## 400 e-töflur í húsi á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri lagði hald á 400 e-töflur í bænum á fimmtudag. Er þetta mesta magn e-taflna sem fundist hefur á Akureyri í einu.

Fíkniefnin fundust við húsleit á heimili manns á þrítugsaldri. Maðurinn var handtekinn í kjölfarið og játaði hann að eiga töflurnar og viðurkenndi að þær voru ætlaðar til sölu. **- sv**


# BÓKAMARKAÐUR 2012



Árlegur bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda verður í Perlunni 24. febrúar til 11. mars næstkomandi.

Útgefendur sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst, eða eigi síðar en 9. febrúar nk.,í síma 511 8020 eða á netfangið baekur@simnet.is

Aðeins verður tekið á móti bókum sem komu út 2010 eða fyrr.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART Á MORGUN**

Það snýst smám saman í norðvestlæga átt er líður á daginn með heldur kólnandi veðri og éljum fyrir norðan í kvöld og nótt. Þá léttir víðast til á morgun og verður yfirleitt hægur vindur en gengur síðan vaxandi suðaustan annað kvöld.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 9° |
| Basel | -10° |
| Berlín | -5° |
| Billund | -5° |
| Frankfurt | -5° |
| Friedrichshafen | -10° |
| Gautaborg | -6° |
| Kaupmannahöfn | -6° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 2° |
| Mallorca | 5° |
| New York | 5° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -11° |
| París | -2° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1769



# ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

**Vantar þig aðstoð?**
Hringdu í 440 2000 ef þig vantar aðstoð við að innleysa ávísunina. Við erum við símann **kl. 11-16 um helgina.**

Þessa dagana færð þú ásamt 19.872 öðrum tjónlausum og skilvísum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

Sjóvá er hluti af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú litað á þér hárið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58,5 |
| NEI | 41,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Átt þú sparnað í ríkisskulda-bréfum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Foreldrar í Hamra- og Bryggjuhverfi í Grafarvogi ósáttir við breytingar á skólum:

# Sjá engin rök fyrir sameiningu

**MENNTUN** Foreldrar barna í Hamraskóla í Grafarvogi eru ósáttir við flutning unglingadeildar skólans yfir í Foldaskóla. Harðorð ályktun var send út eftir fjölmennan fund í skólanum á miðvikudag þar var sameiningunni er hafnað og farið fram á að fallið verði frá henni.

Til stendur að unglingadeildir Hamraskóla og Húsaskóla færist yfir í Foldaskóla frá og með næsta hausti. Stýrihópur var skipaður til að sinna sameiningunni og verkefnum sem snúa að breytingum í skólastarfi. Fulltrúar foreldra frá Hamraskóla og Húsaskóla hafa nú sagt sig úr hópnum. Magnea Lena Björnsdóttir, formaður foreldrafélags Húsaskóla, tilkynnti úrsögn sína á miðvikudag. Hún segist ekki trúa á sameininguna lengur. Elín Hjálmsdóttir, formaður foreldrafélags Hamraskóla, hafði sagt sig úr hópnum í síðustu viku vegna óánægju með framgang mála.

„Nú, þegar einungis fjórir mánuðir eru eftir af yfirstandandi skólaári, blasa enn við foreldrum fjölmargir óvissuþættir,“ segir í ályktuninni. Engin sannfærandi rök hafi verið færð fyrir sameiningunni. **- þeb**



**HAMRASKÓLI** Unglingadeild skólans á að færast yfir í Foldaskóla frá næsta hausti, en foreldrar eru margir mjög ósáttir við það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óttast ásakanir ef slys verður:

# Starfi ekki einir í félagsmiðstöð

**FÉLAGSMÁL** Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Eldingar í Garði vilja ekki vera einir á vakt á opnunartíma. Þetta kom fram á fundi æskulýðsnefndar í Garði.

„Getur þetta haft alvarlegar afleiðingar ef ásakanir kæmu fram um eitthvað misjafnt eða slys verður á staðnum. Einnig ef eitthvað kæmi fyrir starfsmanninn sjálfan. Nefndin er sammála að þetta þurfi að skoða nánar og færa til betri vegar,“ segir æskulýðsnefndin og vísar ábendingunni til bæjaryfirvalda. **- gar**


Visthæfir bílar

Tilkynning frá Reykjavíkurborg

Vegna breytinga á skilgreiningum á visthæfum bílum.
Bílar sem uppfylla neðangreindar kröfur teljast til visthæfra bíla og eru undanskildir gjaldskyldu í bílastæði borgarinnar.

Bifreið má ekki vera þyngri en 1.600 kg.
Gjaldfrelsi fellur niður ef bifreið er á nagladekkjum.

Bensín- og dieselbílar og tvíorkubílar sem gefa ekki frá sér meira en 120 gr. af koltvísýringi á kílómetra.
- Bílar með brunahreyfil sem ganga fyrir innlendum orkugjöfum, s.s metani, metanóli og lífdísel og gefa ekki frá sér meira en 120 gr. af koltvísýringi á kílómetra.
- Bílar sem ganga fyrir rafmagni og tengiltvinnbílar.
- Bílar sem ganga fyrir vetni.

Á visthæfum bíl má leggja frítt í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði borgarinnar. Ekki er heimilt að framlengja tíma í sama stæði umfram 90 mínútur.

Reglur þessar gilda til 1. janúar 2013.




**PRESTASTEFNA Í DÓMKIRKJUNNI** Karl Sigurbjörnsson hefur gegnt embætti biskups Íslands í 13 ár. Nú hefur setutími biskups verið takmarkaður við 12 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Meirihluti kjósenda úr hópi leikmanna

**Leikmenn eru í meirihluta þeirra sem kjósa biskup. Reglum um kjörgengi var breytt á síðasta kirkjuþingi. Austurlandsprófastsdæmi er með jafnasta hlutfall karla og kvenna á landinu. Flestir starfandi prestar eru komnir yfir fimmtugt.**

**FRÉTTASKÝRING:**

Hverjir geta kosið nýjan biskup?

Mikill meirihluti þeirra sem mega kjósa til biskups eru ekki vígðir þjónar kirkjunnar, eða 63 prósent. Á kjörskrá eru 492 einstaklingar, þar af 58 prósent karlar.

Á Kirkjuþingi síðasta haust var reglum um biskupskjör breytt svo vægi leikmanna yrði meira og fleiri kæmu að kjörinu en áður.

Pétur Björgvin Þorsteinsson, Evrópufræðingur og djákni í Glerárkirkju á Akureyri, skoðaði þá einstaklinga sem eru á kjörskrá fyrir biskupskjör þetta árið og greindi þá eftir kyni, búsetu og stöðu innan kirkjunnar. Hann birti niðurstöðurnar á heimasíðu sinni á miðvikudag.

Þar greinir Pétur Björgvin frá því að 37 prósent einstaklinga á kjörskrá eru vígðir þjónar kirkjunnar eða guðfræðikennarar. Meirihlutinn, eða 63 prósent, eru svokallaðir leikmenn; sóknarnefndarformenn á landinu öllu, auk varasóknarnefndarformanna á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta ári voru um 65 prósent starfandi presta yfir fimmtugt. Fimm prósent presta eru á aldrinum 25 til 34 ára.

Pétur greindi líka kjörgenga einstaklinga í hverju prófastsdæmi fyrir sig, sem eru níu á landinu öllu, fyrir kosningarnar í haust. Í ljós kom að mikill munur er á milli prófastsdæma eftir því hversu hátt hlutfall kjósenda eru leikmenn eða vígðir þjónar.

Hlutfall leikmanna er hæst í Vestfjarðaprófastsdæmi, eða 84 prósent, en lægst í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, eða 52 prósent. Vægi karla og kvenna á kjörskrá er jafnast í Austurlandsprófastsdæmi, 52 prósent karla á móti 48 prósentum kvenna, en kynjamunurinn er mestur í Kjalarnessprófastsdæmi, 66 prósent karla á móti 34 prósentum kvenna.

Nokkur gagnrýni hefur verið uppi varðandi mismikið vægi sóknarnefnda í biskupskosningum, en landið er skilgreint sem eitt kjördæmi. Til að bregðast við þessu voru fyrrnefndar breytingar gerðar á reglum um kjörgengi en í stærstu sóknunum hefur varaformönnum sóknarnefndanna einnig verið veittur atkvæðisréttur. **sunna@frettabladid.is**

## Hverjir geta kosið biskup?

1. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Einnig þeir prestar kirkjunnar sem settir eru til þjónustu í eitt ár eða meira.
2. Prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar.
3. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar.
4. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði.
5. Formenn allra sóknarnefnda sem og varaformenn sóknarnefnda í Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmum eystra og vestra.
6. Þeir guðfræðingar sem eru kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Kjósandi verður að vera skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskups er hver guðfræðikandídat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni. HEIMILD: ÞJÓÐKIRKJAN

## Vilja verða biskup

Sex hafa nú þegar gefið kost á sér til biskups. Þau eru: Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík, Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, og Þórir Jökull Þorsteinsson, prestur.

Framboðsfrestur er til 29. febrúar 2012.

**492** Fjöldi kjörgengra einstaklinga fyrir næstu biskupskosningar


VERTU ÞÍN EIGIN AUGLÝSINGA-STOFA!

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

Grafísk hönnun NTV er flott nám fyrir þá sem vilja sjálfir hanna sínar auglýsingar, kynningarefni og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem mest eru notuð við auglýsingagerð allt frá hugmynd að fullunnu verki.

Grafísk hönnun

- Adobe Illustrator • Adobe Photoshop • Adobe InDesign
- Mismunandi gerð kynningarefnis • Meðferð lita
- Letur og leturfræði • Skipulag, vistun og frágangur
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur • Lokaverkefni

156 stundir - Verð: 198.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 13. feb.
Síðdegisnámskeið byrjar 14. feb.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



FERMINGARVEISLUSÝNINGIN
er um helgina
Fermingarskreytingar
sýnikennsla
fullt af hugmyndum að persónulegum skreytingum
Fatnaður, hanskar, greiðslan,
snyrting, myndatakan
Fermingarmaturinn og
fermingartertusmakk
Áletranir á kerti, sálmabækur,
serviettur, gestabækur
og boðskort
Lukkupottur fyrir fermingarbarnið
á staðnum!
skreytingar fyrir dýravini
fyrir íþróttagarpa
Allt fyrir ferminguna á einum stað!
Munið
foreldraglaðninginn
í heimsenda
fermingarbréfinu!
ALLT FYRIR FERMINGUNA Á EINUM STAÐ
GARÐHEIMAR
Munið líka að framvísa
afrifu af fermingarbréfinu til að fá
20% afslátt af fermingarvörum
10% aukaafsláttur
á fermingarsýningunni
Pantanir á fermingarvörum
og áletrunum teknar niður
í blómadeild Garðheima
frá kl. 10.00
Dagskrá laugardag og sunnudag
13:30 Danssýning frá danshópnum Area of Stylez
14:30 Tískusýning á fermingarfatnaði frá Dúkkuhúsinu
14:00 og 16:00 "Svona gerum við fermingarskreytingar" Blómaskreytar Garðheima sýna réttu handbrögðin.
Area of Stylez
Við verðum með kynningar um helgina
frá 13:00 til 17:00:
Konditori Copenhagen
Dúkkuhúsið
heilsa
Beauty Bar
BEAUTY BAR
Amé
Tapas húsið
spíran
Grand HOTEL REYKJAVÍK
HANS PETERSEN
silfur
HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDAR
spíran
bistro á 2. hæð
ummmmm...
Tilboð
Mexíkósúpa
með nachos
2 fyrir 1
Tilboð
Ís í brauðformi
20kr
GARÐHEIMAR
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
Í 20ÁR
Helgaropnun Garðheima: 10.00 til 21.00
Kíkið á fermingarvefinn á www.gardheimar.is!

**VEISTU SVARIÐ?**




1. *Hvaða banki tapaði jafngildi 66 milljarða króna á Actavis síðustu þrjá mánuði ársins 2011?*
2. *Hvaða íslenski rithöfundur fór í vettvangsferð til Póllands að undirbúa næstu glæpasögu sína?*
3. *Hvaða matvörukeðja hefur ákveðið að hætta að hafa verslanir sínar opnar á nóttunni?*

**SVÖR**

*1. Deutsche Bank. 2. Óskar Hrafn Þorvaldsson. 3. Nóatún.*

Tölur Vegagerðarinnar sýna mesta samdrátt umferðar sem um getur á milli janúarmánaða:

# Fleira skýrir minni akstur en vond færð

**UMFERÐ** Vegagerðin hefur kallað eftir veðurupplýsingum allt frá árinu 1995 til að reyna að finna fylgni milli tíðarfars og samdráttar í umferð. Nýjar tölur sýna að umferð í nýliðnum janúarmánuði dróst saman um ríflega 10 prósent miðað við sama mánuð fyrir ári síðan. Samdrátturinn er sá mesti milli janúarmánaða frá því að samanburður var hafinn.

Friðleifur Ingi Brynjarsson, verkefnisstjóri hjá Vegagerðinni, segir samdráttinn svo mikinn að hann skýrist ekki af veðurfari einu saman. „Ekki má gleyma að þessi samdráttur kemur í kjölfarið á samdrætti í fyrra, sem þá var með því mesta sem við höfðum séð," segir hann og bendir á að þrátt fyrir ófærð hafi akstur ekki dregist saman milli janúarmánaða á höfuðborgarsvæðinu.

Langmestur samdráttur umferðar er á Suðurlandi eða rúmur fimmtungur. Þar á eftir kemur Vesturland með 13 prósenta samdrátt. Bæði svæðin eru stór atvinnusvæði þar sem fólk hefur ekið langar vegalengdir til vinnu.

Friðleifur Ingi segir hins vegar ómögulegt að geta sér til um hvaða þættir vegi þyngst í metsamdrætti milli ára núna.

„Auðvitað hefur veðrið einhver áhrif, en væntanlega koma þarna líka til áhrif af háu eldsneytisverði og efnahagsástandi í landinu," segir hann og gerir sér vonir um að geta áætlað betur þátt veðursins þegar búið er að rýna í gögn Veðurstofunnar. **- óká**

**Umferð dregst saman**

*Munur á janúar 2012 og 2011.*

| Landsvæði | Breyting |
|---|---|
| Suðurland | -21,2% |
| Höfuðborgarsvæðið | -7,4% |
| Vesturland | -13,9% |
| Norðurland | -5,3% |
| Austurland | -5,7% |
| Samtals | -10,2% |

*Heimild: Vegagerðin.*



**ÓFÆRÐ** Þrátt fyrir snjóþunga minnkaði ekki umferð á höfuðborgarsvæðinu í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fíton / SÍA

Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12 á hádegi þann 10. febrúar nk.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmda.

Uppstillinganefnd VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR



**SNJÓRINN Í RÓM** Sjaldséð sjón blasti við íbúum og ferðamönnum í höfuðborg Ítalíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Frosthörkur áfram í Evrópu um helgina:

# Tugir hafa fundist látnir á götum úti

**ÚKRAÍNA, AP** Í Rússlandi og Úkraínu hafa stjórnvöld lagt áherslu á að aðstoða heimilislaust fólk í frosthörkunum, sem kostað hafa á þriðja hundrað manns lífið í austanverðri Evrópu undanfarna daga.

Í Úkraínu voru dauðsföllin komin yfir hundrað í gær. Flestir þeirra voru heimilislausir og alls fundust meira en sextíu þeirra látnir úti á götum borga landsins.

Ástandið hefur verið verst í austanverðri Evrópu, en óvenju miklir kuldar hafa verið í allri álfunni. Jafnvel í Róm varð vart við snjókomu í gær, sem er afar sjaldgæft þar í borg.

Frostið fór niður í 42 gráður nyrst í Svíþjóð í fyrrinótt og víða í austanverðri álfunni hefur frostið verið upp undir eða jafnvel yfir þrjátíu gráður.

Vetrarhörkurnar í álfunni hafa nú staðið í viku og áfram er spáð mjög köldu veðri yfir helgina. **- gb**

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Metanlegur sparnaður

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*

Metan 8.442 kr.
Dísil 13.187 kr.
Bensín 17.059 kr.

* Miðast við almennt verð á eldsneyti hjá Olís 1. febrúar 2012

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# skattur.is

## Munið að skila

# launamiðum, hlutafjármiðum

## og öðrum gögnum

**Skilafrestur
á eftirtöldum
gögnum
á rafrænu formi
vegna framtalsgerðar
2012 er til
10. febrúar 2012**




- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutafjármiðar
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Stofnsjóðsmiðar
- Bankainnstæður
- Fjármagnstekjumiðar

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar og skil á vef ríkisskattstjóra www.skattur.is



**LESTARSLYS Í INDLANDI** Stór lest fór af teinunum nálægt Gauhati í Indlandi í gær. Lestin rakst á jarðýtu og minnst þrír létu lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talibanar segjast njóta stuðnings frá Pakistan í leyniskýrslu NATO sem var kynnt í gær:

# Segir ásakanir gamalt vín á eldri belgjum

**AFGANISTAN, AP** Hina Rabbani Khar, utanríkisráðherra Pakistans, þvertekur fyrir að talibanar í Afganistan nytu stuðnings frá Pakistan. Fangar NATO úr röðum talibana hafa haldið slíku fram við yfirheyrslur og segir frá í leynilegri skýrslu NATO sem kom upp á yfirborðið í gær.

Khar sagði hins vegar að þessar ásakanir ættu ekki við rök að styðjast. „Þetta er gamalt vín á ennþá eldri belgjum,“ sagði hún. „Þessar ásakanir hafa verið í gangi í mörg, mörg ár.“

Meðal annars sem kemur fram í skýrslunni er að talibanarnir telja sig vera í sterkri stöðu meðal almennra borgara og eiga fulltrúa allt upp í efstu lög stjórnkerfisins. Því telja þeir sig munu eiga auðvelt með að ná völdum eftir að herlið NATO yfirgefur landið árið 2014.

Carsten Jacobsen, talsmaður alþjóðlega heraflans í Afganistan, gerði lítið úr því sem haft er eftir talibönunum í skýrslunni. „Þeir eru að tala um hvernig þeir halda að baráttan gangi og hvað þeir vilja að við höldum um þeirra baráttu.“

Jacobsen segir þvert á móti að aðgerðir gegn talibönum hafi gengið vel síðustu misseri. - **þj**



**VÍGREIFIR** Skæruliðar talibana í haldi NATO hafa sagt við yfirheyrslur að þeir fái styrki frá Pakistan, en stjórnvöld þar í landi segja það ekki rétt. NORDICPHOTOS/AFP

Daniel Gros yfirgefur ráðið:

## Skipt um fulltrúa í bankaráði

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Ingvadóttir, lektor við lagadeild Háskólans á Bifröst, hefur verið kjörin í bankaráð Seðlabankans. Ingibjörg hefur verið varamaður í ráðinu en tekur nú við af þýska hagfræðingnum Daniel Gros. Sæti hennar sem varamaður tekur Jón Helgi Egilsson, hagfræðingur.



**LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR**

Sjö fulltrúar eiga sæti í bankaráði Seðlabankans. Þeir eru auk Ingibjargar; Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds, Björn Herbert Guðbjörnsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason og Katrín Olga Jóhannesdóttir. - **mþl**

Hópurinn Anonymous birti símtal á YouTube í gær:

## Hakkarar hleruðu símtal lögreglumanna

**BANDARÍKIN** Hakkarahópurinn Anonymous hefur birt símtal á milli bandarísku alríkislögreglunnar FBI og bresku lögreglunnar. Símafundurinn snerist um rannsóknir á tölvuþrjótum og hökkurum.

Anonymous birti símtalið, sem er sautján mínútur, á vefsíðunni YouTube. Þar ræddu lögreglumenn um aðgerðir til að stemma stigu við Anonymous og öðrum svipuðum hópum. Þar voru fyrirhugaðar handtökur ræddar og smáatriði um sönnunargögn sem lögreglan hefur í höndunum. Símtalið átti sér stað í síðasta mánuði.

Einnig var birtur tölvupóstur frá FBI þar sem fram komu tölvupóstföng þeirra sem tóku þátt í símafundi FBI og lögreglunnar.

FBI hefur staðfest að símtalið hafi verið hlerað og segist munu finna þá sem bera ábyrgð. Upplýsingarnar hafi aðeins verið ætlaðar lögreglunni og hlerunin sé ólögleg. Upptakan er talin vandræðaleg fyrir lögreglumennina sem tóku þátt í fundinum.

Félagar í Anonymous hökkuðu sig einnig inn á síðu gríska dómsmálaráðuneytisins í gær. Það var gert í mótmælaskyni vegna þess að Grikkir skrifuðu undir höfundarréttarsamning og vegna efnahagsstjórnar þeirra. Í stað heimasíðunnar birtist í gær myndband þar sem stóð: „Lýðræðið fæddist í ykkar landi en þið hafið drepið það.“ - **þeb**



**GRJÓTKAST GEGN TÁRAGASI** Nokkur dauðsföll hafa orðið í átökunum síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

# Hörð átök í Egyptalandi

**Annan daginn í röð börðust mótmælendur við lögreglumenn í Kaíró í gær í beinu framhaldi af dauðsföllunum á fótboltavelli í Port Saíd á fimmtudag.**

**EGYPTALAND** Fjöldi manns streymdi út á götur Kaíró í gær að loknum föstudagsbænum, sem jafnan eru mikilvægar samkomustundir í ríkjum múslima.

Mótmælendur köstuðu grjóti og lögreglan svaraði með táragasi. Átökin í Kaíró og víðar í landinu undanfarna daga hafa kostað að minnsta kosti fjóra lífið. Tveir mótmælendur létust á fimmtudag af skotsárum í hafnarborginni Súes, lögreglumaður lést í gær af sárum sem hann hlaut á fimmtudaginn í Kaíró, og svo lést hermaður í gær eftir að hann varð fyrir herbifreið.

Upphaf þessara nýju óeirða er atvikið á fótboltavelli í Port Saíd á fimmtudag, þegar 74 létust í troðningum og meira en þúsund manns særðust.

Almenningur er reiður út í stjórnvöld og lögreglu, sem sögð eru hafa brugðist með því að koma ekki í veg fyrir harmleikinn í Port Saíd. Á hinn bóginn eru stjórnvöld sökuð um að hafa vísvitandi komið þessum átökum af stað í von um að geta notað öngþveitið til að styrkja stöðu sína.

Harmleikurinn í Port Saíd hefur haft mikil áhrif á Egypta, sem gátu fylgst með því sem gerðist í beinni útsendingu á fimmtudagskvöldið.

Lífseigasta samsæriskenningin er sú að lögreglan hafi viljað hefna sín á aðdáendahópi knattspyrnufélagsins Al-Ahly, en þeir hafa einmitt verið í hópi hörðustu mótmælendanna á Tahrir-torgi undanfarið ár.

Stjórnvöld hafa rekið nokkra embættismenn vegna atburðanna í Port Saíd, þar á meðal stjórn Knattspyrnusambands Egyptalands.

Herforingjastjórnin í landinu tók við eftir að Hosni Mubarak forseti hrökklaðist frá völdum fyrir tæpu ári, en á að láta af völdum síðar á þessu ári.

Þingkosningar hófust í desember og hafa íslamistaflokkar náð meirihluta í neðri deildinni. Kosningar til efri deildar þingsins hófust í byrjun þessarar viku, en þeim lýkur 22. febrúar.

Að því búnu fær sérstakt stjórnlagaþing, kosið af báðum deildum þjóðþingsins, nokkra mánuði til að semja nýja stjórnarskrá og loks er ætlunin að kjósa forseta fyrir mitt ár. **gudsteinn@frettabladid.is**

Framúrskarandi
lausnir á einum stað

RÁÐGJÖF
Hjá Rue de Net starfar samstíga hópur sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri og innleiðingu viðskiptakerfa.

VIÐSKIPTALAUSNIR
Bjóðum uppá þrautreyndar viðskiptalausnir, eins og Microsoft Dynamics NAV og LS Retail.

SAMÞÆTTING
Við hjálpum þér að fá meira út úr fjárfestingu í viðskiptalausnum með samþættingu við önnur upplýsingakerfi.

KERFISÖRYGGI
Við tryggjum hámarks virkni og áreiðanleika viðskiptalausna þinna.



REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF
Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

rue de net
www.ruedenet.is

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavík - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is

Með hreinan meirihluta:

# Vaka vann í HÍ

**MENNTAMÁL** Vaka bar sigurorð af Röskvu í kosningum til Stúdentaráðs Háskóla Íslands í vikunni. Listi Vöku hlaut 2.499 atkvæði, eða 55,86 prósent, og fimm menn kjörna. Röskva fékk 1975 atkvæði, eða 44,14 prósent, og fjóra menn kjörna. Auð atkvæði voru 333, eða 6,93 prósent. 4807 kusu, eða 31,62 prósent stúdenta.

Í kosningum til háskólaráðs fékk listi Vöku 2.056 atkvæði og einn mann kjörinn. Röskva hlaut 1.763 atkvæði og sömuleiðis einn mann kjörinn. Þar var kosningaþátttaka 27,4 prósent. Kosið var 1. og 2. febrúar. - sh

Innanríkisráðherra leggur til breytingar á lögum um bakgrunnsskoðanir starfsmanna:

# Gæti skilað inn 12,5 milljónum á ári

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra leggur til að fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli borgi um fimm þúsund krónur fyrir hverja bakgrunnsskoðun starfsmanna sinna. Talið er að fjöldi skoðana sé um 2.500 talsins sem skili um 12,5 milljónum króna á ársgrundvelli. Ráðherra mælti fyrir gjaldtökunni, sem felur í sér breytingu á lögum um loftferðir, á ríkisstjórnarfundi í gær.

Veruleg fjölgun hefur orðið á útgáfu svokallaðra aðgangspassa fyrir starfsmenn Keflavíkurflugvallar og áhafnir flugfélaga vegna hertra reglna innan EES. Til að fá slíkan passa þarf lögreglan á Suðurnesjum að kanna bakgrunn viðkomandi starfsmanns og hefur þessi mikla fjölgun athugana það í för með sér að lögreglan hefur ekki lengur bolmagn til að sinna verkefninu nema því fylgi fjármagn.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er því lagt til að kostnaður greiðist af fyrirtækjum fyrir hverja bakgrunnsskoðun.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir fyrirtækið fagna tillögunni í ljósi þess að það finnist lausn á þeim töfum sem nú hafa orðið við útgáfu passanna. „Þessa vinnu þarf að manna og vinna kostar peninga,“ segir hann. - sv




**LEIFSSTÖÐ** Um 1.800 aðgangspassar voru gefnir út fyrir starfsfólk Keflavíkurflugvallar á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tveir ákærðir fyrir norðan:

# Stálu tveimur bílum og óku báðum út af

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært tvo Ólafsfirðinga, annan rétt tvítugan en hinn tæplega fertugan, fyrir að hafa í sameiningu stolið tveimur bílum á Siglufirði 15. október síðastliðinn og ekið þeim báðum út af veginum.**

**Annar bíllinn valt út af veginum norðan Siglufjarðar en hinum var ekið út af við Skeiðsfossvirkjun.**

**Mennirnir eru ákærðir fyrir nytjastuld en sá yngri, sem ók bílunum, er jafnframt ákærður fyrir umferðarlagabrot enda var hann undir áhrifum áfengis og kannabisefna og auk þess próflaus.** - sh



**SÚ NÝUPPGÖTVAÐA** Keimlík þeirri gamalkunnu. NORDICPHOTOS/AFP

Uppgötvun í Madrid:

# Mona Lisa á tvíburasystur

**SPÁNN** Viðgerðir á málverki af Monu Lisu, sem hefur árum saman verið geymt á Prado-listasafninu í Madrid, leiddu í ljós að það var málað á sama tíma og hið fræga verk Leonardo da Vincis.

Áður var talið að málverkið væri eftirgerð af verki da Vincis, en nú þykir ljóst að nemandi hans hafi málað mynd af sömu fyrirsætu um leið og meistarinn málaði sitt verk, og nemandinn þá haft vinnubrögð da Vincis til hliðsjónar.

Þessi nýuppgötvaða „tvíburasystir“ Monu Lisu verður fyrst sýnd opinberlega í Prado-safninu 21. febrúar. Myndin verður síðan til sýnis við hlið hins fræga verks da Vincis í Louvre-safninu í París frá 26. mars. - gb

## ORKUMÁL

### Lesið af mælum í snjó

Orkubú Vestfjarða biður orkunotendur í Holtahverfi á Ísafirði að sjá til þess að aðgengi sé tryggt að orkumælum vegna aflesturs sem stendur yfir þessa dagana. „Víða er talsverður snjór fyrir kyndiklefum,“ segir á vef Orkubúsins og tiltekið að orkunotendum beri að sjá til þess að gott aðgengi sé að orkumælum.




NÝ SKÝRSLA UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐANNA Í AÐDRAGANDA HRUNSINS

# Töpuðu tæpum 500 milljörðum á hruninu

**Íslensku lífeyrissjóðirnir töpuðu meiri fjármunum á bankahruninu en það kostaði að reka íslenska ríkið á árinu 2008. Þorri tapsins er tilkominn vegna hlutabréfa og skuldabréfa. Það gæti aukist ef gjaldmiðlavarnarsamningar verða gerðir upp á öðru gengi en þeir eru bókfærðir á.**

Samtals töpuðu íslensku lífeyrissjóðirnir 479,7 milljörðum króna á árunum 2008-2010. Rúmlega 40% af tapinu er vegna eignar í hlutabréfum íslenskra félaga sem varð að engu við bankahrunið haustið 2008. Þá tapaðist annað eins vegna skuldabréfa útgefnum af fyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum sem fengust aldrei greidd. Þetta kemur fram í úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Skýrsla í fjórum bindum byggð á úttektinni var gerð opinber í gær.

### Andi samfélagsins

Í skýrslunni segir að það verði „að gæta þess hvaða andi ríkti í íslensku fjármálalífi á þessum tíma, sem stjórnaðist af áhrifum fjárfestinga- og viðskiptabankanna, viðhorfum stjórnmálaleiðtoga, máttleysi eftirlitsstofnana og þeirri stefnu Seðlabanka Íslands að halda gengi krónunnar uppi á meðan stætt var án þess að tryggt væri að aðrir kraftar efnahagslífsins væru því samstíga. Í þessu sambandi má nefna að þessi andi hneig miklu frekar að því að efla útrás íslensku bankanna en að draga úr henni. Nægir að nefna þá staðreynd að stjórnvöld skipuðu á árunum fyrir hrun nefnd undir formennsku þáverandi stjórnarformanns KB banka, sem hafði það hlutverk að kortleggja möguleika Íslands á að verða alþjóðleg fjármálamiðstöð.“ Umræddur stjórnarformaður var Sigurður Einarsson.

### Mikið tap vegna Existu og Baugs

Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um tvo fyrirtækjahópa, Baug Group og Existu, og aðila tengdum þeim. Þar segir að það sé „eftirtektarvert að tap lífeyrissjóðanna vegna fjárfestinga þeirra í þessum tveimur fyrirtækjahópum er um 64% af hluta- og skuldabréfaeign sjóðanna og 52% af heildartapi allra sjóðanna“.

Exista var að stærstum hluta í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssona, sem stýrðu ennfremur félaginu. Exista var síðan stærsti eigandi Bakkavarar Group, Kaupþings, Lýsingar og Skipta hf./Símans hf. Samtals kostuðu fjárfestingar í skulda- og hlutabréfum þessa fyrirtækjahóps íslensku lífeyrissjóðina 170,9 milljarða króna. Það gerir um 44% af heildartapi sjóðanna á bankahruninu.

Baugur Group var, beint eða óbeint, stærsti einstaki eigandi Glitnis banka þegar hann féll. Tap lífeyrissjóðanna vegna Baugs Group, sem var stýrt af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, var 77,2 milljarðar króna. Hlutdeild Baugs Group og tengdra aðila í tapi sjóðanna var því um 20%, þar af var um 12,3% einvörðungu vegna Glitnis.

thordur@frettabladid.is




**SKÝRSLAN KYNNT** Hrafn Magnússon, fyrrum framkvæmdastjóri Landssambands Lífeyrissjóða, og Arnar Sigurmundsson, stjórnarmaður þess, ræða við nefndarmennina að kynningu lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afskriftir/niðurfærslur fyrirtækjaskuldabréfa 2008-2010

| Útgefandi | upphæð | hlutfall af heildartapi |
|---|---|---|
| Exista hf. | 14.045 | 15,60% |
| Landic Property hf. | 12.220 | 13,50% |
| Bakkavör Group | 10.590 | 11,70% |
| Samson ehf. | 9.375 | 10,40% |
| Avion hf/HF Eimskipafélag Íslands hf. | 8.733 | 9,70% |
| Stoðir hf./FL Group hf. | 6.408 | 7,10% |
| Baugur Group hf. | 4.818 | 5,30% |
| Atorka hf./Jarðboranir hf. | 4.784 | 5,30% |
| Egla hf. | 2.962 | 3,30% |
| Moasic Fashions hf. | 2.427 | 2,70% |
| Teymi hf./Kögun hf. | 2.332 | 2,60% |
| Milestone | 2.179 | 2,40% |
| Nýsir hf. | 2.175 | 2,40% |
| N1 hf./Olíufélagið hf. | 1.744 | 1,90% |
| Önnur félög | 5.528 | 6,10% |
| **Samtals** | **90.317** | **100%** |

## Afskriftir/niðurfærslur bankaskuldabréfa 2008-2010

| Útgefandi | upphæð | Hlutfall af heildartapi |
|---|---|---|
| Glitnir banki hf. | 26.870 | 26,80% |
| Straumur Burðarás hf. | 18.766 | 18,70% |
| Kaupþing banki hf. | 16.253 | 16,20% |
| Byr sparisjóður | 10.238 | 10,20% |
| SPRON hf. | 9.295 | 9,30% |
| Landsbanki Íslands hf. | 8.633 | 8,60% |
| VBS Fjárfestingarbanki hf. | 3.347 | 3,30% |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 2.847 | 2,80% |
| Sparisjóðabankinn/Icebank hf. | 1.677 | 1,70% |
| Sparisjóður Mýrarsýslu | 1.432 | 1,40% |
| Sparisjóður Vestmannaeyja | 217 | 0,20% |
| Sparisjóður Hafnarfjarðar | 227 | 20,00% |
| Arion v/Sparisjóður Mýrarsýslu | 120 | 10,00% |
| Sparisjóður Vestfirðinga | 98 | 0,10% |
| Önnur fjármálafyrirtæki | 67 | 10,00% |
| **Samtals** | **100.111** | **100%** |

ALLAR UPPHÆÐIR ERU Í MILLJÓNUM KRÓNA. HEIMILD: ÚTTEKT Á LÍFEYRISSJÓÐUM Í AÐDRAGANDA BANKAHRUNSINS

## Skuldabréf: Verulegar brotalamir

Heildartap lífeyrissjóðanna á skuldabréfum fyrirtækja var 90,3 milljarðar króna á árunum 2008 til 2010. Úttektarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að „verulegar brotalamir“ hafi verið á útgáfu slíkra bréfa hérlendis fyrir bankahrun sem hefðu bakað lífeyrissjóðunum, og öðrum fjárfestum, „gríðarmikið tjón“.

Því til viðbótar töpuðust um 100 milljarðar króna vegna skuldabréfa sem útgefin voru af bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Um 72% þess taps voru vegna skuldabréfa sem útgefin voru af Glitni, Straumi Burðarás, Kaupþingi og Byr. Í skýrslunni er nefnt sérstaklega að oftast hafi ekki verið nein ákvæði í skilmálum fyrirtækjaskuldabréfa um að ef rekstrarforsendur fyrirtækjanna breyttust, eða eiginfjárhlutfall þeirra minnkaði verulega, myndu bréfin falla í gjalddaga. Úttektarnefndin telur það vera ámælisvert af lífeyrissjóðunum að sjá ekki til þess að svo væri.

Skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að „hefði þetta verið gegnumfært á markaðnum má vera að koma hefði mátt í veg fyrir flutning á eignarhaldi milli hlutafélaga sem tíðkaður var og einnig að tekjustreymi væri flutt frá útgefanda skuldabréfs til félags í sömu samstæðu eða félags, sem taldist tengdur aðili. Framangreind atriði [...] áttu ljóslega sinn þátt í þeim skakkaföllum sem fjármálamarkaðurinn íslenski varð fyrir“.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar við framkvæmdastjóra og sjóðsstjóra lífeyrissjóðanna kom fram að upp úr aldamótunum síðustu hafi farið að tíðkast, fyrir tilstuðlan bankanna, að skuldabréf á markaði væru í verulegum mæli svokölluð eingreiðslubréf, eða kúlubréf. Það þýddi að bréfin höfðu einungis einn gjalddaga og á „gjalddaga höfuðstóls gat það allt eins gerst að skuldarinn byði út nýjan skuldabréfaflokk.” Andvirði nýju skuldabréfanna var þá notað til að borga niður gamla skuldabréfaflokkinn og skuldarinn gat þannig staðið í skilum án þess í raun borga neitt. Við fall bankanna töpuðust mörg eingreiðslubréf í heild sinni.

## Afleiður: Tapið gæti orðið mun meira

Úttektarnefndin áætlar tap lífeyrissjóðanna vegna gjaldmiðlavarnasamninga um 36,4 milljarða króna. Sú upphæð miðar við að allir samningarnir verði gerðir upp miðað við gengisvísitöluna 175, líkt og gert er ráð fyrir í ársskýrslum sjóðanna. Auk þess er þegar búið að taka tillit til mögulegrar skuldajöfnunar sjóðanna við þá banka sem þeir gerðu gjaldmiðlavarnarsamninga við. Landsbankinn hefur þegar náð samkomulagi við lífeyrissjóðina um uppgjör samninganna. Deila þeirra við þrotabú Glitnis og Kaupþings vegna þessa uppgjörs er nú á leið fyrir dómstóla.

Tapið gæti þó orðið mun hærra ef ítrustu kröfur þrotabúa gömlu bankanna verða samþykktar fyrir dómstólum. Í upplýsingum sem forsvarsmenn lífeyrissjóðanna veittu blaðamanni sumarið 2011kom fram að þá yrði tapstaða á samningunum upp á 120-130 milljarða króna. Á móti myndi virði þeirra skuldabréfa sem hægt er að nota til skuldajöttfnunar hækka í um 50 milljarða króna. Því gæti hreint tap orðið 70-80 milljarðar króna. Vert er að taka fram að þær tölur reikna með að samningar við Landsbankann séu óuppgerðir, en þeir eru um þriðjungur af skuldinni.

Í tilkynningu frá stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem send var út í síðustu viku vegna ákvörðunnar hennar um að undirbúa málshöfðun vegna samninganna, kemur fram að um hafi verið„að ræða tvíhliða samninga þar sem vangeta bankanna varð algjör til að standa við sínar skuldbindingar eigi síðar en við fall fyrsta viðskiptabankans 7. október 2008. Þá hafa verið færð efnisleg rök fyrir því að ákveðnir stjórnendur hinna föllnu banka hafi hagað sér með þeim hætti að allar líkur séu til þess að þeir hafi skaðað hagsmuni lífeyrissjóðsins með ólögmætum hætti. Þannig hafi framganga þessara aðila á verðbréfamarkaði og gjaldeyrismarkaði orðið til þess að veikja krónuna með óforsvaranlegum hætti“.




## Heildartap lífeyrissjóðanna 2008-2010




* TAP VEGNA GJALDMIÐLAVARNARSAMNINGA MIÐAÐ VIÐ UPPGJÖRSGENGIÐ 175. ÓVISSA RÍKIR ENN UM Á HVAÐA GENGI SAMNINGARNIR VERÐA GERÐIR UPP.

## Áætlað tap sjóðanna á hlutabréfum 2008-2009




HLUTABRÉF Í EXISTA, BAKKAVÖR OG KAUPÞING, SEM ERU SKILGREINDIR SEM TENGDIR AÐILAR, NEMA 65% AF TAPINU.



# GRÆDDU Á GULLI
## Á GRAND HÓTELI

Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.

---

### AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:

Þriðjudaginn 7. febrúar, miðvikudaginn 8. febrúar og fimmtudaginn 9. febrúar frá 11 til 18.

Gullpottur finnst hjá P&H Jewellers

---

Ungt par fór út með fulla vasa fjár eftir að hafa selt skargripi og gull sem það átti í fórum sínum en hafði ekki not fyrir á farandsýningu á Englandi. Parið unga ákvað að láta líta á munina á farandsýningunni Jewellery & Gem Stone og fékk fyrir þá dágóða summu. Nú gefst Íslendingum samskonar tækifæri.

Parið átti, eins og algengt er á mörgum heimilum, fulla skúffu með gömlum ónotuðum munum. Þar var meðal annars að finna gamla skartgripi, brotna gullhringi og gamalt herraúr frá því fyrir miðja síðustu öld.

„Þau báðu mig um að nefna ekki nákvæma upphæð en ég get staðfest að þetta voru hundruðir þúsunda. Þau eru himinlifandi," segir skartgripasalinn og matsmaðurinn Paul Franks.

Falinn fjársjóður?
Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?
Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitiling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna," segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

„Ekki missa af þínum eigin gullpotti."

Einkaviðtal við verðmat.

Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.

Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com

# HELGAR

## OPIÐ ALLA HELGINA




**42-50" PANASONIC SJÓNVÖRP Á ÓTRÚLEGUM VERÐUM!**

**AÐEINS ÞESSA HELGI**



**SPANSUÐU HELLUBORÐ**

**KYNNINGARTILBOÐ**

BEKO

**Beko HII64400**
60sm spansuðu helluborð með snertirofum. 1x 2200w, 1x 1400w og 2x 1800w hellur. Tímastilling og „Booster" fyrir hraðari hitun. Barnalæsing. Glerkantur. Mál (bxhxd): 58x5.8x51sm.

**NÝTT VAR AÐ LENDA**

**TILBOÐ 69.995**

FULLT VERÐ 89.995

**PHILIPS RYKSUGUR**

**20% AFSLÁTTUR**



**KYNNINGARTILBOÐ**

**NÝTT VAR AÐ LENDA**



iCES

**ICES IMO20LS40IX**
Glæsilegur 20 lítra og 800w örbylgjuofn í stáli með 1000w grilli, stafrænum tímastilli og 9 sjálfvirkum eldunarkerfum þar af 2 sem blanda saman grilli og örbylgju.

**TILBOÐ 14.995**

FULLT VERÐ 19.995

# TILBOÐ

## LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

# ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI

## SELJUM SÍÐUSTU EINTÖK OG ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

## SJÓNVÖRP, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, UPPÞVOTTA-VÉLAR, KÆLISKÁPAR, HÁFAR, ELDAVÉLAR, HELLUBORÐ, OFNAR OG ÝMIS SMÁTÆKI

HD HREYFIMYNDATAKA
LEICA LINSA
MEGA O.I.S. HRISTIVÖRN




**Panasonic**

**Panasonic DMCFS14**
Með 14,1MP upplausn, Venus Engine IV, IA, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC 28mm linsu, 4x Optical og 5x Digital Zoom I.R, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 70MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.

**TILBOÐ 15.995**
FULLT VERÐ 19.995

NÝTT
VAR AÐ LENDA

16 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN
LEICA DC VARIO LINSA
STÓR 3" LCD SNERTISKJÁR




**Panasonic**

**Panasonic DMCFS22**
Með 16,1MP upplausn, Venus Engine IV, IA, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC Vario linsu, 4x Optical og 5x Digital Zoom I.R, 3" LCD snertiskjá, HD hreyfimyndatöku, 84MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.

**TILBOÐ 24.995**
FULLT VERÐ 34.995

## KYNNINGARTILBOÐ




**Lenco**
AUDIO - VIDEO

NÝTT
VAR AÐ LENDA

**Lenco DVP736**
Fjölkerfa DVD ferðaspilari með 7" LCD skjá og hristivörn, USB, AV og heyrnatólstengi. SD/MMC kortalesari. Innbyggð hleðslurafhlaða. Stereó hátalarar. Heyrnartól, fjarstýring, höfuðpúðafesting og 240V-12v tengi í bíl fylgir. 3 litir, blár, gulur eða grænn. Snúningsskjár.

**TILBOÐ 16.995**
FULLT VERÐ 22.995

HÁSKERPU
HREYFIMYNDATAKA
Í FULLRI UPPLAUSN
16X OPTICAL
AÐDRÁTTARLINSA
INNBYGGT GPS
GETUR TEKIÐ MYNDIR
Í ÞRÍVÍDD




**Panasonic**

**Panasonic DMCTZ20**
Með 14,1MP upplausn, Venus Engine HD, Advanced IA, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC Vario Elamrit linsu, 16x Optical Zoom I.R, 3" LCD snertiskjá, AVCHD FHD 16:9 hreyfimyndatöku með Dolby Digital Creator hljóði, 18MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl. Getur tekið 3D ljósmyndir. GPS staðsetning.

**TILBOÐ 59.995**
FULLT VERÐ 74.995




**Heimilistæki** ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR

# STÓRÚ

# ALLT AÐ 70%

FARTÖLVUR • MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • TU
SKJÁKORT • MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • PRENTAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • MP3 SPILARAR • VIFTUR
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR
MÚSAMOTTUR • BORÐTÖLVUR • VINNSLUMINNI • HÝ
SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR

ÓTRÚLEG VERÐ!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

AÐEINS NOKKRIR DAGAR!




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18 – Laugardaga 11-16

Logitech Sarotech TOSHIBA SAMSUNG Razer WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# AFSLÁTTUR

RNKASSAR • SÝNINGAREINTÖK • FARTÖLVUTÖSKUR
AR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • APPLE • HÁTALARAR
• GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
• UMBÚÐALAUST • KAPLAR • KÆLINGAR • TÖLVUSKJÁIR
SINGAR • HLJÓÐNEMAR • MARGMIÐLUNARSPILARAR
• MÝS • SPJALDTÖLVUR • LEIKJAMÝS • ÚTLITSGALLAÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA!**

Laugardag 11-16
Sunnudag 13-17

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

NÝ SKÝRSLA UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐANNA Í AÐDRAGANDA HRUNSINS

# Margt aflaga hjá lífeyrissjóðunum

**Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við fjárfestingar lífeyrissjóðanna, eftirlit með þeim og lagaumhverfi í aðdraganda bankahrunsins í skýrslu úttektarnefndar lífeyrissjóðanna.**

Segja má að meginniðurstöðum úttektarnefndarinnar megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi gerir nefndin athugasemdir við lagaumhverfi lífeyrissjóðanna og þær breytingar sem gerðar voru á því áratuginn fyrir fall íslensku bankanna. Í öðru lagi gagnrýnir nefndin það eftirlit sem var með rekstri og fjárfestingum sjóðanna. Bæði var innra eftirliti þeirra og eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME) ábótavant. Þá gagnrýnir nefndin fjárfestingar sjóðanna, innri reglur og starfshætti þeirra.

Geta má þess að margir þeirra sem úttektarnefndin ræddi við sögðu lífeyrissjóðina hafa verið fórnarlömb aðstæðna og stjórnenda bankanna. Um þetta sagði Hrafn Bragason, formaður nefndarinnar, á blaðamannafundi í gær: „Margt má færa því til styrktar en stjórnir sumra sjóðanna voru að minnsta kosti óþægilega leiðitamar. Þá bætti hann við að menn mættu ekki týna sér í sjálfsréttlætingu, nú þegar þrjú ár væru liðin frá hruni, heldur ættu þeir að læra af mistökunum.

Þá ber að taka fram að nefndin leggur áherslu á að lífeyrissjóðirnir 32 á Íslandi eru af ólíkum toga. Mikilvægt sé því að hafa hugfast að þeir höguðu sér á ólíkan hátt í aðdraganda hrunsins.

### Eftirliti mjög ábótavant

Úttektarnefndin gerir fjölda athugasemda við lagaumhverfi lífeyrissjóðanna fyrir fall bankanna. Raunar gengur nefndin svo langt að leggja til að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögum um lífeyrissjóði í kjölfar úttektarinnar.

Í þessu samhengi er meðal annars fjallað um fjárfestingarheimildir sjóðanna. Á áratugnum fyrir hrun voru þær heimildir rýmkaðar að ýmsu leyti án nægjanlegrar aðgátar, að mati nefndarinnar. Sem dæmi má nefna að hámarkshlutfalli fjárfestingar sjóðanna í hlutabréfum var í áföngum breytt úr 35% í 60% án þess að þess væri gætt að aukningin miðaðist ekki öll við innlend hlutabréf. Þá telur nefndin að vikmörk takmarkana á fjárfestingum í eignaflokkum hafi verið furðu rúm.

Eftirliti með starfsemi og fjárfestingum lífeyrissjóðanna virðist hafa verið mjög ábótavant árin fyrir hrun. Í skýrslunni segir að endurskoðendur þeirra virðist almennt ekki hafa talið það í verkahring sínum að fylgjast með aðferðum þeirra við mat né gæðum fjárfestinga. Telur nefndin einsýnt að slíkt eftirlit hefði þó verið á færi endurskoðendanna.

Misbrestur virðist einnig hafa verið á eftirliti FME en að jafnaði sinntu tveir til þrír starfsmenn eftirliti með lífeyrissjóðunum. Virðist það fyrst og fremst hafa falist í því að taka á móti skýrslum frá öðrum eftirlitsaðilum og sjóðunum sjálfum. Erfitt sé hins vegar að sjá að eftirlit hafi verið með einstökum fjárfestingum, skilmálum þeirra verðbréfa sem sjóðirnir fjárfestu í eða heildarfjárfestingu í samstæðum eða tengdum aðilum.

### Vafasamir starfsferlar

Í skýrslu nefndarinnar er að finna ítarlega umfjöllun um starfsferla innan lífeyrissjóðanna og mat þeirra á eigin fjárfestingum. Við þessa innri starfsemi eru gerðar ýmiss konar athugasemdir.

Þannig virðast litlar kröfur hafa verið gerðar um rökstuðning fyrir fjárfestingum. Raunar virðist sjaldan hafa verið vikið að gæðum fjárfestinga eða nauðsyn rökstuðnings áður en ákveðið var að ráðast í kaup. Oft virðist það hafa verið talin nægjanleg rök fyrir fjárfestingum að þær rúmuðust innan stefnu sjóðsins.

Nefndin telur auk þess að lífeyrissjóðirnir hafi ekki verið nægjanlega meðvitaðir um þá hættu sem gat stafað af of miklum fjárfestingum í samstæðum og tengdum fyrirtækjum. Þeim til varnar hafi fjármálafyrirtækin þó haldið stöðu sinni og tengdra fyrirtækja að vissu leyti leyndri á árunum fyrir hrun.

Loks bendir nefndin á að einungis fáeinir lífeyrissjóðir höfðu sett sér siðareglur fyrir bankahrunið. Því voru engar formlegar reglur til staðar um samskipti við aðila á fjármagnsmarkaði, þar með talið varðandi boðsferðir og gjafir. Á þessu hefur þó víðast hvar verið ráðin bót eftir hrun og siðareglur nú í gildi hjá flestum sjóðum.

### Ámælisverðar fjárfestingar

Mikil umfjöllun er í skýrslunni um fjárfestingar lífeyrissjóðanna í ákveðnum eignaflokkum og fyrirtækjum. Nefna má að nefndin telur suma lífeyrissjóði hafa farið mjög óvarlega í kaupum á gjaldmiðlavörnum. Þannig hafi sumir sjóðanna til að mynda veðjað á að gengi krónunnar myndi styrkjast þegar liði á árið 2008.

Þá telur nefndin að það hafi verið ámælisvert af sjóðunum að kaupa skuldabréf, í þeim mæli sem þeir gerðu, með veikum skilmálum um rekstrarforsendur fyrirtækjanna sem gáfu út bréfin. Þannig voru sjóðirnir algjörlega varnarlausir gagnvart eignaflutningi út úr útgáfufélögunum.

Nefndin gagnrýnir einnig kaup sjóðanna á eingreiðslubréfum (eða kúlubréf). Bendir hún á að fjöldi slíkra bréfa í eigu lífeyrissjóðanna hafi orðið verðlaus við fall bankanna án þess að ein króna höfuðstóls hafi fengist greidd. Í því samhengi varar nefndin við því að ákvarðanir um fjárfestingar séu teknar í trausti þess að um sé að ræða fjármálagerninga „sem allir kaupa."

Loks telur nefndin að lífeyrissjóðirnir hafi í of miklum mæli hætt sér út í óhefðbundnar fjárfestingar svo sem sérstakar tegundir skuldabréfa. Meðal slíkra fjárfestinga má nefna kaup á svonefndum lánshæfum skuldabréfum en það eru skuldabréf þar sem greiðslur eru tengdar skuldatryggingarálagi undirliggjandi fyrirtækis. Nefndin segir slíka fjárfestingu fela í sér veðmál um hvernig ákveðnum fyrirtækjum muni reiða af utan við skuldbindinguna sjálfa. Hæpið sé að lífeyrissjóðir eigi yfirhöfuð að fjárfesta í fjármálagerningum sem þessum. Að sama skapi gagnrýnir nefndin kaup á svokölluðum víkjandi langtímalánum sem íslensku bankarnir gáfu út í nokkrum mæli fyrir hrun. Slík lán víkja fyrir öllum skuldbindingum öðrum en hlutabréfum en hafa mun óvirkari eftirmarkað en hlutabréf og því getur reynst erfitt að losna við þau.

magnusl@frettabladid.is



**ÚTTEKTARNEFND LÍFEYRISSJÓÐANNA** Hrafn Bragason, Héðinn Eyjólfsson og Guðmundur Heiðar Frímannsson kynntu í gær skýrslu sína um fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegt umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Helstu tillögur úttektarnefndarinnar

Úttektarnefndin kynnir í skýrslu sinni ýmsar tillögur að breyttu laga- og starfsumhverfi sjóðanna. Meðal þeirra eru:

- Endurskoða þarf lífeyrissjóðalögin og -kerfið í heild sinni, ekki síst með tilliti til fjárfestingarheimilda og áhættu.
- Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum ættu að hámarki að sitja í tólf ár. Þá ættu þeir að þurfa að upplýsa um öll verðbréfaviðskipti sín. Loks ættu einn eða fleiri stjórnarmenn að vera kosnir beinni kosningu á ársfundi sjóðanna. Óeðlilegt er að eigendur sjóðanna eigi almennt ekki fulltrúa í stjórnum og hafi ekki aðkomu að því hverjir sitji þar.
- Koma ætti á fót starfi regluvarðar innan lífeyrissjóðanna. Sá fylgdist með verðbréfaeign og -viðskiptum starfsmanna og stjórnarmanna sjóðanna.
- Lífeyrissjóðirnir ættu að sjá til þess að samdar yrðu fyrir sig nokkrar grunngerðir skilmála og gátlista um hvað standa þurfi í skilmálum skuldabréfa sem sjóðirnir hyggjast kaupa.


Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

PHOTOSHOP EXPERT
- ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ -



Kennari námskeiðsins, Sigurður Jónsson, lærði ljósmyndun í School Of Visual Arts í New York og öðlaðist meistararéttindi í ljósmyndun árið 1989. Hann hefur haldið námskeið í stafrænni myndvinnslu fyrir ljósmyndarafélag Íslands, Listaháskóla Íslands, Margmiðlunarskólann, Iðnskólann í Reykjavík og í 6 ár hjá NTV.

PHOTOSHOP EXPERT
Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

FYRIR HVERJA?
Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI
Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

KENNSLUTILHÖGUN
Mánudaga og miðvikudaga 18-22.
byrjar 20. feb. og lýkur 21. mar.

ntv
NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




KYNNUM NÝJU LÍNU AF HEILSURÚMUM

Charlotte & Julien
Dream your world™

Frábær gæði og ótrúlegt verð!

## Stillanleg heilsurúm



**Stillanlegu** heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Skoðaðu möguleikana!

Verðdæmi án gafls

**2 x 90x200**
**kr. 569.000,-**

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR Original eða - Cloud heilsudýna.

Charlotte & Julien
Dream your world™

## Charlotte&Julien heilsurúm



Verð: Platinum heilsudýna, botn og lappir:

**120x200 - kr. 83.900,-**
**140x200 - kr. 109.900,-**
**160x200 - kr. 119.900,-**
**180x200 - kr. 134.900,-**

Gafl seldur sér.

Charlotte & Julien
Dream your world™

## Svefnsófar

189.900 tilboðsverð



**TORINO**
SVEFNSÓFI

199.900 tilboðsverð



**NAPOLI**
SVEFNSÓFI

betrabak.is

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hörð en uppbyggileg gagnrýni á lífeyrissjóðina:

## Peningar annarra

Skýrsla sjálfstæðrar úttektarnefndar um starfsemi lífeyrissjóðanna inniheldur harða gagnrýni á ótal þætti starfsemi sjóðanna fyrir hrun. Tap þeirra á fjárfestingum í íslenzku viðskiptalífi varð gríðarlegt og tjón sjóðfélaganna, almennings í landinu, að sama skapi mikið.

Svo virðist að stjórnendur margra stærstu lífeyrissjóðanna hafi ekki haft í huga ábyrgð sína sem vörzlumanna lífeyris vinnandi fólks og látið hrífast með í áhættusækninni, sem einkenndi íslenzkt fjármálakerfi og varð því loks að falli. Segja má að þeir hafi sér til afsökunar þá sameiginlegu firringu sem ríkti í samfélaginu á þessum tíma, en lærdómarnir sem draga má af margvíslegum mistökum eru augljóslega fjöldamargir. Gagnrýni úttektarnefndarinnar beinist ekki eingöngu að stjórnendum lífeyrissjóðanna, heldur einnig að stjórnvöldum, sem klúðruðu meðal annars lagarammanum, endurskoðendum sjóðanna og Fjármálaeftirlitinu, sem sýndi sjóðunum ónógt aðhald.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Kjarni málsins felst að sumu leyti í þeirri ráðleggingu úttektarnefndarinnar til Alþingis að endurskoða lögin um lífeyrissjóði með hagsmuni sjóðfélaganna í forgrunni. „Mikilvægi slíkra ákvæða felst í sífelldri áminningu til stjórnenda lífeyrissjóða og annarra um að sjóðirnir séu að fara með fé annarra sem treysta á að það verði þeim til reiðu í framtíðinni. Þetta fé er því ekki fallið til áhættufjárfestinga þótt á fjárfestingartímanum virðist sem ágóði rétthafanna geti orðið mikill ef vel tekst til.“

Í aðdraganda hruns virðast margir stjórnendur lífeyrissjóða hafa misst sjónar af þessu hlutverki sínu. Þeir fóru að líta á sig sem stóra kalla á markaðnum, í krafti peninga sjóðfélaga. Það hvernig stjórnir sjóðanna eru valdar, í huggulegu samkrulli verkalýðsforingja og atvinnurekenda, og nábýlið við lúxuslifnað bankamannanna, gerði lítið til að minna menn á ábyrgðina gagnvart sjóðfélögunum.

Þess vegna er það góð tillaga hjá úttektarnefndinni að einn eða fleiri stjórnarmenn í lífeyrissjóðum verði kosnir beinni kosningu af sjóðfélögum. Reynslan af því fyrirkomulagi verði svo metin eftir fimm ár. Sama má segja um að sá tími, sem menn geta setið í stjórn lífeyrissjóðs, verði takmarkaður og að siðareglur sem taka á meðal annars boðsferðum og gjöfum verði í reglubundinni endurskoðun til að „halda vitund starfsmanna og stjórnar vakandi um þær kröfur sem slíkar reglur gera til þeirra“. Staðreyndin er sú, eins og vakin er athygli á í skýrslunni, að fæstir lífeyrissjóðir höfðu slíkar siðareglur fyrir hrun en hafa nú flestir bætt úr því.

Víða í nágrannalöndum okkar eru lífeyrissjóðirnir virkir á aðalfundum stórra hlutafélaga og beita sér þar í þágu langtímahagsmuna eigenda sinna, sjóðfélaganna. Þeir gera þannig iðulega athugasemdir við of mikla áhættusækni eða ofurlaun stjórnenda, en lítið fór fyrir slíkri gagnrýni af hálfu lífeyrissjóðanna fyrir hrun. Úttektarnefndin leggur til að sjóðirnir marki sér stefnu, m.a. um skilyrði um stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem þeir fjárfesta í; „hvers konar hluthafi lífeyrissjóður eigi að vera“ svo vitnað sé í skýrsluna.

Á því er augljóslega ekki vanþörf. Flestir lífeyrissjóðirnir þurfa að verða öðruvísi fjárfestar en þeir voru fyrir hrun og leggja ríkari áherzlu á hlutverk stjórnendanna; að ávaxta annarra manna peninga með varfærnum og ábyrgum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




# SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Fóstbræðralag

Kópavogur hefur dregið að sér nokkra athygli vegna viðræðna um myndun nýs meirihluta í bæjarstjórn, en þó ekki sem skyldi. Ástæðan fyrir því að þær ættu að vekja meiri athygli er sú að þar birtist fyrirmynd að nýrri pólitískri stöðu á landsvísu. Pólitísk samvinna VG og Samfylkingarinnar sem sjálfstæðra flokka er að breytast í eins konar fóstbræðralag sem kemur fram sem ein heild.

Í tengslum við landsfundi stjórnarflokkanna í vetrarbyrjun lýstu formenn beggja yfir því að þeir stefndu að áframhaldandi samstarfi eftir næstu kosningar. Það sem meira var: Þeir töldu að eitt og það sama ætti yfir báða flokkana að ganga. Annað hvort yrðu þeir saman í ríkisstjórn eða saman í stjórnarandstöðu.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Segja má að breytingarnar á ríkisstjórninni um áramót hafi endurspeglað fyrstu verklegu framkvæmd þéttari samstöðu af þessu tagi. Þá sömdu flokksformennirnir um gagnkvæman ruðningsrétt. Hvor þeirra fékk að víkja þeim ráðherra úr röðum samstarfsflokksins sem honum var í mest í nöp við. Þetta er nýlunda.

Viðræðurnar um myndun meirihluta í Kópavogi eru annað dæmi um framkvæmd þessara áforma flokksformannanna. Í samræmi við viljayfirlýsingu þeirra ákváðu bæjarfulltrúar beggja að lúta sama lögmáli: Þeir yrðu saman í meirihluta eða minnihluta. Ekkert fengi klofið samstarf þeirra þannig að líta mætti á þá sem tvær sjálfstæðar heildir.

## Hamskipti

Landsdómsmálið er þriðja dæmið um að samstarf flokkanna er að breytast í fóstbræðralag. Þegar það mál kom fyrst til kasta Alþingis greiddi forsætisráðherra atkvæði gegn ákæru og sagði að málið væri með öllu óháð stjórnarsamstarfinu. Formaður Samfylkingarinnar snýr nú við blaðinu og gerir það að ríkisstjórnarmáli í samræmi við óskir VG.

Forsætisráðherra sagði þannig á nýafstöðnum flokksráðsfundi Samfylkingarinnar að það jafngilti því að setja fleyg í ríkisstjórnarsamstarfið að falla frá ákæru. Fyrir rúmu ári byggðist afstaðan á persónubundnu lögfræðilegu mati hvers þingmanns. Nú er fóstbræðralag stjórnarflokkanna í húfi. Þessi hamskipti bera órækt vitni um nýja vídd í samstarfi stjórnarflokkanna og þéttara bræðralag.

Fjórða fóstbræðralagsdæmið birtist í sameiginlegri grein formanna stjórnarflokkanna í þessu blaði í tilefni af þriggja ára afmæli stjórnarsamstarfsins. Þar segir það eitt um Evrópusambandsmálið að verið sé að kanna, að ósk Alþingis, kosti og galla aðildar. Í tilefni tímamótanna hefur formaður Samfylkingarinnar einfaldlega fallist á þá skoðun VG að samþykkt Alþingis um að sækja um aðild að Evrópusambandinu feli aðeins í sér könnun á kostum þess og göllum.

Fram til þessa hefur Samfylkingin talið það styrkja stöðu sína að hafa sérstöðu í þessu stóra máli. Nú hefur hún verið rækilega þynnt út með umtalsverðri pólitískri eftirgjöf. En á móti uppsker Samfylkingin traustara samstarf við VG. Þingmenn beggja flokkanna fá meira öryggi fyrir því að þeir séu í raun tilbúnir að deila örlögum saman í blíðu og stríðu innan sem utan stjórnar.

Þetta síðasta skref í samstarfi flokkanna í tilefni afmælisins ætti um leið að vera gleðiefni fyrir andstæðinga aðildarumsóknarinnar.

## Ekki er allt sem sýnist

Almennar stjórnmálafréttir gefa aðra mynd af stjórnarsamstarfinu. Þær snúast yfirleitt um hatrömm átök, togstreitu, brigslyrði og væringar. Ekkert bendir til að þar sé ofhermt. Hvernig getur sú mynd rímað við þá kenningu að hefðbundið ríkisstjórnarsamstarf tveggja sjálfstæðra flokka sé að breytast í fóstbræðralag?

Þegar betur er að gáð liggur skýringin í augum uppi. Afleiðingin af átökum Steingríms J. Sigfússonar við vinstrivæng Ögmundar Jónassonar hefur leitt til þess að formaðurinn hefur lagt ofurþunga á að draga Samfylkinguna lengra til vinstri. Jóhanna Sigurðardóttir hefur létt honum róðurinn með því að færa Samfylkinguna þangað. Vinstrivængurinn í Samfylkingunni hefur náð undirtökum í flokknum og frjálslyndum ráðherrum verið vikið til hliðar. Það hefur eðlilega orsakað ólgu.

Þessi bræðralagsþróun er því bæði afleiðing og orsök innbyrðis átaka. Þau hafa rýrt traust stjórnarflokkanna og forystumanna þeirra meðal almennings. En fóstbræðralagið er andsvar leiðtoganna. Pólitískt líf beggja er undir því komið að það haldi og svo virðist sem báðir hafi meirihlutastuðning innandyra til að dýpka samstarfið í þeim tilgangi.

Ekki er á vísan að róa með atfylgi kjósenda við þetta nýja fóstbræðralag en stjórnin gæti samt haldið velli eftir næstu kosningar með aðstoð Guðmundar Steingrímssonar og hugsanlega Framsóknarflokksins, þótt smáflokkaaðstoð hafi ekki nýst þeim til lengdar í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

# Stór
## kostlegur
# SPARK
## staðalbúnaður!




Mánaðargreiðsla*
**20.316** kr.
Spark L




Söluhæsti bíll til almennings 2011

**Hluti af staðalbúnaði Spark LS:** 1.2L / 81 hestafla vél • 14” álfelgur • 6 líknarbelgir • Loftkæling • Aksturstölva
Hiti í speglum • Öryggisnemar í aftursæti • Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn • Rafmagn í rúðum og speglum
Hljómflutningstæki með USB tengi • Aðgerðarstýri og margt, margt fleira • Sjá benni.is

**SPARK LS 1.2L/81 hö**
**bensín, bsk.**
**kr. 1.990 þús.**

**SPARK L 1.0L/68 hö**
**bensín, bsk.**
**kr. 1.790 þús.**




*Miðað við Gullvildarkjör Ergo á grænum óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 30% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.25%. **Bíll á mynd: Spark LS**

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
**SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA**
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

## Opið í dag frá kl. 12 til 16

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000
Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
FAGLEG OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
30 - 50% AFSLÁTTUR AF FLÍSUM
20% AFSLÁTTUR AF PARKETI
HEIMA HÚSIÐ
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET-FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 4242 www.heimahusid.is

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!

# 30 - 50% AFSLÁTTUR!




## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?










**30 - 50% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

Öndvegi mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# Spornum við útbreiðslu krabbameina

Heilbrigðismál
Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra

Alþjóðlegur dagur baráttu gegn krabbameinum er í dag, 4. febrúar, haldinn ár hvert samkvæmt ákvörðun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sú ákvörðun er ekki að ástæðulausu því krabbamein er eitt algengasta dánarmeinið í veröldinni og hefur verið áætlað að á árunum 2005-2015 felli það um 84 milljónir manna í valinn.

Sameinuðu þjóðirnar beina sjónum í vaxandi mæli að svokölluðum ósmitnæmum sjúkdómum sem vaxandi heilsufarsvanda vegna þess hve mjög þeir eru í sókn og herja á þjóðir heims eins og faraldur. Reykingar og önnur tóbaksnotkun á ríkan þátt í útbreiðslu þessara sjúkdóma en helstir þeirra eru hjarta- og æðasjúkdómar, lungna- og öndunarfærasjúkdómar og krabbamein. Á fundi Sameinuðu þjóðanna síðastliðið haust var samþykkt yfirlýsing um aðgerðir í baráttunni gegn langvinnum sjúkdómum sem felur í sér mikilvæga áminningu, aðvörun og leiðbeiningar til þjóða heims um að berjast gegn þessu risavaxna vandamáli.

### Árangursríkar forvarnir

Við eigum mörg vopn í baráttunni gegn krabbameinum og eigum að beita þeim öllum á markvissan hátt, því sókn er besta vörnin. Forvarnir skipta miklu máli sem sést gleggst á því hvað dregið hefur úr nýgengi lungnakrabbameins og dánartíðni lækkað samhliða hröðu undanhaldi reykinga. Lungnakrabbamein er annað algengasta krabbameinið hér á landi, bæði hjá konum og körlum en talið er að um 90% lungnakrabbameina megi rekja til reykinga.

Staðreyndirnar sýna svo ekki verður um villst að lungnakrabbamein hefur sterk tengsl við lífshætti fólks og einfaldasta og skilvirkasta vörnin gegn því er að nota ekki tóbak.

Sortuæxli er annað krabbamein sem hefur sterk tengsl við lífsstíl og sótti mjög á þegar ljósabekkjanotkun varð snar þáttur í lífi margra landsmanna á síðustu áratugum liðinnar aldar. Árið 2004 var ráðist í átakið Hættan er ljós en þá voru sortuæxli algengasta krabbameinið hjá ungum konum og næstalgengast hjá ungum karlmönnum. Fræðsla og aukin vitund fólks um skaðsemi ljósabekkja hefur skilað árangri og eins má geta þess að árið 2010 var lagt bann við notkun þeirra fyrir börn yngri en 18 ára. Nýjustu tölur úr Krabbameinsskrá sýna að verulega hefur dregið úr nýgengi sortuæxlis og er það rakið til minni notkunar ljósabekkja og ábyrgari hegðunar fólks í sólinni.

### Bólusetning gegn leghálskrabbameini

Síðastliðið haust hófust bólusetningar stúlkna gegn HPV veirunni sem getur valdið leghálskrabbameini og verða 12 ára stúlkur framvegis bólusettar árlega. Talið er að með almennri bólusetningu megi koma í veg fyrir um 60-70% leghálskrabbameins og um 40% alvarlegra forstigsbreytinga þess. Ávinningurinn er mikill þótt hann komi ekki strax í ljós þar sem leghálskrabbamein myndast um 20-30 árum eftir HPV sýkingu. Því er mikilvægt að konur fylgi áfram þeim tilmælum sem nú eru í gildi um krabbameinsleit og mæti til skoðunar hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands sem konur eru boðaðar í reglulega. Þar fer einnig fram skimun fyrir brjóstakrabbameini sem er ekki síður mikilvægur þáttur þjónustunnar sem Krabbameinsfélagið veitir og konur eru hvattar til að nýta sér.

> Við eigum mörg vopn í baráttunni gegn krabbameinum og eigum að beita þeim öllum á markvissan hátt, því sókn er besta vörnin. Forvarnir skipta miklu máli...

### Framfarir í krabbameinslækningum

Almennt gildir um krabbamein að því fyrr sem meinið finnst þeim mun betri eru batahorfur fólks. Miklar framfarir hafa orðið í krabbameinslækningum á liðnum árum og áratugum og sífellt vinnast nýir sigrar á því sviði. Hér á landi stöndum við vel að vígi, árangur í krabbameinslækningum er almennt mjög góður í samanburði við aðrar þjóðir, þökk sé traustu heilbrigðiskerfi og framúrskarandi fagfólki sem vinnur störf sín af metnaði og einbeittum vilja til þess að gera sífellt betur.

Í liðinni viku urðu þau tímamót á Landspítala að þar var framkvæmd í fyrsta skipti hér á landi aðgerð vegna meðferðar við blöðruhálskirtilskrabbameini með svokallaðri innri geislun. Hingað til hefur þurft að senda sjúklinga til Svíþjóðar í slíka meðferð og það er því afar kærkomið að nú sé hægt að sinna þeim hópi sjúklinga sem í hlut eiga hér heima.

### Alþjóðlegur samanburður

Nýjasta skýrsla OECD um heilbrigðismál, OECD Health at a Glance, sýnir að Ísland stendur á flestum sviðum vel í samanburði við þau 34 lönd sem aðild eiga að stofnuninni. Þetta á ekki síst við um forvarnir og meðferð vegna krabbameina þar sem við erum í fremstu röð. Við getum verið stolt af þeim árangri en þurfum áfram að vaka á verðinum og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að sporna við útbreiðslu krabbameina með því að sækja fram ótrauð.

## AF NETINU

### Ósnortin náttúra

Ég hef áður margsagt frá því hvernig ferðaþjónustan í Lapplandi hefur markaðssett Lappland þannig að þangað, í lengri ferð en til Íslands, koma fleiri að vetrarlagi en allt árið til Íslands, til að upplifa kulda, þögn, myrkur og ósnortna náttúru.

Þetta virðast vera þyrnar í augum margra, svo sem þess manns sem skrifar jafnvel greinar í tvö dagblöð á sama deginum til að boða það að það þurfi virkjanir sem eyða kulda, rjúfa þögn, kveikja rafljós og eyðileggja ósnortna náttúru til þess að fá ferðamenn til Íslands.

http://omarragnarsson.blog.is
**Ómar Ragnarsson**

### Glæframenn borgi glæfra

Rökrétt afgreiðsla ábyrgða á rekstraröryggi banka er, að þeir myndi með sér ábyrgðarsjóð. Leggi í hann hluta af veltu sinni. Eftir því sem sjóðurinn stækkar eykst geta hans til að fjármagna nýtt óðagot og bankahrun. Ekkert náttúrulögmál segir að ríkið eigi neitt að koma þar að máli. Af hverju ættu skattgreiðendur að borga tap af bönkum, en bankaeigendur að hirða gróða? Við höfum fengið upp í kok af slíkri hagfræði. Fjárglæframenn eiga sjálfir að borga sína glæfra. Ríkisrekstur á tapi er bara enn ein birtingarmynd þess pilsfaldakapítalisma, sem peningavaldið hefur löngum troðið upp á þjóðina.

http://jonas.is/
**Jónas Kristjánsson**




# Perlu í Perluna

Menning

Hjörleifur Stefánsson
arkitekt



Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir
sýningahönnuður



Þegar Perlan var byggð efst á Öskjuhlíðinni um 1990 voru aðrir tímar. Hitaveitan var ekki orðin að Orkuveitu og stundaði ekki rækjueldi.

Hugmyndin um Perluna var orðin hálfrar aldar gömul þegar henni var hrint í framkvæmd. Einhverjum snillingi, sumir segja að það hafi verið Jóhannes Kjarval, datt í hug að það gæti verið flott að hafa hálfkúlulaga veitingahús ofan á hitaveitutönkum á toppi Öskjuhlíðar. Stjórnendur borgarinnar féllu fyrir hugmyndinni fimmtíu árum seinna þegar vel stóð á fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

Perlan reis og strax kom í ljós að Kjarval hafði rétt fyrir sér, hún varð flott, varð strax kennileiti í Reykjavík og fékk táknrænt hlutverk. Hún varð myndbirting velmegunar þessarar sérstöku borgar sem hituð er með vatni úr iðrum jarðar og þar sem útsýnið er meira og víðara en gengur og gerist í höfuðborgum heimsins. En sá galli var hins vegar á að hana skorti hagnýtt hlutverk eins og yfirleitt er þó meginréttlæting allra húsa.

Almenningur tók Perlunni yfirleitt vel en þó var eins og ekki væri hægt að tala mikið um hana. Þetta var svo skrítið allt saman. Eitthvert stærsta og glæsilegasta hús sem byggt hafði verið á Íslandi, hönnunar- og tæknilega framúrstefnulegt og fullkomið en án sýnilegs tilgangs.

Í rúma tvo áratugi hefur Perlan gegnt þessu táknræna hlutverki sínu sem kennileiti og þangað er stöðugur straumur ferðamanna vegna þess að hún er einn besti útsýnisstaður í Reykjavík, vel staðsett í miðju útivistarsvæði Öskjuhlíðarinnar með næg bílastæði.

Nú er hins vegar verið að ráðslaga um að selja einkafyrirtæki þessa sameign okkar því að slæm fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur leyfir ekki þennan leikaraskap lengur. Þrátt fyrir að samfélag okkar hafi tekið stakkaskiptum að mörgu leyti er ekki auðsætt að okkur farnist betur nú við ráðstafanir á því sem við eigum sameiginlegt.

Fyrir hrunið trúðu stjórnvöld því að betra væri fyrir samfélagið að færa einkaaðilum sem flest sameiginleg mannvirki, selja þau jafnvel þótt það væri fyrir lágt verð, og leigja þau síðan aftur til þeirra nota sem þau voru reist fyrir. Síðar hefur komið í ljós hversu misráðið þetta var. Þetta var allt saman hluti af leikfléttu sem hafði það að markmiði að falsa bókhald og láta líta út fyrir að fjárhagur viðkomandi væri betri en hann var. Eitt versta dæmið af þessu tagi er þegar Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, glæsileg bygging með táknrænt gild, var seld.

### Aftur til Perlunnar

Það er óráð að selja Perluna. Hún er hús af því tagi sem á að vera samfélagsleg eign. Hús sem er orðið táknmynd fyrir einu höfuðborg heims sem eingöngu er hituð með heitu vatni úr iðrum jarðar. Það er hins vegar líka óráð að hafa ekki meiri not af henni en verið hefur en okkur ætti ekki að verða skotaskuld úr því að bæta úr því.

> Perlan getur orðið skel utan um þá perlu sem sýning um náttúru Íslands á að vera.

Við búum í landi sem hefur sérstaka náttúru og menning okkar öll og sjálfsmynd þjóðarinnar tengist náttúru þess mjög sterkum böndum. En við höfum því miður vanrækt að koma upp góðri sýningu um íslenska náttúru og Náttúruminjasafn Íslands, sem lögum samkvæmt ber þetta hlutverk, er á algerum hrakhólum. Þetta er í raun og veru stórfurðulegt. Á undanförnum áratugum hefur samfélag okkar byggt verslunarmiðstöðvar, samgöngumannvirki og margvíslegar hallir en hefur ekki enn séð ástæðu til að koma sér upp safni og heildstæðri sýningu um þá náttúru sem menning okkar er sprottin af.

Þetta er ekki boðlegt.

En nú er lag og við getum enn stigið merkilegt skref til framtíðar og sannað fyrir sjálfum okkur og öðrum að við erum ekki þeir afglapar að afhenda einkaaðilum Perluna og gjaldfella hana þar með sem kennileiti og tákn.

Hugsið ykkur hve merkilegur staður Perlan er fyrir sýningu um náttúru Íslands. Þarna er risastór sýningarhöll sem hituð er með orku úr iðrum jarðar. Þarna er fagurt útsýni til fjallahringsins þar sem sjá má jökla og eldfjöll. Þetta getur ekki orðið betra. Perlan er nú þegar fjölsóttur ferðamannastaður og nútímaleg náttúruminjasýning í henni myndi á augabragði slá í gegn. Öll skólabörn landsins myndu skoða hana og nánast allir ferðamenn sem til borgarinnar koma.

Sýningunni má koma upp á löngum tíma. Það þarf ekki að byrja á að ausa í hana fjármunum á stundinni heldur fara hægt af stað, tjalda því sem til er af náttúruminjum og munum og nýta einfalda en áhrifamikla nútímatækni.

Vinsamlega hættið strax öllum samningaumleitunum um sölu á Perlunni og gangið frá samkomulagi um að gera hana að heimili Náttúruminjasafns Íslands. Perlan getur orðið skel utan um þá perlu sem sýning um náttúru Íslands á að vera.

*Sá nánar á Vísir.is*

## AF NETINU

### Hagsmunaárekstrar

Lyfsölulög setja skorður við því að læknar eigi í lyfjafyrirtækjum eða stundi lyfjainnflutning. Sama ætti auðvitað að eiga við um annað það sem læknar koma fyrir í líkama sjúklinga sinna eða fá þá til að nota, hvort sem það eru sílíkonpúðar, mjaðmarliðir eða hjálpartæki.

Mál þetta sannar að ekki er seinna vænna að setja skýr lög um þetta efni, til að forðast hagsmunaárekstra af því tagi sem við höfum nú séð í sílíkonpúðamálinu.

Að auki þarf að skerpa verulega á eftirliti með heilbrigðisþjónustu – ekki síst þeirri einkareknu.

http://blogg.smugan.is
**Ólína Þorvarðardóttir**

### Hverjum stríddi Össur?

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, sagði á Alþingi í morgun, að ríkisstjórninni hefði tekizt að koma einkaneyzlunni af stað og kreppunni væri lokið, þremur árum eftir að ríkisstjórnin tók við völdum.

Honum getur ekki verið alvara. Sennilega hefur Össur verið með einhverja stríðni, þótt það sé að vísu ekki við hæfi að hafa uppi stríðni um viðkvæm og alvarleg mál.

Kreppunni er að sjálfsögðu ekki lokið. Kannski hefur hún aldrei sótt hart að utanríkisráðuneytinu enda hefur því verið hlíft við þeim niðurskurði, sem þar hefði átt að fara fram. En kreppan er raunveruleiki í daglegu lífi langflestra Íslendinga.

http://www.evropuvaktin.is
**Styrmir Gunnarsson**





**KLIKKAÐUR** Jóhannes Haukur Jóhannesson, vinur Þorvaldar Davíðs, sem einnig leikur í Svartur á leik, æfði stíft og bætti á sig miklum vöðvum fyrir sitt hlutverk. „Ég þurfti hins vegar að grenna mig,“ segir Þorvaldur Davíð. „Það var sameiginleg ákvörðun mín og leikstjórans að hafa Stebba mjóan og dálítið klikkaðan.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stakk sér ofan í undirheimana

**Þorvaldur Davíð Kristjánsson** leikur Stebba „psycho“, sitt fyrsta aðalhlutverk í bíó, í myndinni Svartur á leik sem frumsýnd er í byrjun næsta mánaðar. Leikarinn býr í Los Angeles en hitti ***Kjartan Guðmundsson*** í stuttum skreppitúr til Íslands í vikunni.

Ég hef verið á milljón síðan ég kom, í ýmsu stússi fyrir myndina og svo er ég líka að skoða önnur verkefni fyrir árið. Á þeim vígstöðvum er ýmislegt á seyði en ekkert þó svo fast í hendi að ég geti greint frá því. Reyndar hef ég ekki tölu á því hversu oft ég hef flogið fram og til baka í vetur og gæti best trúað því að svona verði það næstu árin. Þetta er ansi mikið flakk,“ segir leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson þegar hann sest niður með blaðamanni á Kaffivagninum í örstuttu stoppi hér á landi.

Þorvaldur býr í Los Angeles á vesturströnd Bandaríkjanna en hyggst heimsækja Ísland aftur í lok mánaðarins vegna frumsýningar kvikmyndarinnar Svartur á leik í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar. Þorvaldur fer með sitt fyrsta aðalhlutverk í myndinni og er að vonum spenntur fyrir útkomunni.

**Fór á rúntinn í dóp-partí**

Svartur á leik er byggð á samnefndri skáldsögu Stefáns Mána frá árinu 2004 og fjallar um átök í undirheimum Reykjavíkur, sem er ekki lengur lítil, saklaus borg, í kringum aldamótin síðustu. Þorvaldur fer með hlutverk ungs manns að vestan, Stefáns Kormáks Jónssonar (nafn sem myndi hæfa presti í Kollafjarðarnesi, eins og Þorvaldur Davíð kemst að orði) sem ávinnur sér gælunafnið Stebbi „psycho“ eftir því sem á líður söguþráðinn. Stebbi flytur í bæinn, gengur illa í Iðnskólanum og flækist inn í heim glæpa og eiturlyfja.

*Þetta eru þá væntanlega dekkstu hliðar Reykjavíkur sem kafað er ofan í?*

„Já. Í raun fjallar myndin öðrum þræði um þróun íslensks glæpaheims, hversu mikil harka hljóp í hann á þessum tíma í kringum aldamótin, og þessi heimur verður sífellt hrottalegri. Persónan sem ég leik, Stebbi „psycho“, hittir gamlan kunningja sinn frá sveitaplássinu fyrir vestan, Tóta, og biður hann um að gera sér greiða. Tóti er sjóaður í bransanum og þegar fólk er byrjað að þiggja greiða í þessum heimi er erfitt að komast út úr þeim vítahring. Stebba finnst þetta spennandi til að byrja með en eftir því sem hann sekkur dýpra og grefur upp meiri skít líður honum verr og ver og fer nánast niður til helvítis. Samt á hann erfitt með að losa sig. Þannig er nú fíknin.“

*Hvernig undirbjóstu þig fyrir hlutverkið?*

„Ég lagðist í meðvitaða rannsóknarvinnu, fór meðal annars á rúntinn með eiturlyfjasölum og í nokkur dóp-partí. Ísland er svo lítið land og einhver þekkir alltaf einhvern. Það þurfti bara nokkur símtöl til og ég var kannski kominn í partí á þriðjudagskvöldi þar sem flestir voru í neyslu. Í þessum heimi er keyrsla allan sólarhringinn og engu skiptir hvaða dagur er. Þetta var vissulega skrýtið að ganga í gegnum þessa reynslu. Dapurlegast þótti mér að horfa í augun á mörgum og merkja falinn harm sem leynist í þeim. Flestir sem eru í neyslu vilja komast út úr henni en vita ekki hvernig þeir eiga að fara að því. Þegar ég bý til karakter í samvinnu við leikstjórann reyni ég að skilja hvernig sá karakter hugsar, stúdera muninn á samfélaginu nú og þá og reyni að skilja neysluna, hvernig líkaminn bregst við ákveðnum fíkniefnum. Ég vinn dálítið eins og rannsóknarlögreglumaður. Leita að vísbendingum og einhvers konar svari, sem þó er aldrei fullmótað því manneskjan er svo margbreytileg.“

**Raunveruleg mynd af Reykjavík**

*Undirheimarnir eru fullir af ofbeldi, eins og þú bendir á, og myndin væntanlega líka. Mun Svartur á leik hneyksla áhorfendur?*

„Myndin gæti eflaust hneykslað ákveðinn aldurshóp. En best gæti ég trúað að fólk verði fyrst og fremst sjokkerað að sjá að svona er raunveruleikinn. Mörg af atvikunum í myndinni eru byggð á sönnum atburðum og eru því raunveruleg.“

*Mæddi mikið á þér í þínu fyrsta aðalhlutverki við upptökur á myndinni?*

„Já, því ég leik aðalsöguhetjuna, sögumanninn, og kem fyrir í næstum hverju einasta atriði í myndinni. Ég var alltaf á staðnum og þetta voru langir vinnudagar. Sumir halda að það sé eintómur glamúr að leika í bíómynd, en það er lítill glamúr í því að bíða blautur í kaldri rútu í Hvalfirði um miðja nótt eða láta berja sig í snjónum. Að því sögðu var þetta auðvitað yndisleg reynsla og algjör forréttindi að taka þátt í gerð myndarinnar.“

*„Reyndu upptökurnar á þig líkamlega?“*

„Slagsmálaatriði og kynlífssenur reyna á mann bæði líkamlega og andlega. Þessi mynd er í raun eitt stórt adrenalínrúss og tók virkilega á. Ég fann ekki fyrir miklu stressi, en þjáðist af svefnleysi og á tímabili var ég kominn með álagsbólur á vangana. Bólurnar sjást í myndinni og ég er enn að berjast fyrir því að þær verði teknar fram í kreditlistanum í lok myndarinnar. Það getur líka vel verið að öll þessi neikvæða orka í kringum þennan heim sem ég setti mig inn í hafi haft sitt að segja. Ég trúi á samband líkama og sálar, þótt ég sé alls enginn spíritisti.“

> Það þurfti bara nokkur símtöl til og ég var kannski kominn í partí á þriðjudagskvöldi þar sem flestir voru í neyslu.

**Áhugamálin setið á hakanum**

Síðustu fjögur árin hefur Þorvaldur stundað leiklistarnám í hinum virta Juilliard-listaháskóla í New York, en hann útskrifaðist úr skólanum í vor.

*Hvernig er svo tilfinningin að vera útskrifaður leikari?*

„Hún er góð. Ég hef auðvitað leikið á sviði frá því ég var tólf ára patti, en það var mikill léttir að útskrifast því þetta var að vissu leyti erfitt nám. Frábært nám og gagnlegt, en gerði það að verkum að ég hafði lítið svigrúm til að láta hugann reika og öll áhugamál sátu á hakanum. Það tók líka dálítið á að vera útlendingur og leika á öðru tungumáli en ég er vanur. Í raun og veru er ég fyrst að ná áttum núna eftir þetta allt saman.“

*Þú segir áhugamálin hafa setið á hakanum, hafðirðu þá engan tíma til að spila fótbolta?*

„Nei, ekki enn þá en núna er ég að leita mér að fótboltahópi í Los Angeles til að spila með. Ég var mikið í fótbolta fram að fimmtán ára aldri eða svo og var nokkuð góður, spilaði með fantagóðu liði Þróttar, varð Íslandsmeistari í 6. flokki og nokkrum sinnum Reykjavíkurmeistari. En ég var alltaf frekar lítill, dálítið tilfinninganæmur listamaður líklega, og held ég hafi valið rétt þegar ég valdi leiklistina fram yfir boltann. Fótboltinn fer þó aldrei úr mér og mér finnst rosalega gaman að spila hann.“

*Í náminu fæddist þó annað áhugamál hjá þér, tónlistin, sem varð til þess að þú hefur gefið út nokkur lög?*

„Já, ég byrjaði að læra á gítar til að bæta samhæfinguna, að gera nokkra hluti í einu eins og að syngja og spila, gagngert til að verða betri leikari. Svo fór ég að semja lög [lagið Sumarsaga sem Þorvaldur Davíð samdi ásamt æskuvini sínum, grínistanum og rithöfundinum Sólmundi Hólm, náði nokkrum vinsældum sumarið 2009] og geri enn. Einhvern tíma geri ég plötu, en fyrst og fremst er tónlistin áhugamál hjá mér. Ég hlusta á flestar tegundir af tónlist og læt skapið ráða för. Þegar ég fer út að skokka hef ég Metallica í botni, Chopin hlusta ég á meðan ég læri, Stevie Wonder þegar ég er að koma mér í gírinn og svo framvegis.“

**Best að leika á íslensku**

Eins og áður sagði flutti Þorvaldur Davíð frá New York til Los Angeles ásamt Hrafntinnu Karlsdóttur unnustu sinni og hefur parið nýlega komið sér fyrir í íbúð í austurhluta Hollywood Hills-hverfisins. Leikarinn er þar með samning við umboðsskrifstofu og segist hafa í hyggju að einbeita sér fyrst og fremst að kvikmyndaleik á næstunni, þótt hann sé reiðubúinn að skoða verkefni hvar og hvernig sem þau bjóðast.

„Skemmtilegast finnst mér þó að leika á íslensku, því tungumálið er í mér. Ég kann mjög vel við mig í Los Angeles og borgin er skemmtilegri en ég þorði að vona. Í New York labbaði maður um allt en í Los Angeles er maður alltaf að krúsa um með K-EARTH 101 í útvarpinu og njóta sín í sólinni. Kærastan mín er mikil félagsvera og við erum aðeins farin að kynnast fólki, ætlum til dæmis að mæta á þorrablótið sem verður haldið í byrjun mars. Ég get vel hugsað mér að búa í Los Angeles næstu árin, en við sjáum hvað setur.“

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

**SAMSUNG** hlaut fjögur **EISA VERÐLAUN 2011-2012** fyrir framúrskarandi framleiðslu.
Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir ***þetta sjónvarp***:

***SAMSUNG 6500*** ... OG TITILINN:

## „BESTU SJÓNVARPSKAUP ÁRSINS 2012“






SAMSUNG
SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:
*32"*
*37"*
*40"*
*46"*
*55"*
*60"*

## SAMSUNG SJÓNVARP

## LED • 3D • SMART TV

| | |
|---|---|
| Clear Motion Rate: | 400 Hz |
| Upplausn: | 1920 x 1080p FULL HD |
| Skjár: | Ultra Clear |
| Skerpa: | Mega |
| AllShare: | Auðveld samskipti Samsung tækja |
| USB: | Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist |
| Upptökumöguleiki: | Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk |
| Netvafri: | Já |
| Social TV: | Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl. |
| Sjónvarpsmóttakari: | Digital, Analog og gervihnatta |
| Tengingar: | 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól |

Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)




- Smart Hub – Hægt að hlaða niður fjölda forrita í tækið
- Web Browser – Netvafri með minni – t.d. fyrir www.samsungsetrid.is
- Your Video – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- Search All – Leitar á Veraldar-vefnum og öðrum tækjum að því, sem þú villt finna
- Social TV – Í tækinu er Facebok, Twitter, Talk o.m.fl.
- Skype – Hægt að fara á Skype og einnig tengja Skype myndavél
- allshare – Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi
- Full HD 1080p – Full HD
- 3D Auto Contrast – Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd
- Ultra Clear Panel – „Ultra Clear“ skjár
- Movie – Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil
- Digital Noise Filter – Lagar lélega útsendingu eins og hægt er
- Anynet+ HDMI-CEC – Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
- Clear Motion Rate 400Hz – CMR 400 – þ.e. hreinsar skjáinn 400 sinnum á sek.
- HDMI – HDMI 1,4 gagnvirk tengi
- 3D Sound – Hljóðkerfi í þrívídd
- Wide Color Enhancer Plus – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- 2D-3D – Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

## SAMSUNG SMART TV
### veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

**SAMSUNG færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV**

**Smart TV** færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

**SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri* !**

***Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!***

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA


HVÍTA HÚSIÐ /SÍA – 12-0257
KIA fjölskyldan
Kia Sorento 2.2 EX Classic
sjálfskiptur, dísil 197 hö.
meðaleyðsla 7,4 l/100 km
$CO_2$ 194 g/km
(fáanlegur 7 manna)
Verð 7.297.777 kr.
SORENTO
SPORTAGE
Kia Sportage 1.7 EX 2WD
beinskiptur, dísil 115 hö.
meðaleyðsla 5,5 l/100 km
$CO_2$ 139 g/km
Verð 4.777.777 kr.
Kia Sportage 2.0 EX 4WD
sjálfskiptur, dísil 136 hö.
meðaleyðsla 6,9 l/100 km
$CO_2$ 179 g/km
Verð 6.197.777 kr.
Kíktu við í Öskju að Krókhálsi 11 og reynsluaktu glæsilegum bílum
frá KIA sem standast kröfur nútímans. Við tökum vel á móti þér.
Opið í dag kl. 12-16
ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook

# sýnir sig

7 ÁRA KIA ÁBYRGÐ

**7 ára ábyrgð**
á öllum nýjum KIA bílum

KIA fjölskyldan er í stórsókn á Íslandi og er önnur söluhæsta bílategundin á þessu ári. Nútíma tækni og hönnun hefur ekki einungis skilað glæsilegum gæðabílum, heldur eru þeir einstaklega sparneytnir. Allir nýjir bílar frá Kia eru með sjö ára ábyrgð.

**Kia fjölskyldan fer í sparifötin í dag og heldur stórsýningu að Krókhálsi 11. Komdu og kynnstu þessari fjölskrúðugu og litríku fjölskyldu - það er aldrei að vita nema einhver meðlima hennar smellpassi við þína fjölskyldu.**

Nokkrir Kia cee'd á sértilboði!

Einn sparneytnasti bíll í heimi




**Kia cee'd 1.6 LX Sporty Wagon**
beinskiptur, dísil 115 hö.
meðaleyðsla **4,5** l/100 km
$CO_2$ 122 g/km
**Verð 3.497.777 kr.**

**Kia cee'd 1.6 LX**
beinskiptur, dísil 115 hö.
meðaleyðsla **4,4** l/100 km
$CO_2$ 118 g/km
**Verð 3.097.777 kr.**

**NÝR Kia Rio 1.1 LX**
beinskiptur, dísil 75 hö.
meðaleyðsla **3,2** l/100 km
$CO_2$ 85 g/km
**Verð 2.497.777 kr.**

Sýndir bílar eru með mismunandi aukabúnaði



**Nýr Kia Picanto 1.0 LX**
beinskiptur, bensín 68 hö.
meðaleyðsla **4,2** l/100 km
$CO_2$ 99 g/km
**Verð 1.997.777 kr.**

KIA

www.kia.is

# Utangarðs í ríki risanna tveggja

**Forsetakosningar** fara fram í Bandaríkjunum í haust þar sem nær fullvíst er að sigurvegari komi annað hvort úr hópi repúblikana eða demókrata. Aðrir hópar hafa farið halloka í bandarískum stjórnmálum í rúm 150 ár og fátt bendir til þess að breyting verði á í bráð. *Þorgils Jónsson* kynnti sér tilurð og þróun bandaríska flokkakerfisins og stöðu hinna svokölluðu þriðju flokka.

Forsetakosningar í Bandaríkjunum fara fram næstkomandi haust þar sem demókratinn Barack Obama sækist eftir endurkjöri, en repúblikanar hafa borist, og berast enn, á banaspjótum í forvali flokksins. Ekkert bendir til annars en að sigurvegarinn muni koma úr röðum annars hinna stóru flokka sem hafa borið ægishjálm yfir bandarískum stjórnmálum allt frá miðri nítjándu öldinni.

Að grunni til er fjölflokkakerfi við lýði í Bandaríkjunum. Ýmsir kerfisbundnir þættir hafa hins vegar orðið til þess að stóru flokkarnir tveir hafa náð eins miklum yfirburðum og raun ber vitni. Orsakir þess hve erfitt hefur verið uppdráttar fyrir „þriðju flokkana“ svokölluðu má rekja allt aftur til lýðveldisstofnunar.



**TVEGGJA FLOKKA EINRÆÐI** Repúblikanar og demókratar hafa haft algera stjórn á bandarískum stjórnmálum í meira en eina og hálfa öld. Asninn er einkennisdýr demókrata og fíllinn er einkennisdýr repúblikana. NORDICPHOTOS/AFP

### Upphaf flokkakerfisins

Landsfeður Bandaríkjanna sáu ekki fyrir sér, þegar stjórnarskráin var rituð á níunda áratug 18. aldar, að hlutverk stjórnmálaflokka við stjórnun landsins yrði eins víðtækt og raunin varð. Flestir forystumenn landsins komu einmitt úr röðum þessa frumkvöðla á fyrstu árunum og áratugunum eftir að sjálfstæðið var í höfn. Þó var tekist á um hvernig stjórn landsins skyldi háttað, það er hvort miðstýrð alríkisstjórn ætti að vera miðpunktur stjórnkerfisins eða ekki. Í kringum þá grundvallarspurningu mynduðust svo fyrstu flokkarnir.

Eftir því sem á leið 19. öldina skiptust Demókratar og Viggar (Whigs) á forsetastólnum, en Viggar liðu undir lok um miðja öldina og Repúblikanar tóku þeirra sess sem hinn stóri flokkurinn.

Þessi skipan mála hefur haldist alla tíð síðan og hafa flokkarnir haldið meirihluta í báðum deildum þingsins og af 30 forsetum frá árinu 1853 hafa 18 verið úr röðum repúblikana og 12 demókratar.

### Kerfið hyglir þeim stóru

Í flestum kosningum í Bandaríkjunum er kosið í einmenningskjördæmum, þar sem stjórnmálafræðin segir flest vinna með fárra flokka kerfi. Vel þekktar kenningar félagsfræðingsins Maurice Duverger segja að mjög líklegt sé að tveggja flokka kerfi þróist út frá þess háttar kosningakerfi. Litlar líkur eru á að litlir flokkar komist að og þess vegna velja kjósendur frekar þann hinn stærri og sigurstranglegri flokka sem stendur þeim næst í stað þess að „kasta atkvæði sínu á glæ“ í stuðningi við önnur framboð.

Þetta hefur auk þess þau áhrif að flokkarnir þróast út í það að vera afar víðtækir og hvor þeirra hýsir fólk með ákaflega mismunandi skoðanir. Innan Repúblikanaflokksins eru til dæmis allt frá harðasta íhaldsfólki í samfélagslegum efnum líkt og málefnum tengdum samkynhneigðum og getnaðarvörnum, svo fátt eitt sé nefnt, yfir í hreintrúað frjálshyggjufólk sem telur að ríkið eigi ekkert með að vasast í málefnum borgaranna og eru margir þar í hópi til dæmis hlynntir lögleiðingu eiturlyfja sem íhaldsmenn mega ekki heyra minnst á.

Innan Demókrataflokksins er svo vissulega íhaldssamur armur og fólk sem þykir hallt undir beitingu hervalds, í bland við fólk sem er mjög langt til vinstri í samfélagsmálum og telur að hlutverk stjórnvalda ætti að vera umfangsmeira og víðfeðmara, meðal annars með öflugra velferðarkerfi.

Af þessu hlýst ákveðið tregðulögmál sem torveldar framgang annarra en repúblikana og demókrata og sér ekki fyrir endann á því.

### Utangarðs en ekki áhrifalausir

Jafnvel þó að frambjóðendur utan stóru flokkanna hafi sjaldnast sigrað í kosningum er ekki hægt að segja að þeir hafi ekki haft áhrif á úrslit.

Eins og fram kemur annars staðar á þessari síðu varð klofningsframboð repúblikans Teddys Roosevelts árið 1912 til þess að tryggja demókratanum Woodrow Wilson sigur í kosningunum. Þá gæti fylgi Ross Perots árið 1992 hafa valdið því að George Bush eldri náði ekki endurkjöri og margir voru á því að framboð neytendafrömuðarins Ralphs Nader hafi riðið baggamuninn í hinu sögufræga kjöri árið 2000 þegar George Bush yngri sigraði Al Gore. Þess háttar söguskoðun er einmitt til þess fallin að styrkja goðsögnina um að atkvæði greidd öðrum flokkum falli dauð og séu frekar vatn á myllu þeirra sem fjærst standa viðkomandi kjósanda.

Á seinni hluta 20. aldar jókst fylgið við frambjóðendur utan stóru flokkanna. Milli 1936 og 1964 var meðalfylgi „þriðju framboðanna“ aðeins um 1,5% en frá 1968 til 1996 var meðalfylgið 7,5%.

### Geta sett strik í reikning risanna

Máttur þessa rótgróna kerfis sést einna best á því að það heldur velli þrátt fyrir að flestir almennir kjósendur séu þeirrar skoðunar að breytinga sé þörf.

Kannanir sem gerðar hafa verið síðustu misseri sýna svo að ekki verður um villst að fólk treystir stóru flokkunum síður og rúmur helmingur kjósenda, í báðum stóru flokkunum, er á þeirri skoðun að þörf sé fyrir þriðja valkostinn á bandaríska stjórnmálasviðinu.

Það hefur þó ekki orðið til þess að efla veg annarra flokka eða óháðra frambjóðenda. Til dæmis eru allir 435 þingmenn í fulltrúadeild þingsins innan vébanda Demókrataflokksins eða Repúblikanaflokksins og aðeins tveir af 100 öldungadeildarþingmönnum eru óháðir, en eru þó báðir í bandalagi með demókrötum.

### Fyrirsjáanleg framtíð

Ekki er heldur mikilla tíðinda að vænta í kosningunum í haust þar sem enginn málsmetandi frambjóðandi hefur gert sig líklegan hingað til. Helstan má nefna Gary Johnson, fyrrum ríkisstjóra Nýju Mexíkó, sem sækist eftir að leiða Frjálshyggjuflokkinn, Libertarian Party. Hann réri að því í fyrra að ná útnefningu repúblikana, en náði ekki hylli flokksmanna og skipti því um flokk.

Þrátt fyrir óánægju almennings með ríkjandi ástand er erfitt að sjá fyrir stórkostlegar breytingar í nánustu framtíð. Fyrir utan hina kerfisbundnu þætti sem þegar hafa verið reifaðir, er fullkomlega ljóst að velgengni í bandarískum stjórnmálum er háð skipulagningu á mannafla, sem stóru flokkarnir hafa umfram alla aðra, og síðast en ekki síst fjármagni, nú sem aldrei fyrr.

Fréttir herma að Obama forseti muni hafa milljarði dala úr að moða í kosningabaráttunni og Mitt Romney, sem er líklegastur um þessar mundir til að hljóta útnefningu repúblikana, er sjálfur vellauðugur fyrir utan það sem honum mun safnast fyrir stóru átökin.

Breytingar eru, þegar allt kemur til alls, undir kjósendum komnar, en hins vegar eru svo margir meðvirkandi orsakaþættir að þeirra verður eflaust langt að bíða.

## TVEGGJA FLOKKA KERFIÐ ÓUMFLÝJANLEGT

**Atkvæðinu kastað á glæ**

Eins og með mörg af umdeildustu þjóðfélagsmálum Bandaríkjanna eru það höfundar þáttanna um Simpsonfjölskylduna góðkunnu sem hafa varpað hvað skörpustu ljósi á meinsemdir og það sem virðist óumflýjanleika tveggja flokka kerfisins. Í einum þættinum, sem gerist í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996, er frambjóðendum flokkanna, þeim Bill Clinton og Bob Dole, rænt af geimverunum Kang og Kodos sem dulbúast sem Clinton og Dole og hyggjast taka öll völd á jörðinni og hneppa jarðarbúa í ánauð. Á kjördag kemur Hómer upp um áformin en geimverurnar tvær segja borgurunum að þau eigi engra kosta völ. „Við erum með tveggja flokka kerfi. Þið verðið að velja annað okkar!“ Þegar einn úr hópi viðstaddra segist munu kjósa frambjóðanda frá þriðja flokki segja geimverurnar hlæjandi: „Allt í fína. Sóaðu bara atkvæðinu!“ Og viti menn. Kang var kjörinn forseti.



## FJÖLBREYTTIR VALKOSTIR

**Þó að tvíflokkurinn hafi ráðið lögum og lofum alla tíð í bandarískum stjórnmálum hafa komið fram fjölmargir og fjölbreytilegir flokkar í áranna rás.**

**Green Party:** Fjölmennur vinstri sinnaður umhverfisverndarflokkur sem hefur verið afar virkur.

**Libertarian Party:** Berst fyrir klassískum frjálshyggjugildum, þ.e. einstaklingsfrelsi, minni ríkisafskiptum og lægri sköttum.

**Constitution Party:** Berst gegn fóstureyðingum, réttindum samkynhneigðra, lögum um byssueign og skattlagningu. Eru hlynnt verndarstefnu í viðskiptum og berjast fyrir „hefðbundnum kristnum fjölskyldugildum“.

**Prohibition Party:** Vilja banna áfengissölu.



**GRÆNINGI** Ralph Nader bauð sig fram fyrir Green Party.

**US Marijuana Party:** Vilja lögleiða kannabisefni.

**American Nazi Party:** Bandarískir nasistar.

**Peace and Freedom Party:** Friður, frelsi, jafnrétti og náttúra.

**Communist Party USA:** Bandarískir kommúnistar.

## MILLJARÐAMÆRINGURINN SEM FÓR SÍNAR EIGIN LEIÐIR

Óhætt er að segja að enginn frambjóðandi utan stóru flokkanna tveggja hafi á síðari tímum náð viðlíka árangri í forsetakosningum og auðkýfingurinn Ross Perot frá Texas, sem hlaut hátt í fimmtung atkvæða í forsetakosningunum árið 1992. Teddy Roosevelt hafði að vísu náð öðru sætinu í kosningum áttatíu árum fyrr, 1912, en hann hafði áður gegnt forsetaembættinu í eitt kjörtímabil og Framfaraflokkur hans var einfaldlega klofningsframboð úr Repúblikanaflokknum eftir að hann tapaði í forvali flokksins. Sérstaða Perots árið 1992 lá hins vegar ekki síst í því að hann hafði engan flokk í kringum sig og hafnaði slíkum umleitunum. Í krafti gríðarlegra auðæfa gat hann hins vegar komið sér á framfæri um allt land og nýtti sér sjónvarp óspart þar sem hann var gestur í ótal spjallþáttum og lýsti meðal annars yfir framboði sínu í beinni útsendingu hjá Larry King. Baráttumál hans voru að koma elítunni, þingmönnum, fjölmiðlum og dómstólum frá völdum. Hinn almenni borgari átti hins vegar að fá að koma sínum málum beint til forseta sem myndi framkvæma vilja fólksins.



**LEGGUR VIÐ HLUSTIR** Ross Perot sagðist myndu hlýða á rödd hins almenna borgara. Hann náði þó ekki kjöri.

Perot átti upp á pallborðið í fyrstu og mældist efstur í könnunum nokkrum mánuðum fyrir kosningarnar, sem opnaði honum leið inn í sjónvarpskappræður með Bill Clinton og George Bush eldri. Perot sigraði auðvitað ekki, en það þarf ekki fjörlegt ímyndunarafl til að gefa sér að framboð hans hafi haft veruleg áhrif á vonir Bush um endurkjör.

Fjórum árum seinna bauð Perot sig fram á ný, að þessu sinni með flokk að baki sér, en hann náði ekki sömu hæðum og áður. Hann hlaut engu að síður átta prósent atkvæða.


Forritari og sölustjóri óskast
Síminn leitar að viðmótsþýðum forritara og metnaðarfullum sölustjóra í úthringiver.
Forritari
Starfið felst aðallega í forritunarverkefnum og kerfisþróun á stóru hugbúnaðarkerfi tengdu gjaldfærslugögnum, samskiptum ýmissa kerfa og stórum gagnasöfnum.
Menntunar- og hæfniskröfur:
• Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði
• Reynsla af C, C++ og SQL fyrirspurnum æskileg
• Þekking á Unix og Linux æskileg, Perl- og skeljaforritun er kostur
• Viðkomandi verður að eiga auðvelt með að setja sig inn í viðamikil verkefni
Sölustjóri úthringivers
Sölustjórinn ber ábyrgð á sölufulltrúum og daglegum rekstri úthringiversins, þar með talið ráðningum og starfsmannamálum. Setur sölumarkmið fyrir úthringiver og ber ábyrgð á eftirfylgni og aðgerðum til að ná þeim.
Menntunar- og hæfniskröfur:
• Leiðtogahæfileikar
• Talnaglöggur
• Framúrskarandi samskiptahæfni
• Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði, sálfræði eða skyldum greinum
• Reynsla af félagsstörfum æskileg
Hvað segir Símafólkið?
Skoðaðu viðtöl með því að skanna kóðana.
Sölusvið
Tæknisvið
Skannaðu hérna
Barcode Scanner
til að sækja
Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2012
Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is). Umsóknir berist í gegnum www.siminn.is
Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.
Síminn
Heiðdís Björnsdóttir, hópstjóri


Sérhæfð vöru-dreifing
Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja. Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.
Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.
Póstdreifing
Póstdreifing - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

## LÍF Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ UMHVERFIÐ

# Dragðu úr söfnun á rusli...

**1. Kauptu minna af óþarfa**

**Besta leiðin til þess að minnka hjá sér ruslið er að kaupa minna af því.** Verslaðu inn af meðvitund. Það getur hjálpað til við að hemja neysluna að muna að þú gengur á auðlindir jarðar í hvert sinn sem þú kaupir vöru.




**2. Veldu fjölnota**

**Hættu að nota einnota hluti** á borð við plast- eða pappaglös og -diska, eldhúsþurrkur og plast- og álfilmur. Taktu taupoka með þér þegar þú ferð út í búð í stað þess að kaupa plastpoka í hvert sinn.




**3. Vertu nýtinn**

**Nýttu það hráefni sem þú kaupir betur.** Komdu til dæmis grænmeti sem er að verða lélegt í frystinn og notaðu það síðar í súpur eða pottrétti. Notaðu glerkrukkur utan af sultum og öðru sem geymsluílát í stað þess að henda þeim.



**4. Spáðu í umbúðirnar**

**Umbúðir eru um 30 prósent af heimilissorpi.** Kauptu frekar stærri pakkningar en minni og sniðgakktu vörur með óþarflega umfangsmiklar umbúðir. Þegar vörum er þannig pakkað getur þú hvort sem er verið viss um að vera að greiða fyrir umbúðir á kostnað gæða.




**5. Hafnaðu fjölpósti**

**Límdu límmiða á lúguna þína sem sýnir að þú kærir þig ekki um fjölpóst** og afpantaðu reikningsyfirlit á pappír frá bankanum. Þú getur nálgast allar þessar upplýsingar á netinu.




**6. Gefðu dótið þitt**

**Úrgangur eins er annars fjársjóður.** Settu gömul föt í söfnunargáma Rauða krossins. Láttu húsgögn sem þú ætlar að skipta út renna til Góða hirðisins og láttu reyna á bland. is ef þú vilt selja eitthvað sem þú getur ekki ímyndað þér að neinn vilji kaupa.



# ...og flokkaðu það svo

**7. Pappír**

**Pappír sem fer í endurvinnslu** er sendur til Svíþjóðar, þar sem hann er endurunninn í margvíslegar afurðir. Pappír má skila í bláa grenndargáma, sem er að finna í nálægð við flestöll heimili, eða á um 80 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Í þá fara dagblöð, tímarit, auglýsingapóstur, prentpappír, hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa, fernur, morgunkornspakkar, eggjabakkar og pakkningar utan af matvælum.



**8. Plastumbúðir**

**Plastumbúðir eru ýmist nýttar til orkuvinnslu eða til endurnýtingar,** bæði hérlendis og erlendis. Plastumbúðir á borð við sjampóbrúsa, tómatsósuflöskur, plastpoka, ílát undan mjólkurdrykkjum, jógúrtdósir og ílát undan hreinsiefnum má skila í grænu grenndargámana sem er að finna á 80 stöðum dreift um höfuðborgarsvæðið.



**9. Lífrænar matarleifar**

**Lífrænn úrgangur er 30 til 35 prósent af öllu heimilissorpi.** Hægt er að leigja tunnu undir hann, bæði hjá Íslenska gámafélaginu og Gámaþjónustunni. Þeir sem hafa aðstöðu til geta hins vegar komið sér upp safnkassa utan dyra en þeir eru einfaldari í notkun en margir halda. Í vel einangruðum safnkassa helst hitastig nægilega hátt til þess að úrgangurinn breytist hratt og vel í moltu, sem svo má nota sem jarðvegsbæti í garða og í blómapotta.



**10. Drykkjarumbúðir**

**Fjórtán krónur fást fyrir hverja plastflösku, glerflösku eða áldós** sem skilað er til endurvinnslustöðva. Skilagjaldskyldar drykkjarumbúðir, fyrir utan vínflöskur, eru þær sem hafa innihaldið vatn, með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar. Endurvinnslan selur úr landi um 700 tonn af áli á ári og 1.800 tonn af plasti. Glerið er notað til landfyllingar og við undirbyggingu vega ásamt fleiru.



**11. Glerkrukkur, álpappír, kertavax...**

**Nú ertu næstum því fullkominn flokkari.** En hvað með glerkrukkurnar sem hrannast upp? Eða lokin af þeim? Allan álpappírinn? Og hvað gerir maður við kertavax? Allir þessir hlutir og fjölmargir fleiri eiga sinn vísa stað á endurvinnslustöðvum. Best er að tileinka einum til tveimur dögum í mánuði í Sorpuferð og dunda sér við að sortera í gáma. Þú endar með að þurfa að fara út með almenna sorpið einu sinni í viku í það mesta.



**UMHVERFISVÆNIR LÍFSHÆTTIR:**
**Flokkun sorps**

*Bæði Íslenska gámafélagið og Gámaþjónustan bjóða endurvinnslutunnur sem einfalda alla heimaflokkun til muna. Mörg sveitarfélög hafa gert samninga við þau, en ekki öll og gengið er misjafnlega langt í flokkuninni. Því er afar misjafnt hversu langt á veg heimilin í landinu eru komin í flokkun. Leiðbeiningarnar hér að ofanverðu miðast við að endurvinnslutunnur séu ekki til staðar á heimilinu.*

# Siðferðisleg skylda að flokka

Umhverfisverkfræðingurinn **Katrín Georgsdóttir** hefur haft umhverfisvernd að leiðarljósi frá því á unglingsárum. Hún sagði ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttir*** frá því hvernig hægt er að vera umhverfisvænn og flokka sorp, hugsunarlaust og án fyrirhafnar.

Það er mér mjög eðlilegt að flokka og mér finnst það í rauninni siðferðislega rétt að gera það. Ruslið hverfur ekki um leið og það er farið í tunnuna, það gufar ekki upp,“ segir Katrín Georgsdóttir, umhverfisfræðingur og mastersnemi í umhverfis- og auðlindafræði. Á hennar heimili er mestallt heimilissorp flokkað og þykir það lítið tiltökumál. „Við erum langt frá því að vera fanatískir flokkarar. Ég nenni ekki að standa í flóknum flokkunaraðgerðum, svo ég reyni frekar að velja einfaldar umbúðir. Við gerum þetta eins og allir meðaljónar gætu gert, hugsunarlaust og án mikillar fyrirhafnar.“

### Framtíðin verður grænni

Fjölskyldan flokka allt mögulegt, svo sem pappír, plast af ýmsu tagi, dósir og flöskur, glerkrukkur og niðursuðudósir. Þá fara þau reglulega í gegnum fataskápana sína og fara með föt sem þau eru hætt að nota í söfnunargám á vegum Rauða krossins, en þá er að finna á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu. Ruslið sem þau eru búin að flokka fara þau svo með í Sorpu á tveggja til þriggja vikna fresti.

Katrín sér fyrir sér að í framtíðinni verði fólki umbunað fyrir að flokka. „Það er ástæða fyrir því að það eru tvö flokkunarfyrirtæki í landinu. Það er af því rusl er verðmæti og þau fá peninga fyrir þau.“



**ÞRIGGJA VIKNA BIRGÐIR** Katrín Georgsdóttir og dætur hennar, þær Regína og Mathilda, voru einmitt á leiðinni í Sorpu með birðir síðustu þriggja vikna þegar ljósmyndarinn heimsótti þær á dögunum.

Foreldrar Katrínar eru öflugir flokkarar svo hún er vön því að hugsa á umhverfisvænum nótum. Það var hins vegar eftir skiptinemadvöl í Hollandi, þegar hún var sautján ára, sem hún fór að hugsa um grænu málin fyrir alvöru. „Þarna bjó ég hjá venjulegu fólk, sem var með safnhaug og hænur úti í garði hjá sér og fóru mikið um á hjólum. Í Hollandi er allt flokkað, það eru ekki bara furðufuglar sem gera það.“

### Sorphirða er neysla

Katrín bendir líka á að ef fleiri myndu flokka þyrfti ekki að losa sorptunnurnar eins oft, með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. „Í rauninni er sorphirða neysla. Það sorglega er að þeir sem eru fátækastir eru um leið umhverfisvænastir, því þeir nýta hráefni betur og kaupa minna. Þeir þurfa svo að taka þátt í að urða allt draslið frá hinum ríkari sem henda mestu.“

### 6 TIL 8 ÞÚSUND HEIMILI BORGA FYRIR AÐ FLOKKA

„Að urða óflokkað rusl er jafnfáránlegt og að urða peninga. Sorp er vara sem við sækjum til fólks og seljum áfram. Þannig að fólk er beinlínis að henda peningum ef það flokkar ekki,“ segir Jón Þórir Franzson, framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins, annars þeirra tveggja fyrirtækja sem býður margvíslega þjónustu á sviði flokkunar á sorpi.

Á annan tug sveitarfélaga kaupir þjónustu af Íslenska gámafélaginu, sem þýðir að íbúar þeirra flokka sitt rusl, ýmist í tvo eða þrjá úrgangsflokka. Jón segir að 90 prósent íbúa þeirra sveitarfélaga séu ánægð með að fá tækifæri til að flokka, samkvæmt athugunum fyrirtækisins.

Þar sem flokkað er í þrjá flokka fer 66 prósent heimilissorpsins í endurvinnslu. Þar sem flokkarnir eru tveir er endurvinnsluhlutfallið á milli 20 og 30 prósent. Í maí hefja Kópavogur og Mosfellsbær flokkun, þar sem öllum íbúum sveitarfélaganna verður gert að flokka í tvo flokka, almennt sorp annars vegar og pappír og pappa hins vegar. „Þetta er frábært skref. Þó skrefið sé ekki tekið til fulls,“ segir Jón.

Í Reykjavík er enn ekki flokkað að frumkvæði sveitarfélagsins. Þó er þar talsverður hópur fólks sem gerir það að sjálfsdáðum. Jón segir að gróft áætlað borgi 6 til 8 þúsund heimili á höfuðborgarsvæðinu fyrir endurvinnslutunnu af einhverju tagi, ýmist frá Íslenska gámafélaginu, Gámaþjónustunni eða sveitarfélaginu sjálfu.



**Í FLOKKUNARSTÖÐINNI** Jón Þórir Franzson, framkvæmdastjóri Íslensku gámaþjónustunnar, segir fólk henda peningum með því að flokka ekki.

Jón segir landsbyggðina bera höfuð og herðar yfir höfuðborgarsvæðið þegar kemur að sorphirðu. Honum virðist íbúar landsbyggðarinnar jafnframt hafa ólíkt hugarfar til flokkunar en höfuðborgarbúa. „Maður finnur að umhverfisvitundin er meiri á landsbyggðinni. Kannski er það nándin við sveitina sem gerir það að verkum,“ segir hann. Hann vonar að sveitarfélög höfðborgarsvæðisins fari að frumkvæði landsbyggðarinnar og skikki íbúa til flokkunar, enda sé það í þeirra valdi. „Ég er löngu búinn að komast að því að fólk sem flokkar er stolt af sjálfu sér fyrir það. Pólitíkin er hrædd um að þetta sé íþyngjandi fyrir fólk og það vilji ekki taka þátt í þessu. En því er öfugt farið. Fólk fagnar tækifærinu.“

# ÚTSALA

ILVA
einfaldlega betri kostur

© ILVA Ísland 2012

## ÚTSÖLULOK



## SUNNUDAGINN 5. FEBRÚAR

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN AF VÖLDUM VÖRUM

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR





ILVA kaffi

**HELGARTILBOÐ**

Samloka m/skinku og osti
Borið fram m/salati
Verð áður 495,-
**Verð nú 95,-**



VISA Lán – VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



**SKEGGRÆTT OG SKIPULAGT** Systurnar vinna myndirnar í sameiningu frá a til ö, kasta á milli sín hugmyndum, spinna og prjóna við og eru alltaf sammála um nálgunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einn plús einn er meira en tveir

Systurnar **Sara og Svanhildur Vilbergsdætur** eru báðar málarar sem undanfarna 18 mánuði hafa stundað „dúettmálun“, málað saman stórar, litríkar, sjálfsævisögulegar myndir. ***Friðrika Benónýsdóttir*** forvitnaðist um hvernig sköpun þeirra systra verður til.

Við byrjuðum að mála saman fyrir algjöra tilviljun,“ segja systurnar Sara og Svanhildur Vilbergsdætur sem síðan á menningarnótt 2010 hafa stundað „dúettmálun“ eins og þær kalla það og opna sýningu á myndum sínum í Listasafni ASÍ á Safnanótt, föstudaginn 10. febrúar. „Þannig var að ég var fengin til að mála Vestfjarðahlutann á sjö metra löngu málverki sem Ferðamálastofa fékk listamenn til að mála fyrir framan áhorfendur. Einn listamaður frá hverjum landshluta átti að mála sinn landshluta á metra af verkinu og við fengum bara klukkutíma til þess að klára,“ útskýrir Sara. „Ég sá fram á að lenda í mikilli tímaþröng og bað Svanhildi að koma og vera til staðar. Við máttum kalla áhorfendur til aðstoðar en ég hafði gert svo flókna skissu að ég varð að hafa einhvern með mér sem ég treysti. Svanhildur er náttúrulega málari og veit um hvað málið snýst. Ég er vön að mála fyrir framan fólk, búin að vera að kenna lengi, og átti ekki von á að það myndi stressa mig, en af einhverjum ástæðum fór ég gjörsamlega á taugum. Svanhildur kemur hlaupandi í síðu tjullpilsi, það var nú menningarnótt, og tekur bara stjórnina. Róar mig niður og er algjörlega með þetta á hreinu. Þetta var alveg ný upplifun þar sem ég er nú stóra systir og hef litið á það sem mitt hlutverk að passa hana. En þarna snerist þetta alveg við .“

Eftir þessa reynslu ákváðu systurnar að prófa að mála saman, „bara í gamni“ eins og Svanhildur segir. „Við fórum að hittast á vinnustofu Söru uppi á Korpúlfsstöðum og það bara gerðist eitthvað. Við urðum algjörlega helteknar af þessu. Fórum að hringjast á oft á dag og kasta á milli okkar hugmyndum. Sáum til dæmis eitthvað í fréttunum sem kveikti hugmynd sem við síðan ræddum fram og til baka og mótuðum í sameiningu, eins og til dæmis myndirnar um Tiger Woods. Við reyndum að hittast eins oft og við gátum og gleymdum okkur alveg við að mála, máluðum stundum í tólf tíma í beit. Við erum mjög ólíkar manneskjur en þegar við stöndum saman við strigann þá er eins og verði til þriðja elementið samsett úr okkur báðum og við einhvern veginn rennum saman. Það hefur aldrei komið upp sú staða að við séum ekki sammála um hvernig eitthvað í myndunum á að vera, sem er stórmerkilegt eins ólíkar og við erum. Einn plús einn er nefnilega meira en tveir í svona samvinnu.“

Sara er þekktur málari sem hefur haldið fjölda einkasýninga en minna hefur borið á Svanhildi, hvað kom til að hún hellti sér af krafti út í málverkið? „Ég var alltaf upptekin af því að vinna fyrir salti í grautinn og hugsaði með mér að ég gæti bara geymt að mála þangað til ég væri komin á ellilífeyri,“ segir Svanhildur. „Árið 2009 fékk ég svo krabbamein og var tekin út úr systeminu, hætti að vinna og var í geislameðferð. Þá skapaðist rými og andrúm til að endurskoða afstöðuna og skilja að maður hefur ekki allan tíma í heimi til að sinna því sem skiptir mann máli. Þannig að stundum finnst mér að krabbameinið hafi verið guðsgjöf til að beina mér á rétta braut.“

Þær systur eru engan veginn hættar að mála saman, fram undan er mánaðar vinnustofudvöl í Danmörku og hugmyndirnar halda áfram að flæða. Hafa þær unnið eitthvað sín í hvoru lagi síðan þær byrjuðu að mála saman? „Nei, ekki neitt,“ segir Sara og hlær. „Það er eins og það hafi bara horfið úr huganum. Þessi samvinna er svo ótrúlega skemmtileg, gefandi og frjó og svo margar hugmyndir sem við eigum eftir að mála að ég sé ekki fram á að við hættum þessu á næstunni.“

Á opnuninni á föstudaginn verða þær systur ekki einu fjölskyldumeðlimirnir í kastljósinu, þótt þær verði auðvitað í aðalhlutverkum. Faðir þeirra, Vilberg Vilbergsson rakari á Ísafirði, betur þekktur sem Villi Valli, og bróðir þeirra, Rúnar Vilbergsson fagottleikari, munu leika dúetta á harmonikku og fagott fyrir gesti. Einnig verður sýnt myndband af systrunum í aksjón við strigann og einu herbergi safnsins breytt í vinnustofu til að sýna andrúmsloftið sem verkin spretta úr. Sýningin stendur til 4. mars.



**SARA OG SVANHILDUR** Einstaklega samtaka við strigann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚR SÝNINGARSKRÁ:

Systurnar Sara og Svanhildur Vilbergsdætur hafa málað saman frá því síðsumars 2010. Þær kjósa að kalla hugmyndavinnuna og framkvæmdina „dúettmálun“ og hún fer þannig fram að þær vinna hugmyndir saman frá grunni, kasta þeim á milli sín, grípa og annaðhvort henda eða prjóna við.

Vinnuferlið hefst á samningaviðræðum um myndbyggingu og útfærslu og síðan tekur við málunin sjálf þar sem systurnar standa frammi fyrir sama striganum og mála tvíhent, ef svo má að orði komast. Segja má að margar myndanna séu ævintýramyndir með sjálfsævisögulegu ívafi þar sem yrkisefnin eru áhugamál þeirra og persónuleg reynsla. Í málverkunum má sjá systurnar í aðstæðum sem eru dæmigerðar fyrir þær sjálfar og líf þeirra en einnig leita þær víða fanga svo sem í ævintýrum og um leið bregður fyrir þekktum minnum og myndum úr listasögunni.“



**Í GRÆNNI LAUTU**
MYND: GUÐMUNDUR INGÓLFSSON



**MYNDI Í MYND Í MYND**
MYND: GUÐMUNDUR INGÓLFSSON



**JESÚBÖRNIN**
MYND: GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

**100 KRÓNUR**

**300 KRÓNUR**

**500 KRÓNUR**




RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ VÖRUFRAMBOÐ GETUR VERIÐ MISMUNANDI Á MILLI VERSLANA

# Veit kærastinn að þú ert hérna?

Umræðan um samkynhneigð og íþróttir minnti rækilega á sig í Bretlandi í vikunni í kjölfar átaks leikmannasamtaka ensku deildarinnar til að berjast gegn fordómum og sýningu sjónvarpsþáttar um efnið. *Kjartan Guðmundsson* kannaði málið.

Við vinnum að því af öllum mætti að uppræta hómófóbíu. Það er skylda okkar og allir ættu að finna til ábyrgðar gagnvart því verkefni. Við viljum að yfirvöld, félög og stuðningsmenn tileinki sér hugarfarið „og hvað með það?“ varðandi samkynhneigð í fótbolta,“ segir í yfirlýsingu sem leikmannasamtök ensku deildarinnar sendu frá sér í vikunni.

Í yfirlýsingunni er greint frá þeim áformum samtakanna að senda öllum 92 félögunum í deildinni plakat og fræðslumynd sem tileinkuð eru baráttunni gegn fordómum gagnvart samkynhneigðum innan íþróttarinnar. Öðrum þræði er herferðinni, sem nýtur meðal annars stuðnings enska knattspyrnusambandsins, ætlað að fullvissa samkynhneigða knattspyrnumenn um að kjósi þeir að koma opinberlega út úr skápnum hljóti þeir stuðning liðs síns, liðsfélaga og almennings.



**FYRSTI OG EINI** Justin Fashanu varð fyrstur og er hingað til sá eini enski atvinnumaður í knattspyrnu til að koma opinberlega út úr skápnum. Hann svipti sig lífi árið 1998. NORDICPHOTOS/AFP

### Brautryðjandinn Fashanu

Umræðan um samkynhneigð og íþróttir skýtur reglulega upp kollinum í Bretlandi. Hún minnti og rækilega á sig í vikunni vegna yfirlýsingar leikmannasamtakanna, en ekki síður þegar BBC frumsýndi nýjan sjónvarpsþátt um efnið, Britain‘s Gay Footballers, sem vakti mikla athygli þar í landi.

Í þættinum rifjar fyrirsætan Amal Fashanu, dóttir atvinnumannsins fyrrverandi Johns Fashanu, upp sorgarsögu föðurbróður síns, Justins Fashanu, sem var fyrsti atvinnumaðurinn í knattspyrnu sem kom opinberlega út úr skápnum árið 1990. Justin Fashanu varð einnig fyrsti svarti leikmaðurinn sem var seldur milli félaga fyrir meira en eina milljón punda, þegar Nottingham Forest keypti hann frá Norwich City árið 1981, og þannig brautryðjandi á ýmsum sviðum.

Velgengnin á vellinum endurspeglaðist þó ekki í einkalífi Fashanu. Snemma fóru að berast út sögusagnir um tíðar heimsóknir hans á skemmtistaði ætlaða samkynhneigðum og hlaut leikmaðurinn bágt fyrir hjá liðsfélögum sínum, knattspyrnustjórum (Brian Clough, stjóri Nottingham Forest, kallaði Fashanu opinberlega „poof“, skammaryrði yfir homma, eftir að sá síðarnefndi kom út úr skápnum) og áhorfendum sem jusu yfir hann svívirðingum við hvert tækifæri.

Sjálfstraustið dvínaði með hverju árinu og náði Fashanu aldrei sínu fyrra formi. Hann gerði opinberlega grein fyrir samkynhneigð sinni í viðtali við slúðurblaðið The Sun árið 1990 og í kjölfarið afneitaði bróðir hans, John Fashanu sem lék meðal annars með Wimbledon á gifturíkum ferli, honum í fjölmiðlum.

Eftir að hafa þvælst á milli liða í Evrópu og Bandaríkjunum lagði Fashanu skóna á hilluna árið 1997. Ári síðar var hann kærður fyrir kynferðisbrot gegn sautján ára gömlum dreng í Bandaríkjunum og framdi í kjölfarið sjálfsmorð í London. Í kveðjubréfi sínu hélt hann fram sakleysi sínu, en síðar kom í ljós að rannsókn málsins hafði þegar verið hætt vegna skorts á sönnunargögnum.

### Hvers vegna engir fleiri?

Fram til þessa dags er Justin Fashanu eini atvinnufótboltamaðurinn í Bretlandi sem komið hefur út úr skápnum, í það minnsta meðan á sjálfum knattspyrnuferlinum stendur. Slíkt er ólíkt algengra meðal knattspyrnukvenna, en ekki virðist miklu púðri hafa verið eytt í að kanna ástæður þess misræmis.

Undirliggjandi í sjónvarpsþætti Amal Fashanu á BBC er spurningin hvers vegna fleiri hafi ekki fylgt í fótspor frænda hennar og komið út úr skápnum, þar sem almennur líkindareikningur geri ráð fyrir að samkynhneigðir knattspyrnumenn hljóti að vera allnokkrir talsins. Svaranna leitar Fashanu í heimsóknum á fótboltavelli og samræðum við leikmenn, sem og aðra sem starfa innan geirans, og virðast ansi skiptar skoðanir um ástandið í dag.

Fashanu ferðast meðal annars til Brighton, sem stundum er nefnd höfuðborg samkynhneigðra í Bretlandi, sækir leik með Brighton Hove & Albion og spjallar við aðdáendur liðsins. Þar heyrir hún stuðningsmenn mótherjanna einbeita sér að tengingu borgarinnar við samkynhneigð í söngvum sínum og fræðist um að þannig sé það á hverjum einsta leik. „Does your boyfriend know you‘re here?“ og „Stand up if you can‘t sit down“ er meðal þess sem þeir kyrja, en stuðningsmenn Brighton svara með „You‘re too ugly to be gay“.

Þá veltir ungur stuðningsmaður Brighton því upp hvort ekki ætti að gera fordóma gegn samkynhneigð á fótboltavöllum ólöglega rétt eins og kynþáttafordóma, en málaferli vegna hinna síðarnefndu hafa verið einkar áberandi í Englandi síðustu vikur og mánuði.

### Joey Barton hrósað

Í sama streng tekur fyrrum NBA-leikmaðurinn John Amaechi, sem einnig er breskur og vikið er að nánar hér á síðunni, og segir að ensk knattspyrnuyfirvöld gætu hæglega náð mun betri árangri í baráttunni við þessa fordóma en verið hefur. Peningarnir séu vissulega til staðar, og í ótrúlega miklu magni, en svo virðist sem enginn raunverulegur áhugi sé á að tækla vandamálið. Í framhaldi af því má velta fyrir sér hvort það að senda plaköt og DVD-myndir til félaganna í deildinni, eins og minnst var á í upphafi, endurspegli í raun einbeittan vilja til árangurs í þessum efnum.

Amal Fashanu segist í þættinum handviss um að þáttaka vinsælla leikmanna, sem margir hverjir eru fyrirmyndir ungs fólks um allan heim, í hvers kyns baráttu gegn slíkum fordómum myndi skila sér margfalt til baka. Hún hafði samband við marga af þekkstustu leikmönnum deildarinnar, meðal annarra þá John Terry, Rio Ferdinand, Frank Lampard og Theo Walcott, en enginn þeirra gaf kost á sér í viðtal fyrir þáttinn.

Eini úrvalsdeildarleikmaðurinn sem sem vildi, eða hafði tíma til, að ræða opinskátt um samkynhneigð í enska boltanum er Joey Barton, leikmaður QPR, sem oftar en ekki hefur komist í fréttir vegna skapofsa á vellinum og utan hans. Hefur Barton verið hrósað mjög í fjölmiðlum ytra fyrir þátttöku sína í þættinum, en þar ræðir hann meðal annars um frænda sinn sem er samkynhneigður og stemninguna í búningsherbergjum fótboltamanna, þar sem nánast virðist bannað að ræða um annað en stelpur, bíla og, jú, fótbolta.

## FYRSTI NBA-LEIKMAÐURINN ÚT ÚR SKÁPNUM



Englendingurinn John Amaechi komst á spjöld sögunnar þegar hann skoraði fyrstu stig nýrrar aldar í NBA-deildinni. Öllu meiri athygli vakti þó sjálfsævisaga hans, Man in the Middle sem hann gaf út árið 2007, nokkrum árum eftir að hann lagði skóna á hilluna, en í henni kom Amaechi út úr skápnum og varð þannig fyrsti NBA-leikmaðurinn til að ræða samkynhneigð sína opinberlega.

Á ferlinum lék Amaechi meðal annars með Orlando Magic og Utah Jazz. Í bókinni ræðir Amaechi um þá innri baráttu sem hann átti í öll þau fimmtán ár sem hann lék körfubolta, hvernig hann hugsaði stöðugt um að koma út úr skápnum en gat ekki hugsað sér það vegna þess öfga-karlmennskuandrúmslofts sem ríkti í kringum íþróttina, og í raun flestar aðrar íþróttir. Í stað þess lifði Amaechi tvöföldu lífi, ferðaðist milli borga til að sækja skemmtistaði sem vinsælir voru meðal samkynhneigðra og lifði sínu ástalífi í felum. Jafnvel umboðsmaðurinn hans vissi ekki um samkynhneigðina fyrr en þeir höfðu unnið saman í dágóðan tíma. „Það var ekki fyrr en hann kom heim til mín og heyrði óminn af rödd Karen Carpenter í gegnum útidyrahurðina sem hann grunaði eitthvað. Svo sá hann regnbogalitaða handklæðið mitt á baðherberginu og þá varð hann alveg viss,“ segir Amaechi í bók sinni. „Hann sagði mér að ég hlyti að vera eini íþróttakappinn í sögunni sem þurrkaði sér með handklæði í regnbogalitum og raulaði með laginu „We‘ve Only Just Begun.“

Viðbrögðin við bók Amaechi voru mikil og blendin. Leikmaðurinn Tim Hardaway sagðist til dæmis aðspurður „hata homma“, en Shaquille O‘Neal og Grant Hill studdu ákvörðun Amaechis.



# heimili & hönnun

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

febrúar 2012

## Flott tækifæri

Stórfyrirtækin iittala og Artek eru meðal þeirra sem leita fanga á Íslandi á kaupstefnunni DesignMatch á HönnunarMars. SÍÐA 2





## Vekja athygli í Bandaríkjunum

Arkitektahjónin Erla Dögg og Tryggvi hjá Minarc í Los Angeles hafa sett á markað umhverfisvæn og sjálfbær einingahús. SÍÐA 6



# ÉG ER KERTASJÚK

**segir Guðrún Dís Emilsdóttir, Gunna Dís, dagskrárgerðarkona á Rás 2.**

BLS. 4





Ryksugu vélmenni

Verð frá 64.990




Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## NÝTT UNDIR SÓLINNI



● **SIGGA HEIMIS Í STOKKHÓLMI** Sigríður Heimisdóttir eða Sigga Heimis, mun sýna á húsgagnasýningunni í Stokkhólmi sem fram fer nú í byrjun febrúar. Hún mun meðal annars sýna skápa sem hugsaðir eru fyrir skó og eru framleiddir af Stálsmiðjunni. Sigga notast við gamla stansa sem hún kynntist meðan hún vann í Ofnasmiðjunni fyrir margt löngu. Skáparnir eru litlir og poppaðir upp með því að blanda saman mismunandi litum. Hún mun einnig sýna kolla en setan á þeim er í formi fisks. Einnig mun hún útbúa skurðarbretti og fleiri hluti í þeim anda. Sigga hefur nýflutt vinnustofu sína út á Granda. Hún opnar hana í dag að Grandagarði 19 við hliðina á Steinunni fatahönnuði, í slagtogi við Önnu Maríu ljósmyndara.

● **HÖNNUNARMARS Á NÆSTUNNI** HönnunarMars verður haldinn í fjórða sinn dagana 22. til 25. mars næstkomandi. Nú hefur verið opnað fyrir skráningu en frestur til að skrá viðburði rennur út miðvikudaginn 15. febrúar. Athygli er vakin á því að skráningar þeirra sem ekki eru í fagfélögum Hönnunarmiðstöðvar verða teknar sérstaklega fyrir í stjórn HönnunarMars, sem áskilur sér rétt að hafna skráningunum uppfylli þær ekki kröfur um þátttöku. Nánari upplýsingar á www.honnunarmidstod.is.





● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók mynd af Guðrúnu Dís Emilsdóttur og dóttur hennar Aðalheiði Helgu á heimili þeirra í Kópavogi **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen s. 512 5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.

# iittala leitar fanga hér

● Stórfyritækin iittala og Artek eru meðal þeirra sem munu leita fanga á Íslandi á kaupstefnunni DesignMatch á HönnunarMars í ár. Til mikils er að vinna fyrir íslenska hönnuði.

Hönnunarmiðstöð Íslands og Norræna húsið standa að kaupstefnunni DesignMatch á HönnunarMars en þar fá íslenskir hönnuðir tækifæri til að kynna hönnun sína fyrir framleiðendum og endurseljendum á Norðurlöndum. Tvö finnsk stórfyrirtæki hafa boðað komu sína í ár, Artek, sem meðal annars framleiðir og selur húsgögn Alvars Aalto og iittala. Það bættust sænska fyrirtækið DesignHouse Stockholm og danska fyrirtækið One Collection nýlega við.

Christel Vaenerberg, hönnunarstjóri ittala, segir það geta verið stökkpall fyrir feril hönnuða að ná samningum við ittala.

„Vörur iittala eru seldar um allan heim og fyrirtækið rekur einnig sínar eigin verslanir. Þeir sem ná samningum um að hanna inn í vörulínu fyrirtækisins geta búist við gríðarlegri kynningu," segir Christel. Hún ítrekar þó að að baki hverjum samningi sé langt ferli en fyrstu skrefin séu að skoða og ræða hugmyndir hönnuðarins. „Við þurfum að kynnast þankagangi hvors annars. Þess vegna er mikilvægt að hönnuðir hugsi af hverju, hvernig og fyrir hvern þeir eru að kynna hugmynd," bætir hún við. Hún segir fyrirkomulag kaupstefnunnar nýtt fyrir sér.

„Ég veit ekkert á hverju ég á von en það er gott. Það þýðir að allt er mögulegt. Mér finnst hugmyndin mjög áhugaverð. Ég hef ekki komið til Íslands áður og þekki í raun betur til íslenskrar tónlistar en til íslenskrar hönnunar en ég hlakka til að eiga áhugaverðar samræður við íslenska hönnuði."



Greipur Gíslason verkefnastjóri Hönnunarmiðstöðvar segir mikinn feng fyrir íslenskt hönnunarsamfélag að fá stórfyritæki eins og iittala og Artek á kaupstefnuna DesignMatch á HönnunarMars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greipur Gíslason, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð, segir það gríðarlegan feng að fá svo leiðandi fyrirtæki í skandinavíska hönnunarheiminum á kaupstefnuna. „Það eru jafnvel fleiri fyrirtæki að bætast við," segir hann en vill ekki gefa meira upp. Hann segir HönnunarMarsinn vera að festa sig í sessi sem ein af áhugaverðustu hönnunarhátíðum á Norðurlöndunum og horft sé til Íslands úr öllum áttum.

Miðstöðinni er ætlað að efla hreyfihamlað fólk og að útrýma samfélagslegum hindrunum í garð þess. Hægt verður að leita til miðstöðvarinnar um upplýsingar sem auðvelda hreyfihömluðu fólki að lifa sjálfstæðu lífi. Miðstöðin mun einnig veita margvíslegar upplýsingar til aðstandenda fólks með hreyfihömlun og almennings m.a. á sérstakri heimasíðu. Í boði verða líka fjölbreytt námskeið og jafningjafræðsla.

Þekkingarmiðstöðin er nýtt verkefni á vegum Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilsins. Áætlað er að miðstöðin opni á miðju ári 2012. Gert er ráð fyrir fjórum stöðugildum við miðstöðina og að hluti starfsmanna sé einstaklingar með hreyfihömlun.

Við leitum að forstöðumanni með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Viðkomandi þarf að búa yfir fjölþættum hæfileikum og reynslu. Til greina kemur ráðning í hlutastarf. Hreyfihamlaðir einstakingar eru hvattir til að sækja um starfið. Gert er ráð fyrir ráðningu hið fyrsta.

**Helstu hæfniskröfur eru:**
- Áhugi og þekking á málefnum hreyfihamlaðs fólks.
- Góðir leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að leiða nýsköpunarstarf.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Forstöðumaður ber ábyrgð á stefnumótun og þróunarstarfi, daglegum rekstri miðstöðvarinnar, þar með rekstri heimasíðu, starfsmannamálum, kynningarstarfi og kemur fram fyrir hönd miðstöðvarinnar. Forstöðumaðurinn sinnir almennri ráðgjöf að hluta.
Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri hjá Sjálfsbjörg í síma 899 0065. Tölvupóstur: tryggvi@sbh.is Nánari upplýsingar um Þekkingarmiðstöðina er að finna á sjalfsbjorg.is.
**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2012.** Umsóknum skal skilað í tölvupósti á framangreint póstfang, ásamt með ferilsskrá og greinargerð er lýsir hvers vegna umsækjandi sækir um starfið og hví hann telur sig til þess fallinn að gegna því.

GRINDAVÍKURBÆR

# Kerfisstjóri

Grindavíkurbær auglýsir starf kerfisstjóra Grindavíkurbæjar laust til umsóknar.

**Helstu verkefni kerfisstjóra:**
- Annast daglegan rekstur net-, síma- og tölvukerfis Grindavíkurbæjar.
- Uppsetning á vél-, hug- og jaðarbúnaði.
- Umsjón með tölvum og öðrum vélbúnaði.
- Notendaumsýsla, stofnun og viðhald notenda.
- Eftirlit með hugbúnaði.
- Umsjón og eftirlit með fjárhagskerfum bæjarins.
- Umsjón með afritun og geymslu rafrænna gagna.
- Innkaup og ráðgjöf vegna vél- og hugbúnaðar fyrir stofnanir bæjarins.
- Ábyrgð á að tölvudeild sé innan fjárheimilda hverju sinni.
- Almenn ráðgjöf og aðstoð við starfsmenn bæjarins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun á sviði upplýsingatækni, svo sem kerfisfræði, kerfisstjórnun eða sambærilegt.
- MCSA, MCSE eða MCITP vottun æskileg. Haldbær reynsla af sambærilegu starfi við rekstur tölvukerfa.
- Góð net- og hugbúnaðarþekking og þekking á vélbúnaði. Góð þekking á helstu stýrikerfum. Þekking á SQL server, Exchange server, Windows o.fl.

Lögð er áhersla á frumkvæði í starfi, skipulagshæfni, sveigjanleika sem og afbragðs þjónustulund, og færni í mannlegum samskiptum.

Kerfisstjóri hefur starfsaðstöðu á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja og þarf umsækjandi að geta hafið störf 1. apríl 2012.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.**
Umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil.
Umsóknum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar merkt **„Kerfisstjóri"** eða í netfangið jont@grindavik.is.
Nánari upplýsingar um starfið gefur kerfisstjóri Grindavíkurbæjar, í síma 660-7326 eða í tölvupósti: tolvudeildin@grindavik.is.
**Jón Þórisson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs**





**www.hrafnista.is**

**HRAFNISTA** REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI

# Viltu vinna með okkur í sumar?

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hrafnista er þroskandi vinnustaður þar sem starfsfólki gefast tækifæri til að afla reynslu og þekkingar. Gott vinnuumhverfi stuðlar að því að hæfileikar sérhvers starfsmanns njóti sín.
Sumarstarfsfólk vantar til starfa á Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík og í Kópavogi.

**Í sumar vantar til starfa:**
- Hjúkrunarfræðinga
- Hjúkrunarfræðinema
- Aðhlynningu
- Sjúkraliða
- Starfsfólk í borðsal
- Starfsfólk í ræstingu
- Starfsfólk til skrifstofustarfa

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar**
**Öllum umsóknum verður svarað fyrir 20. mars, 2012**

## Nánari upplýsingar:

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á www.hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

FASTEIGNAHÖLLIN

## Sölumenn – fasteignasalar óskast

Óskum eftir sölumönnum til starfa á skrifstofu okkar að Smáratorgi 1 í Kópavogi. Löggilding í leigumiðlun og/eða fasteignasölu er kostur. Áhugasamir aðilar eru beðnir um að senda ferilskrá á johanna@fasteignahollin.is.
**Nánari upplýsingar á www.fasteignahollin.is**

---

SNYRTIFRÆÐINGA MEÐ FRAMHALDSSKÓLAKENNSLURÉTTINDI VANTAR TIL STARFA HJÁ FASHION ACADEMY REYKJAVÍK, BEAUTY ACADEMY.

Fashion Academy Reykjavík opnar innan skamms og verður miðstöð náms í greinum tengdum fegurð, heilsu og tísku.

Við leitum að snyrtifræðingum með framhaldsskólakennsluréttindi til starfa við skólann. Í boði eru bæði heilar og hálfar stöður. Skólinn er einstaklega vel útbúin tækjum til kennslu í snyrtifræði og er aðstaða skólans til fyrirmyndar.

Ef þú hefur brennandi áhuga á fegurð og tísku og vilt verða partur af nýjum og fagmannlegum skóla sendu þá umsókn þína til marta@elitemodel.is fyrir föstudaginn 17. febrúar 2012.

Nánari upplýsingar eru einnig veittar í síma 571 5151

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

---

# Þjónustufulltrúi

Óskum að ráða viðgerða- og þjónustufulltrúa. Leitum að traustum starfsmanni til almennra viðgerða og uppsetninga á rafmagnsbúnaði fyrir heilbrigðisstofnanir.

**Hæfileikar og menntun**
- Rafvirkjun eða sambærileg menntun
- Vilji til að leysa krefjandi verkefni
- Nákvæm vinnubrögð og stundvísi
- Jákvætt viðhorf og glaðlyndi

**Helstu verkefni**
- Uppsetning loftfestra lyftukerfa
- Almennar viðgerðir og eftirlit
- Uppsetning á þráðlausum búnaði
- Þjónusta og önnur tilfallandi störf

*Um er að ræða framtíðarstarf á reyklausum vinnustað.*

Umsóknarfrestur er til **12. febrúar**. Senda skal umsóknir með starfsferilsskrá til okkar á netfangið ahj@eirberg.is merkt UMSÓKN.

Sjá nánari upplýsingar á blog.eirberg.is.

*Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar er að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • eirberg.is

---

MEITILL

## Vélvirkjar / Bifvélvirkjar

Meitill ehf. - Grundartanga óskar eftir að ráða vélvirkja / bifvélavirkja í vinnu.
Æskilegt er að viðkomandi sé með sveinspróf.

**Starfssvið / Helstu verkefni**
- Almenn verkstæðisvinna
- Ýmis verkefni tengd verksmiðjuviðhaldi
- Nýsmíði og breytingar
- Bíla- og vinnuvélaviðgerðir

**Með umsóknir og fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál.**

Nánari upplýsingar í síma 842 6401.
Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Meitils ehf. fyrir 10. febrúar merkt:

Meitill ehf – Grundartanga
301 Akranes

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Störf á heimili fatlaðs fólks

Starfsfólk óskast til starfa á heimili í Langagerði. Um er að ræða hlutastörf, 50-60% og 24% stöðugildi. Vinnutími er aðallega á kvöldin og um helgar.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja íbúa í daglegu lífi.

Upplýsingar gefur Sigríður Kristjánsdóttir í síma 551-4478, netfang siggakr@styrktarfelag.is.

Einnig má nálgast upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 414-0500 og á heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forstöðumaður þjónustuíbúðakjarna

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir lausa stöðu forstöðumanns í þjónustuíbúðakjarna fyrir aldrað fólk.**

**Helstu verkefni eru:**
- Stjórnun og rekstur þjónustuíbúðakjarna og félagsmiðstöðvar að Norðurbrún 1
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð og stýring á þjónustu við íbúa kjarnans
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að þróun þjónustu
- Samstarf við íbúa og hagsmunasamtök eldri borgara um aukið notendasamráð við þróun þjónustu í Norðurbrún
- Fræðsla og kynningarstarf til íbúa, samstarfsaðila, félagaog hagsmunasamtaka

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði félags-, mennta- og/eða heilbrigðisvísinda s.s. félagsráðgjafar, þroskaþjálfunar, iðjuþjálfunar eða sálfræði
- Þekking og reynsla af stjórnun æskileg
- Þekking og reynsla af starfi með eldri borgurum
- Forystuhæfileikar og frumkvæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

**Umsóknarfrestur er til 18. febrúar nk.**
Nánari upplýsingar veitir Aðalbjörg Traustadóttir, framkvæmdastjóri í síma 411 1500, netfang: adalbjorg.traustadottir@reykjavik.is

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

# AÐSTOÐAR VERSLUNARSTJÓRI

**Við óskum eftir starfsmanni í stöðu aðstoðarverslunarstjóra í Companys Kringlunni**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Áhugi á tísku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Skipulagshæfni
- Tölvukunnátta m.a. Navision
- Ekki yngri en 25 ára

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á **helga@ntc.is**

**Umsóknarfrestur er til 12 febrúar**



COMPANYS
Tískuvöruverslun fyrir konur á öllum aldri - í eigu NTC

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

VOTTUN HF. ÍST ISO 14001

GRÆN SKREF

## Garðyrkjufólk óskast til starfa

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða garðyrkjumenn til starfa á verkbækistöð garðyrkjunnar. Væntanlegir starfsmenn þurfa að hafa góða almenna þekkingu á öllu er lítur að viðhaldi skrúðgarða og útivistarsvæða, hafa bílpróf og færni í mannlegum samskiptum.

Störfin tilheyra **Skrifstofu náttúru og útivistar** en meðal verkefna hennar er viðhald allra skrúðgarða borgarinnar, trjágróðurs og blómabeða á opnum svæðum og stofnanalóðum. Gróðursetningar á grænum svæðum og umsjón með ræktun og gerð náttúrustíga í útmörkinni, þ.e. á skógræktarsvæðum og þar sem náttúrulegt yfirbragð er látið halda sér í meginatriðum.
Krafist er náms frá Garðyrkjuskóla ríkisins eða sambærilegrar menntunar frá erlendum garðyrkjuskólum og reynslu af garðyrkjustörfum.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Gunnsteinn Olgeirsson yfirverkstjóri -Verkbækistöð 2 í síma 411 1111.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um stafið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is . Ferilskrár, afrit af prófskírteinum og önnur gögn skal senda inn sem viðhengi með umsókn eða á netfangið helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2012.

*Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum borgarinnar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Neyslu og úrgangs og Náttúru og útivistar, auk Staðardagskrár 21, Bílastæðasjóði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk þess sem Heilbrigðiseftirlitið sér um vöktun umhverfisgæða og hundaeftirlit.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

***Ríkisskattstjóri leitar að öflugum og jákvæðum einstaklingi til starfa við eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla auk annarra verkefna.***

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Löggilding í endurskoðun eða viðskiptafræðimenntun með sérhæfingu á sviði endurskoðunar og reikningsskila
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni

Upplýsingar um starfið veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442 1151.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við BHM.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu embættisins, www.rsk.is, eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir þarf að fylgja með.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2012.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

*Upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu þess www.rsk.is.*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

LímtréVírnet

## RAFVIRKI BORGARNESI

Límtré Vírnet ehf í Borgarnesi vill ráða rafvirkja og eða nema í rafvirkjun til framtíðarstarfa.

Hjá fyrirtækinu starfa núna í Borgarnesi þrír rafvirkjar sem sinna fjölbreyttum verkefnum. Helstu verkefni eru í viðhaldi véla og húsnæðis fyrirtækisins, en jafnframt þjónusta við fjölbreyttan hóp viðskiptavina á Vesturlandi, við viðhald og nýlagnir.

## VÉLVIRKI SUÐURLANDI

Límtré Vírnet ehf leitar að vélvirkja til starfa til að sinna viðhaldi í einingaverksmiðjunni í Reykholti og límtrésverksmiðjunni áFlúðum.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af nýsmíði, viðhaldi og viðgerðum, ásamt því að hafa frumkvæði og skipulagshæfileika.

Nánari upplýsingar gefur Aðalsteinn Símonarson, sími 412 5302 eða netfang alli@limtrevirnet.is.

**Umsóknarfrestur er til 12. febrúar.**

SUNNA in the city center

Sunna er stórt fjölskyldurekið gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur. Það starfar allan ársins hring. Framundan er annasamur og skemmtilegur tími.

**Við leitum að jákvæðu, ábyrgðafullu og skemmtilegu fólki til að starfa með okkur:**

### Framtíðarstarf við vaktavinna í gestamóttöku

**Helstu verkefni:**
- Almenn störf í gestamóttöku s.s. við afgreiðslu, bókanir og upplýsingagjöf
- Samskipti við ferðaskrifstofur, s.s. bókanir og úrvinnsla fyrirspurna
- Stjórnun og skipulagning í nánu samstarfi við eigendur

Mögulegt er að vinna hlutastarf yfir vetrartímann, t.d. með námi

**Hæfniskröfur:**
- Mikil og góð þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrög
- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tungumálakunnátta (enska og t.d. þýska, franska og norðurlandamál)
- Starfsreynsla í ferðaþjónustu er góður kostur en ekki skilyrði

### Sumarstarf í gestamóttöku

Í boði er starf á dagvöktum og starf á næturvöktum. Unnið er á 12 tíma vöktum.

**Helstu verkefni:**
- Almenn afgreiðsla og bókanir
- Upplýsingagjöf til gesta hússins

**Hæfniskröfur:**
- Mikil og góð þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta (enska og t.d. þýska, franska eða norðurlandamál)
- Lágmarksaldur 22ára

### Sumarstarf við framreiðslu á morgunverði

Um er að ræða aðstoð við undirbúning og framreiðslu á morgunverði fyrir gesti hússins. Einnig frágang og önnur tilfallandi verkefni í eldhúsinu. Unnið er bæði á virkum dögum og um helgar.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði, snyrtimennska og sjálfstæð vinnubrögð
- Ánægja og reynsla af framreiðslu og eldamennsku er mikill kostur
- Lágmarksaldur 18ára

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum óskast sent á lovisa@sunna.is
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.




## Grafískur hönnuður óskast til starfa hjá Íslandsbanka

Viðkomandi þarf að vera með próf úr Listaháskólanum eða álíka menntun og hafa reynslu af sambærilegu starfi. Nauðsynlegt er að kunna á öll helstu forrit sem tengjast starfinu, geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Einnig að vera skapandi og frjór í hugsun, hafa gott vald á íslenskri tungu og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Helstu verkefni:**
- Grafísk hönnun á markaðsefni
- Uppsetning á glærum og skýrslum
- Breytingar á auglýsingaefni
- Umsjón með útliti markaðsvara
- Hönnun og ábyrgð á umgjörð og útliti útibúa
- Samskipti og þjónusta við starfsmenn og birgja
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hólmfríður Einarsdóttir, markaðsstjóri,
sími 440 4620, holmfridur.einarsdottir@islandsbanki.is
Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir,
sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.**

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu. Bankinn leggur áherslu á gott starfsumhverfi, öfluga liðsheild og er jafnréttissinnað fyrirtæki.

Starfsfólk bankans viðhefur fagleg vinnubrögð, framsýni og jákvætt viðhorf í öllu sínu starfi.

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM50351

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í GREININGUM

LANDSNET

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskyldvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa u.þ.b. 100 manns.

**Laust er til umsóknar starf sérfræðings í deild Kerfisþróunar hjá Landsneti hf.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Kerfisrannsóknir, greiningar og kerfisáætlanir
- Arðsemisgreiningar og sviðsmyndagreiningar
- Langtímaáætlanir
- Skilgreining á raftæknilegum hönnunarforsendum
- Skilgreiningar rannsóknarverkefna til undirbúnings ákvarðanatöku
- Þróun og viðhald hugbúnaðar kerfisrannsókna

**Í boði er:**
- Faglegt vinnuumhverfi
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

**Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:**
- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynslu af vinnu við arðsemisgreiningar og sviðsmyndagreiningar
- Reynslu af áætlanagerð
- Hæfni í greiningum og túlkun gagna
- Skipulagni og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í miðlun og framsetningu upplýsinga
- Færni í samskiptum og vilja til samvinnu

Kerfisþróun sér um áætlanagerð vegna uppbyggingar flutningskerfisins þar sem saman eru metin hagræn, gæða og markaðsleg áhrif. Deildin sér um áhættugreiningar er varða rekstraröryggi raforkukerfisins ásamt skilgreiningu á kröfum til rekstraröryggis raforkukerfisins, skilgreiningu hönnunarforsenda og að unnin sé raforkuspá í samræmi við raforkulög.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Matreiðslumaður óskast

**Veitingastaðurinn Við Pollinn á Hótel Ísafirði óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa. Fjölbreytt heilsársstarf.**

Einnig vantar okkur matreiðslumann/menn til sumarafleysinga á tímabilinu maí til september, allt sumarið eða að hluta eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Ólafur Örn í síma 892-8481 eða olafur@hotelisafjordur.is

HÓTEL Ísafjörður

LOFT ORKA

## Verkstæðismaður

Óskum eftir að ráða vélvirkja eða bifvélavirkja til starfa til að sinna viðhaldi og viðgerðum á verkstæði okkar í Garðabæ.
Upplýsingar veitir Brynjólfur Brynjólfsson á staðnum eða í síma 565 0876. billi@loftorka.com






# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur í geðhjúkrun | LSH, barna- og unglingageðdeild | Reykjavík | 201202/021 |
| Rannsóknarmaður | LSH, lungnaranns. Lyflækningasv. | Reykjavík | 201202/020 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, réttargeðdeildin á Kleppi | Reykjavík | 201202/019 |
| Deildarlæknar kvennasviðs | LSH, aðstoðarlæknar kvennad. | Reykjavík | 201202/018 |
| Yfirlæknir geislam. krabbameina | LSH, lyflækningasvið | Reykjavík | 201202/017 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, göngudeild smitsjúkdóma | Reykjavík | 201202/016 |
| Sérfr., reikningsskilastaðlar | Ríkisskattstjóri | Reykjavík | 201202/015 |
| Yfirlögfræðingur | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201202/014 |
| Sérfræðingur í verkferlum | Tollstjóri | Reykjavík | 201202/013 |
| Hópstjóri í hugbúnaðarþróun | Tollstjóri | Reykjavík | 201202/012 |
| Sérfræðingur, alþjóðamál | Tollstjóri | Reykjavík | 201202/011 |
| Sérfr. í gæða- og verkefnastjórnun | Tollstjóri | Reykjavík | 201202/010 |
| Forst.m. eignaumsj. og þjónustu | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201202/009 |
| Forseti viðskipta- og raunvísindasv. | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201202/008 |
| Forseti verkfr.- og náttúruvísindasv. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201202/007 |
| Móttökuritari | Landlæknir | Reykjavík | 201202/006 |
| Bílstjóri, lagermaður | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Reykjavík | 201202/005 |
| Lögfræðingur, loflagsmál | Umhverfisstofnun | Reykjavík | 201202/004 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi | Ólafsvík | 201202/003 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Patreksfjörður, | 201202/002 |
| Lögfræðingar | Umboðsmaður skuldara | Reykjavík | 201202/001 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201201/092 |

# Ert þú snillingur á sviði markaðsmála?

Við leitum að sérfræðingi á sviði markaðsmála í markaðsdeild Arctic Adventures og Arctic Rafting. Krafa er að viðkomandi hafi annað hvort starfað eða stundað nám erlendis á einhverjum tímapunkti og hafi mjög gott vald á ensku (þriðja tungumál kostur). Viðkomandi þarf að vera með háskólapróf í viðskiptafræði/markaðsfræði (önnur menntun kemur til greina ef umsækjandi hefur reynslu á sviði markaðsmála). Umsækjendur þurfa að hafa áhuga og þekkingu á ferðaþjónustu, vefmarkaðsetningu sem og reynslu á sviði markaðsmála.

Vinsamlegast sendið okkur ferilskrá og nokkrar línur um ykkur á **jobs@adventures.is** fyrir **13.febrúar.**

**Nánari upplýsingar á adventures.is/jobs**



arctic adventures

**www.adventures.is | info@adventures.is | + 354-562-7000 | Laugavegi 11 | 101 RVK**

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

# Skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur

Staða skólastjóra við Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 460 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Starfsmenn eru 70, þar af 43 kennarar. Hlutfall fagmenntaðra kennara er 100%. Grindavíkurbær rekur skóla- og félagsþjónustu sem sinnir stoðþjónustu fyrir Grunnskóla Grindavíkur.

Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Skólinn hefur nýlega gengist undir úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins og munu niðurstöður liggja fyrir í febrúar.

Grindavíkurbær er um 2.850 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla.

Veffang skóla http://www.grindavik.is/grunnskolinn og er bent á starfsáætlun 2011 – 2012 varðandi frekari upplýsingar um skólann.

**Starfssvið:**
Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu.

**Menntunarkröfur**

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða æskileg.

**Hæfniskröfur**

- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Grunnskóla Grindavíkur þróast undir sinni stjórn.

Æskilegt er að skólastjóri geti hafið störf 1. maí n.k. og undirbúið nýtt skólaár.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna skólastjórafélags Íslands.

**Nánari upplýsingar veitir**
Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs í síma 420-1100.
Pálmi Ingólfsson, starfandi skólastjóri í síma 420-1150.

Umsóknir skulu berast bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík **í síðasta lagi 13. febrúar** næstkomandi. Hægt er að senda umsóknir á netfangið grindavik@grindavik.is




# hár í höndum
HÁRSNYRTISTOFA

Leitar að sjálfstæðum og metnaðarfullum hársnyrti sem hefur áhuga á að vinna á skemmtilegum vinnustað í miðbænum.
Nánari upplýsingar í síma 899 8280

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á ingibjorgsv@gmail.com**

Veltusund 1 v/Ingólfstorg

# ATVINNA
## - LEIKSKÓLAFULLTRÚI

Reykjanesbær ætlar að ráða í 60% stöðu leikskólafulltrúa. Leikskólafulltrúi hefur í samvinnu við fræðslustjóra umsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla.

**Meginverkefni:**
- Leikskólafulltrúi hefur umsjón með innleiðingu framtíðarsýnar Reykjanesbæjar í samvinnu við fræðslustjóra og leikskólastjóra.
- Leikskólafulltrúi er talsmaður málaflokksins .
- Leikskólafulltrúi aðstoðar leikskólastjóra við gerð fjárhagsáætlunar í samráði við fjármála – og fræðslustjóra
- Leikskólafulltrúi veitir ráðgjöf um innra starf skóla
- Leikskólafulltrúi veitir rekstraraðilum ráðgjöf varðandi breytingar og nýframkvæmdir
- Leikskólafulltrúi heldur reglulega fundi með leikskólastjórum og stuðlar að samvinnu þeirra á milli
- Leikskólafulltrúi hefur yfirumsjón með innritun barna í leikskóla

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Yfirgripsmikil reynsla af leikskólastarfi.
- Reynsla af ráðgjöf við leikskólastarf
- Reynsla af stjórnun leikskóla
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði leikskólastarfs
- Hæfni í mannlegum samskiptum og ráðgjöf
- Sjálfstæð vinnubrögð, ákveðni, frumkvæði, skipulagshæfni, metnaður

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt samningi launanefndar sveitarfélags og viðkomandi fagfélags.

**Nánari upplýsingar veitir Gylfi Jón Gylfason fræðslustjóri í síma 4216700.**

Umsóknir berist til Starfsþróunarstjóra Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ, fyrir 15. febrúar eða á mittreykjanes.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

*Hótel Reynihlíð er 4 stjörnu hótel í Mývatnssveit og hefur verið í eigu og rekstri sömu fjölskyldu frá upphafi. Í hótelinu eru 41 herbergi og veitingastaðurinn Myllan, en auk þess veitingastaðurinn Gamli- Bistro sem er í næsta húsi. Í Hótel Reynihlíð starfar samhentur hópur stjórnenda og starfsfólks og þar ríkir jákvæðni og metnaður. Fyrirtækið hyggst nú efla starfsemi sína og í þeim tilgangi er auglýst laus staða:*

## Sölu og markaðsstjóra.

Starfssvið sölu og markaðsstjóra verður að annast alla sölu-, markaðs- og kynningarstarfsemi fyrirtækisins, tilboðs- og pakkagerð, umsjón heimasíðu og auk þess mun viðkomandi sinna öðrum störfum á hótelinu eftir nánara samkomulagi. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að búa í Mývatnssveit og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa víðtæka reynslu af sölu og markaðsstarfi og menntun sem nýtist í starfi.
- Hafa þekkingu á hótel- og veitingastarfsemi og íslenskri ferðaþjónustu almennt.
- Vera snyrtilegir og prúðir í framgöngu og hafa glaðlegt viðmót.
- Hafa framúrskarandi samskiptahæfileika.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. mars nk. Nánari upplýsingar veitir Pétur Snæbjörnsson hótelstjóri í síma 894 4171. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á petur@reynihlid.is
**Umsóknarfrestur er til 15 febrúar n.k.**

HÓTEL REYNIHLÍÐ

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Fjármálafulltrúi á skrifstofu fjármála og rekstrar

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu fjármálafulltrúa**

**Starfssvið:**
- Almenn rekstrarverkefni og skráning samninga
- Almenn bókhaldsstörf
- Umsýsla og skráning framfærsluléna
- Afstemmingar
- Vinna við uppgjör
- Skýrslugerð
- Aðstoð við eftirlit með rekstri

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldi æskileg
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.
**Umsóknarfrestur er til 10. febrúar 2012.**
Nánari upplýsingar veitir Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála og reksturs í síma 411 1111, netfang: hordur.hilmarsson@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**




# Fjölbreytt sumarstörf í boði

## Eftirtalin störf eru í boði:

**Farþega- og farangursþjónusta**
Innritun, byrðing og ýmis þjónusta við farþega. Tölvukunnátta, góð tungumálakunnátta og stúdentspróf eða sambærilega menntun æskileg. Lágmarksaldur 20 ár.

**Flugvélaþrif**
Ökuréttindi, enskukunnátta. Lágmarksaldur 18 ár.

**Fraktþjónusta**
Ökuréttindi, tölvukunnátta,enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 18 ár.

**Frívörulager**
Tölvukunnátta, enskukunnátta. Lágmarksaldur 20 ár.

**Hlaðdeild**
Ökuréttindi, enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 18 ár.

**Hleðslueftirlit**
Starfið felur meðal annars í sér gerð hleðsluskráa, þjónstu við áhafnir og samræmingu gagna frá öðrum deildum. Tölvukunnátta, góð enskukunnátta, stúdentspróf eða sambærileg menntun. Lágmarksaldur 20 ár.

Airport Associates óskar eftir að ráða fjölmarga einstaklinga í fjölbreytt og skemmtileg störf í alþjóðlegu starfsumhverfi á Keflavíkurflugvelli.

Um er að ræða hluta- og heilsdagsstörf þar sem unnið er á vöktum. Einnig bjóðum við kvöldvinnu eingöngu.

Umsækjendur þurfa í sumum tilfellum að sækja undirbúningsnámskeið áður en til starfa kemur. Umsækjendur þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, hafa ríka þjónustulund, vera stundvísir og agaðir í starfi en jafnframt sveigjanlegir. Reynsla á sviði flugafgreiðslu er kostur.

**Hægt er að sækja um störfin á vefsíðu fyrirtækisins www.airportassociates.com.**
**Umsóknarfrestur er til 11. febrúar 2012.**

Airport Associates
-at your service!

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# KÆLIVER

Kæliver ehf leitar að öflugum starfsmanni til starfa í þjónustudeild fyrirtæksins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.
Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Þjónustudeild leitar eftir vélfræðingum/vélvirkjum sem hafa reynslu í þjónustu og eftirliti á frysti-og kælikerfum.

Í starfinu felst aðallega:

- Þjónusta við minni og stærri kælikerfi.
- Þjónusta, uppsetningar og viðgerðir á ammoniak iðnaðarkerfum.
- Æskileg reynsla í TIG suðu / rörasuðu.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Kæliver ehf, Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík eða rafrænt, á netfangið kaeliver@kaeliver.is.
Allar nánari upplýsingar veitir Steinar Vilhjálmsson, í síma 894-4310.

*Nils S. Hansen AS is a mechanical workshop established in 1968 on Steinshamn in Sandøy kommune, Norway. Our main product is production of fast rescue craft made of marine aluminium. Today we are 17 employees at the yard.*

We are searching for persons for following positions:

## » Mechanic / fitter (foreman)

We are looking for mechanics / fitter with good knowledge of boats for installing waterjets and dieselengines in our high speed rescue boats. The foreman will coordinate labours and parts to make shure we are able to hand over our high quality products on time. Good knowledge of hyrdaulic and / or electrical systems will be considered as an advantage.

Futher information about us; www.nshmek.no
Any questions to be forwarded to helge@nshmek.no.

**NILS S. HANSEN AS**
*skips & mekanisk verksted*
Steinshamn
N-6487 Harøy

**SÓLHEIMAR**
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 80 ár.
Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns.

Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakarii, matvinnslu og gistiheimili.

Á staðnum eru sex mismunandi listasmiðjur, leirgerð, kertagerð,vefstofa, jurtastofa og smíðastofa.

Menningarstafssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús og íþróttaleikhús.

## Laust er til umsóknar starf við Sesseljuhús umhverfis- og fræðslusetur á Sólheimum.

Sesseljuhús er fræðslusetur um umhverfismál og sýningarhús um sjálfbærar byggingar. Þar fer fram fjölbreytt fræðsla um umhverfismál og sjálfbæra þróun og er m.a. boðið upp á umhverfisnám fyrir bandaríska háskólanemendur. Haldin eru málþing, fundir og námskeið þar sem allir eru velkomnir. Sesseljuhús sér einnig um rekstur Gistiheimilis Sólheima.

**Starfssvið**
Frekari uppbygging á starfsemi Sesseljuhúss.
Frekari uppbygging á Gistiheimili Sólheima ásamt ferðaþjónustu, s.s. endurbætur á gistiheimili, umsókn um umhverfisvottun og bókanir.
Móttaka og leiðsögn innlendra og erlendra hópa.
Skipulagning sjálfbærni- og umhverfisnáms fyrir innlenda og erlenda nemendur, auk kennslu.
Umbætur í umhverfismálum á Sólheimum.
Aðstoð við skipulagningu afmælisdagskrár í tilefni af 10 ára afmæli Sesseljuhúss.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Háskólamenntun í umhverfis- og/eða ferðamálafræðum, eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
Mjög gott vald á íslensku og ensku.
Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af kennslu og/eða fyrirlestrahaldi er kostur.

Um tímabundið starf til eins árs er að ræða og þarf umsækjandi að geta hafið störf þann 16. apríl. Húsnæði á Sólheimum er í boði.

Umsókn ásamt ferilskrá berist forstöðumanni Sesseljuhúss, Katrínu Magnúsdóttur, á netfangið katrin@solheimar.is fyrir 17. febrúar. Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í gegnum tölvupóst og í síma 480 4483.

**Sjá nánar á www.solheimar.is.**

## Spennandi starf hjá vaxandi fyrirtæki.
## Reebok Fitness leitar eftir gæðastjóra hóptímatöflu.

Gæðastjóri ber ábyrgð á hóptímatöflu, hóptíma þjálfurum og fylgjast með nýjungum í líkamsrækt.

Í boði er starf hjá nýju spennandi fyrirtæki.
Reebok Fitness er líkamsræktarstöð sem hefur starfað í 3 mánuði við frábærar móttökur. Okkar metnaður er að bjóða það nýjasta, skemmtilegasta og vinsælasta í hóptímum á aðeins 2.990 kr á mánuði og engin binding.

Ert þú rétta manneskjan í lið með okkur?

Hæfniskröfur
- Stúdentspróf
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af hóptímakennslu
- Jákvætt viðmót og heiðarleiki

**Reebok FITNESS**

Starfið er 50% og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. I Umsóknarfrestur er til 10.febrúar.
Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á gurry@reebok.is I Fullum trúnaði heitið við vinnslu umsókna.




**BYLGJAN** 25 ÁRA 989

## Heimir & Kolla
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


**PÓSTURINN**

## Stöðvarstjóri í Vestmannaeyjum

Viðkomandi hefur umsjón með daglegum rekstri Póstsins í Vestmannaeyjum sem nær til afgreiðslu, vinnslu og dreifingar. Pósthúsið í Vestmannaeyjum er einn af kjarnastöðum Póstsins á landsbyggðinni.

**Menntun/reynsla**
Stúdentspróf og/eða rekstrarreynsla. Tölvu- og bókhaldskunnátta nauðsynleg. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur
Anna María Guðmundsdóttir, svæðisstjóri
(annam@postur.is), í síma 421 4300.
Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012.

Sendið umsóknir á:
**Íslandspóst, launadeild,**
**Stórhöfða 29, 110 Reykjavík**

## Stöðvarstjóri í Borgarnesi

Viðkomandi hefur umsjón með daglegum rekstri Póstsins í Borgarnesi og uppsveitum Borgarfjarðar sem nær til afgreiðslu, vinnslu og dreifingar. Pósthúsið í Borgarnesi er einn af kjarnastöðum Póstsins á landsbyggðinni.

**Menntun/reynsla**
Stúdentspróf og/eða rekstrarreynsla. Tölvu- og bókhaldskunnátta nauðsynleg. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur
Þór Reynisson, svæðisstjóri
(thorr@postur.is), í síma 431 1001.
Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012.

Sendið umsóknir á:
**Íslandspóst, launadeild,**
**Stórhöfða 29, 110 Reykjavík**

## Stöðvarstjóri á Ísafirði

Viðkomandi hefur umsjón með daglegum rekstri Póstsins á Ísafirði og á norðanverðum Vestfjörðum sem nær til afgreiðslu, vinnslu og dreifingar. Pósthúsið á Ísafirði er einn af kjarnastöðum Póstsins á landsbyggðinni.

**Menntun/reynsla**
Stúdentspróf og/eða rekstrarreynsla. Tölvu- og bókhaldskunnátta nauðsynleg. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur
Þór Reynisson, svæðisstjóri
(thorr@postur.is) í síma 431 1001.
Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012.

Sendið umsóknir á:
**Íslandspóst, launadeild,**
**Stórhöfða 29, 110 Reykjavík**

## Splass

Engin venjuleg bílaþvottastöð!

**Óskar eftir starfsfólki**

Splass opnar stærstu og fullkomnustu bílaþvottastöðlandsins við Smáralind á næstunni.

Umsóknir sendist á starf@splass.is

---

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Námskeið til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið vorið 2012. Prófraunin skiptist í tvo hluta, auk verklegrar prófraunar.

Kennslugreinar í fyrri hluta eru: Einkamálaréttarfar, sakamálaréttarfar, fullnusturéttarfar, samning lögfræðilegrar álitsgerðar og lögfræðileg skjalagerð. Kennslugreinar í síðari hluta eru: Réttindi og skyldur lögmanna, þar á meðal siðareglur lögmanna og þóknun fyrir lögmannsstörf, málflutningur og önnur störf lögmanna, svo sem samningsgerð og meðferð stjórnsýslumála. Í tengslum við námskeiðið fer fram kynning á rekstri lögmannsstofa og starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna. Auk kennslu í fyrri og síðari hluta er verklegur hluti, sem felst í aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi. Kennsla fer fram í kennslusal Lögmannafélags Íslands að Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 27. febrúar til 9. mars 2012. (Tímar frá 09:15-12:00 og frá 13:15 eða 14:15-17:00 eða 18:00). Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 12. til 31. mars 2012. Nánari upplýsingar um fjölda kennslustunda og fyrirkomulag kennslu verða kynntar síðar.

Stefnt er að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 10. til 20. apríl 2012. Þá er stefnt að því að próf í síðari hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 23. til 30. apríl 2012.

Verklega prófraun skal þreyta eftir að fyrra hluta prófi er lokið og eigi síðar en einu ári eftir að lokið er síðari hluta prófi.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 250.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafélags Íslands á slóðinni www.lmfi.is. Við skráningu skal leggja fram afrit prófskírteinis eða vottorð háskóla til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is eða senda á skrifstofu Lögmannafélagsins að Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 22. febrúar 2012.**

*Innanríkisráðuneytinu,*
*31. janúar 2012*

---

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

## Úthlutun á svæði á þjóðlendu fyrir ökugerði.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur nú auglýst tillögu að endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða því auglýsir sveitarfélagið deiliskipulagstillögu. Á svæði vestan Þórshamars og Litlu kaffistofunnar er í deiliskipulagstillögunni gert ráð fyrir svæði fyrir ökugerði til ökukennslu í tveimur áföngum.

Umrætt svæði er á þjóðlendu skv. úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 og dómi Hæstaréttar í máli nr. 198/2009 sem kveðinn var upp 3. júní 2010. Í ljósi þess þarf leyfi forsætisráðuneytisins til að nýta land og landsréttindi á svæðinu til lengri tíma en eins árs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta.

Með auglýsingu þessari vill forsætisráðuneytið lýsa eftir aðilum sem áhuga kunna að hafa á starfsemi sem fellur að umræddri skipulagstillögu og uppfylla þá skilmála sem að neðan greinir.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Hvernig viðkomandi hyggst nýta fyrirhugaðan skipulagsreit í þeim tilgangi að hafa þar ökugerði til kennslu á ökutæki,
- Hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Ráðuneytið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 65 ára,
- Frágangur mannvirkja og akbrauta. Ráðuneytið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- Reynsla viðkomandi aðila af kennslu á ökutæki.

Skipulagstillögurnar má nálgast í forsætisráðuneytinu Hverfisgötu 4a til 6a, bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn og á heimasíðu forsætisráðuneytisins www.forsaetisraduneyti.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til forsætisráðuneytisins Stjórnarráðshúsinu við Lækjatorg, 150 Reykjavík, eigi síðar en 29. febrúar nk. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Örn Guðleifsson í síma 545 8400.

---

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Tilboð óskast í lýsingarbúnað fyrir Borgarleikhúsið Listabraut 3.***

Útboðsgögn á geisladisk verða seld á kr. 3.000, frá kl. 9:00 þann 6. febrúar 2012 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1. hæð.
Opnun tilboða: 16. febrúar 2011 kl. 10:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.
12745
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

LANDSNET

**Útboð BH1-01**

## Búðarhálslína 1
## Vegslóð, jarðvinna og undirstöður

Landsnet óskar eftir tilboðum í vegslóð, jarðvinnu og undirstöður í samræmi við útboðsgögn BH1-01.

Verkið felur í sér gerð vegslóðar, jarðvinnu við undirstöður ásamt framleiðslu og niðursetningu á undirstöðum fyrir Búðarhálslínu 1. Háspennulínan verður 220 kV, um 5,5 km löng og mun liggja frá tengivirki Landsnets við Búðarhálsvirkjun að Hrauneyjafosslínu 1 sunnan við Tungnaá.

**Helstu verkliðir eru:**
- Leggja vegslóðir að mastursstæðum.
- Vinna við að koma fyrir undirstöðum og stagfestum í mastursstæðum.
- Bora fyrir og steypa niður bergbolta og bergfestur.
- Framleiða undirstöður og staghellur.
- Framleiða innsteypt stál í undirstöður og bergbolta.
- Leggja jarðskaut.
- Ganga frá slóðum, námum og mastursstæðum í verklok.

**Verkinu skal að fullu lokið 30. september 2012.**

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 7. febrúar 2012.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir kl. 14:00 mánudaginn 5. mars 2012 þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

---

## Kælir og kassaborð til sölu

3 stk Stenestams tveggja belta kassaborð, verð 125.000 á stk
1 stk Clares kassaborð með einu færibandi, verð 80.000
1 stk Carrier remote hillukælir, lengd 385 cm og hæð 205 cm, verð 200.000

Nánari upplýsingar veitir Bergsveinn Ólafsson s. 863-5868

---

Akkur
Styrktar- og menningarsjóður VM

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM

**Sjóðurinn veitir tvennskonar styrki**

- Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnu-umhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsefnis og kennsluaðferða til menntunar þeirra.
- Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.
- Einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

*Umsóknir berist Akki, Styrktar- og menningarsjóði VM, eigi síðar en 2. mars 2012.*

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM, www.vm.is, þar sem nálgast má umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar.**

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík
575 9800 - www.vm.is

*- okkur er annt um þinn hag*

## Laufengi 2
112 Reykjavík
Góð lán áhvílandi

**Stærð: 130,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 23.250.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn kl. 16.00-16.30** **Verð: 27.500.000**




RE/MAX Senter og Þóra kynna gullfallega íbúð með stæði í bílageymslu á 1. hæð í litlu fjölbýli með stórri timbur verönd í suður/austur.
Íbúðin skiptist í: Forstofu/hol, eldhús, stofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús og geymslu innan eignar. Komið er inn í forstofu með flísum, eldhús er með hvítri innréttingu og rúmgóðum borðkrók. Borðstofa og stofa eru opnar í framhaldi af eldhúsi þaðan gengið út á nýjan 30 fm. timburpall sem er alveg afgirtur. Á gangi eru þrjú herbergi, hjónaherbergi er rúmgott með skápum og tvö barnaherbergi með skápum. Baðherbergi er ný-uppgert, flísalagt í hólf og golf með baðkeri sturtuklefa, hvítri innréttingu, upphengdu salerni, handklæðaofni og hita í gólfi. Gólfefni; í forstofu, eldhúsi og baðherbergi eru flísar, annarsstaðar er parket. Íbúðin er vel skipulögð í mjög góðu ástandi. Eigninni fylgir geymsla á sömu hæð og íbúðin er ásamt stæði í rúmgóðri bílageymslu þar sem aðstaða er til að þrífa bíla. Húsið er ný málað að utan.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Skógarhjalli 11
200 Kópavogur
Glæsilegt hús í suðurhl. Kópavogs

**Stærð: 195,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 47.950.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn kl. 17.00-17.30** **Verð: 58.500.000**




RE/MAX Senter kynnir glæsilegt einbýlishús í suðurhlíðum Kópavogs.
Um er að ræða fallegt einbýlishús á tveimur hæðum þar sem hönnun miðast við að nýta staðsetninguna og njóta veðurblíðunnar sem best. Hugsað hefur verið út í öll smáatriði svo sem með innfelldri lýsingu, hönnun lofts og gluggasetningu. Nánari lýsing; Forstofa með skáp, eldhús er með innréttingu úr eik/sprautulökkuðum framhliðum, gott skápapláss, eldavélaeyju með háf, tengt fyrir uppþvottavél. Innaf eldhúsi er rúmgóð geymsla. Borðstofan er rúmgóð og opin með rennihurð út á hellulagða, skjólgóða verönd sem snýr í suð-vestur. Stofa með arni og uppteknum loftum, stórum gluggum og eikarparketi. Sjónvarpshol og þvottahús með innréttingu og glugga og gestasnyrting eru janframt á 1. hæð. Á annari hæð eru 2 barnaherbergi og hjónaherbergi með mikilli lofthæð. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, nuddbaðkar og sturtuklefi. Hiti er í gólfum neðri hæðar, innfelld lýsing hússins er hönnuð af Lumex.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Mánatún 6
105 Reykjavík
Vönduð 3.herb íbúð á góðum stað !

**Stærð: 127,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2001**
**Fasteignamat: 30.950.000**

RE/MAX Lind







Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is

**Opið hús sunnudag 5.feb. kl.17 -17:30** **Verð: 42.900.000**

Mjög vönduð, falleg og björt íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi með yfirbyggðum svölum í viðhaldsfríu húsi. Sér bílastæði í upphituðu bílskýli. Eignin er mjög vel skipulögð, tvö svefnherbergi, fataherbergi, baðherbergi og þvottahús öðru megin og svo stofa borðstofa og eldhús sér.
Eignin skiptist í: Forstofu, eldhús, stofa/borðstofa, baðherbergi, tvö svefnherbergi, fataherbergi, þvottahús og stæði í bílskýli.
Allar upplýsingar veitir: Hannes Steindórsson s.699-5008 og hannes@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Brekkuás 1
221 Hafnarfjörður
Glæsileg 4ra herb. útsýnisíbúð.

**Stærð: 115,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind







Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is


Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

**Opið hús lau. 4.feb. 2012 15:00-15:30** **Verð: 29.900.000**

Glæsileg 4ra herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu, lyfta í húsinu. Vandaðar Brúnás innréttingar, granít borðplötur og sólbekkir, AEG tæki, eikar parket og flísar.
Gengið inn í flísalagða forstofu með fataskáp. Þrjú rúmgóð svefnherbergi með fataskápum. Parketlögð stofa með útgengi á verönd. Eldhús með eikar innréttingu, opið inn í borðstofu, glæsilegt útsýni. Baðherbergi flísalagt hólf í gólf með sturtu og baðkari. Þvottahús innan íbúðar.
Eign sem vert er að skoða.


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Einivellir 7.
221 Hafnarfjörður
Falleg 3ja herbergja á jarðhæð

**Stærð: 88,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 16.750.000**

RE/MAX Lind







Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

**SUNNUDAG 5.FEB FRÁ 15 -15.30** **Verð: 19.900.000**

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi við Einivelli 7 í Hafnarfirði. Forstofa er aflokuð,skápumar.Eldhús með eikarinnréttingu
Hjónaherbergið, með góðum skápum. Barnaherbergi með skápum
Baðherbergið með baðkari með sturtuhaus. Handklæðaofn
Stofan er rúmgóð og með útgengi í sérgarð. Þvottahús er innan íbúðar


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Brekkuás 3
221 Hafnarfjörður
Falleg 2ja herbergja íbúð.

**Stærð: 86,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Lind







Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is


Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

**Opið hús lau. 4.feb. 2012 15:00-15:30** **Verð: 20.900.000**

Gengið inn í flísalagða forstofu með fataskáp. Rúmgóð samliggjandi stofa og borðstofa, gengið út á sér verönd úr stofu. Í eldhúsi er vönduð eikar innrétting frá Brúnás, á borðum og sólbekkjum er granít. Vönduð stál AEG tæki, ofn, gufugleypir, niðurfellt helluborð. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, eikar innrétting, granít borðplata. Í herbergjum eru eikar fataskápar. Á gólfum er eikar parket, utan baðherbergis og þvottahús sem eru flísalögð.


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur




- **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**

**www.RE/MAX®.is**

## Fjórhjól




COMBO BOX Tankur/Farangursbox. KE Málmsmíði, Axarhöfða 18 Símar: 587-0626 og 696-3522.



Til sölu Polaris Sportsman fjórhjól. Polaris Sportsman Touring Twin árgerð 2008. Ekið 3500km. Hjólinu fylgir einnig kerra. Ásett verð 1990þús. Tilboð 1690þús. Uppl. í s. 894 0044.

## Vinnuvélar




Allir varahlutir og þjónusta fyrir
JCB
vinnuvélar
Sími 527-2600
www.Vélavit.is



MultiOne, árg. '08, notkun 70 tímar. Nýv. 6.5 m. Tilboðsv. 3.5 m. Uppl. 840 7640.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

**Grásleppuveiðimenn**
Nálfelld grásleppunet, flotteinar, blýteinar, felligarn, netaslöngur. Heimavík ehf. S. 892 8655 www.heimavik.is

Handfæravindur óskast. S. 845 3555.

## Flug



Til sölu eða leigu falleg eyðslugrönn, og hraðfleyg 2 hreyfla flugvél í toppstandi. Frábær flugvél í alla staði. Áhugasamir hafi samband í 899 2532 eða info@atf.is

## Aukahlutir í bíla




**Erum með til sölu fullkomnustu alhliða bílagreinir á markaðnum í dag.**
**Þessi bilagreinir les yfir 125 kerfi og er hún notuð af bílaumboðum og einnig við kennslu í verkmenntadeild í bifvélavirkjun að Gylfaflöt o.fl.**
**Verð 52.000.- m/Vsk**
**Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.bilaskannar.is eða í síma 867 0934.**

## Hjólbarðar




## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16

## Pípulagnir




## Hreingerningar

Þrif & þvottur
Reykjavíkurvegi 48 - S. 893 0611

Alhliða hreingerningarþjónusta. Teppahreinsun / Bónþjónusta / flutningsþrif. Þrif og þvottur, Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611.

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Tek að mér heimilis og flutningsþrif, íslensk kona. Er vön, vandvirk og áreiðanleg. Uppl. í síma 690 3959.

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðafjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Öll almenn bókhaldsþjónusta. Fljót, vönduð og ódýr þjónusta. GAIUS s. 892 5784.

## Málarar

Tek að mér alla alhliða málningarvinnu. Hörkuduglegur og sanngjarn í verði. Endilega hafið samband í síma 6607601 eða e-mail vidirv@simnet.is Víðir Víðisson

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
**Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is







**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1770, jardlausnir@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Nudd

Slökunarnudd rvk 101. Tel. 857 0740.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái: í spil, bolla, lófa og rúnir. Kr. 4500. Tímapantanir í síma 845 8896.

Spái í spil, kristalkúlu og bolla. Les árur. Sími 863 2261 Jóna Jóns.

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Veisluþjónusta



Ódýrar veislur, 1.250 á mann heitt hlaðborð, 990 á mann kalt borð, lágmark 10 manns. Þórainn Eggertsson fyrrverandi landsliðskokkur pantanir í síma 822-3001.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Trésmíði

Eldri reyndur trésmiður. Sanngjarnt fast verð/tímavinna 659 5648 Stefán Ragnar

## Viðgerðir




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## Til sölu

20 ft. gámur með eldhúsinnréttingu og wc. Verð 750 þús + vsk. Uppl í s 8978918



Til sölu „Eames Lounge Chair" með kirsuberjaskel, hannaður af Charles og Ray Eames. Verð 600.000 kr. Uppl. í s. 691 4555.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurkkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976.



**GSM eftirlitskerfi**
**Erum með til sölu hina geisivinsælu Gsm eftirlitskerfi með nætursýn fyrir sumarbústaði og heimili, einnig erum við með aukahluti til að bæta við kerfið. Innifalið í pakkanum er: 2 fjarstýringar, 1 hurðarskynjari, ásamt spennibreyti. Verð á pakka 33.600.- m/Vsk**
**Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.bilaskannar.is eða í síma 867 0934.**




**Heilinn þinn er kraftaverk**
Frábær bók um það að bæta orku heilans, efla minnið, bæta skap og líðan, þroska greind og hægja á öldrun með venjulegu mataræði og bætiefnum. Fæst í öllum helstu bókabúðum. Nánar á www.heimaerbezt.net

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Námskeið

### STANGVEIÐIMENN ATHUGIÐ

Nýtt námskeið í flugköstum í TBR húsinu Gnoðavogi 1 .
**Hefst sunnudaginn 5. febrúar kl. 20:00.**
**Kennt verður 5 - 12 - 19 - 26 febrúar.**
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu **(ekki kort )** mætið tímanlega munið eftir inniskóm.

**Verð 13.000 kr enn 11.000 kr til félagsmanna.**
Uppl. í síma **894 2865** Gísli eða í síma **896 7085** Svavar
KKR, SVFR og SVH

## Óskast til leigu

### Orlofshús í sumar

**Stéttarfélag í Reykjavík óskar eftir að taka á leigu orlofshús í sumar (helst með heitum potti) á Norður - eða Vesturlandi.**

**Tilboð sendist á palmi@samidn.is fyrir 10.febrúar.**

## Fasteignir

**SG smiður ehf. Er að byggja 198 fm einbýlishús við Þrúðsali.**



Eitt hús óselt, selst fullbúið að innan og utan frágengið með lóð. Skipti koma til greina á minni eignum. Sýningarhús að Þrúðsölum 5

**Verð aðeins 62 millj.**
**Framkvæmdarstjóri verður á staðnum milli 14-16 í dag. Uppl. í síma 892 4624**

# domus

Rósa Pétursdóttir
Löggiltur leigumiðlari
Sími: 664-6012
rentus@rentus.is



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
Sími: 664-6013
elsa@domus.is



Linda B Stefánsdóttir
löggiltur fasteignasali



Domus fasteignasala | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík | Sími 440 6000 | Fax 440 6001 | domus@domus.is



**Máshólar 8 111 Reykjavík**



**Opið hús á morgun sunnudaginn 5 febrúar milli klukkan 14:00 – 15:00**
Virkilega fallegt og vel skipulagt 242,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum þar af 57,8 fm. 2ja herb. íbúð með sérinngangi. Stórt bílaplan fyrir framan hús og stór pallur. Mikið og fallegt útsýni. Verð 59,9 millj. Upplýsingar veitir Elsa viðskiptastjóri sími: 664-6013 eða elsa@domus.is



**Hörgslundur 2 210 Garðabær**



**Opið hús á morgun sunnudaginn 5 febrúar milli klukkan 15:30 – 16:30**
Einstaklega vandað og glæsilegt 319,8 fm. einbýlishús á einni hæð þar af 50,2 fm. bílskúr og 50,2 fm. geymsla undir bílskúr.. Húsið er mikið uppgert og allt hið vandaðasta. Fallegur gróinn garður og stór pallur. Falleg eign sem vert er að skoða á besta stað í Garðabæ. Verð 78,5 millj. Upplýsingar veitir Elsa viðskiptastjóri sími: 664-6013 eða elsa@domus.is



**Sólheimar 14, 104 Reykjavík**



**Opið hús á morgun sunnudaginn 5 febrúar milli klukkan 14:00-14:30**
Virkilega falleg 3-4ra herb 95,4 fm. íbúð á jarðhæð. Eldhúsið með fallegri innréttingu með góðu skápaplássi. Nýr fataskápur í hjónaherbergi. Þvottahús er innan íbúðar. Eign á vinsælum stað í Reykjavík. Verð 23,9



**Hraunbær 156**
**110 Reykjavík**



**Opið hús á morgun sunnud. 5 febrúar milli klukkan 13 – 13:30 bjalla 2HV**
Falleg og rúmgóð 5 herb. 130,6 fm. íbúð á annarri hæð í góðu fjölbýli. Nýir gluggar, Nýtt parket á öllum herbergjum. Ný eldhúsinnrétting og tæki. Baðherbergið uppgert.
Eignin er laus strax. Verð: 26,9 millj.
Upplýsingar veitir Elsa viðskiptastjóri sími: 664-6013 eða elsa@domus.is



**Hamraborg 14A**
**200 Kópavogur**
Verslunarhúsnæði



Verslunarhúsnæði á jarðhæð á þessum góða stað í Kópavogi. Verslunarrýmið er með fallegum steinteppum á gólfi og tekið gegn árið 2007. Úr lagerrýminu að aftan er gengið inn í bílageymslu. Verð 19,9 millj.
Upplýsingar veitir Elsa viðskiptastjóri sími: 664-6013 eða elsa@domus.is

Rentus leigumiðlun sérhæfir sig í almennri leigumiðlun og þjónustar jafnt einstaklinga og fyrirtæki sem vilja leigja út fasteignir.
Mikil eftirspurn eftir leiguíbúðum, vantar eignir á skrá.
Laugavegur 97, 101 Reykjavík sími 440-6100/664-6012
rentus@rentus.is; www.rentus.is

Rentus
LEIGUMIÐLUN

www.domus.is

HÍBÝLI
FASTEIGNASALA
Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

OPIÐ HÚS

## OPIÐ HÚS - JÖKLAFOLD 39 REYKJAVÍK





**KÁRI TEKUR Á MÓTI GESTUM Í DAG LAUGARDAG MILLI KL. 16 OG 17.**

Mjög falleg og vönduð 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi í Grafarvoginum. Íbúðin skiptist þannig: Flísalögð forstofa og hol. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stór stofa með útgengt á vestursvalir. Svefnherbergi með innb. fataskáp. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Barnvænt umhverfi. Stutt í grunnskóla og verslun.
**Verð 17,9 millj.**

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808



# Malarás

**110 Reykjavík**

9 herbergja tveggja hæða einbýlishús



Nánari upplýsingar veitir
**Heimir H. Eðvarðsson**
sölufulltrúi

**sími:** 893 1485
heimir@miklaborg.is

322,8 m² þar af 40,2 m² bílskúr

Verð: **69,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# SÖLUSÝNING: Boðaþing 10–12, Kópavogi
# LAUGARDAG OG SUNNUDAG kl. 13–16

# Lífsgæði, friðsæld og útivist



Vilt þú lifa lífinu í glænýju, fyrsta flokks húsnæði í kyrrlátu umhverfi og í tengslum við náttúruna? Þá gæti þetta verið húsið fyrir þig.

Frá **Boðaþingi 10–12** í Kópavogi er stutt í náttúruperlurnar Heiðmörk og Elliðavatn, golf, veiði, hestamennsku og sund svo eitthvað sé nefnt. Húsið er byggt í samræmi við ítrustu kröfur; vandaðar innréttingar, hjónasvíta, sólskáli og sér þvottaherbergi í hverri íbúð, bílskýli, lyfta og upphitaðar stéttir á lóð. AEG eldhústæki, granítborðplötur og sólbekkir, hreinlætistæki frá Tengi, innréttingar frá Axis, flísar frá Birgisson og innhurðir frá Víkurási. Þessi eign er fyrir þá sem vilja hugsa til framtíðar. Viðhaldslítið hús með fullfrágenginni sameign.
**Til sýnis og afhendingar nú þegar.**

Boðinn, ein glæsilegasta þjónustumiðstöð höfuðborgarsvæðisins, er við Boðaþing.



**AÐEINS FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI**

**Penthouse**: 116 og 169 fm
**3ja herbergja**: 123 til 146 fm
**2ja herbergja**: 52 til 98 fm

Frekari upplýsingar á **husavik.net** og hjá Húsavík fasteignasölu í síma **510 3800**.



Byggingaraðili: HÚSVIRKI

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartúni 29, 105 Reykjavík, Sími: 510 3800

Panodil® Zapp

# 2x FRÁSOGAST HRAÐAR

en venjulegar parasetamól töflur




## HRAÐVIRK LINUN SÁRSAUKA. KRÖFTUG HITALÆKKANDI OG VERKJASTILLANDI ÁHRIF.

**Panodil Zapp frásogast helmingi hraðar en venjulegar parasetamól töflur, þannig næst hratt sú vel þekkta og öfluga verkjastilling sem þú getur treyst.**

gsk GlaxoSmithKline

**Panodil Zapp (parasetamól, 500 mg). Ábendingar:** Höfuðverkur, tannverkur, hiti sem fylgir kvefi, tíðaverkir, vöðva- og liðverkir, verkjastillandi við gigtarverkjum, hár hiti. **Skammtar og lyfjagjöf:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1 2 töflur á 4 6 klst. fresti, að hámarki 8 töflur á sólarhring. Börn 10-15 mg/kg líkamsþyngdar á 4 6 klst. fresti, að hámarki 4 sinnum/sólarhring. Gæta skal varúðar ef um skerta nýrnastarfsemi og lifrarsjúkdóm er að ræða. Skal ekki notað með öðrum verkjalyfjum sem innihalda parasetamól (t.d. samsettum lyfjum). Hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið hættu á mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Aukaverkanir:** Mjög sjaldgæfar: Almennar: Ofnæmisviðbrögð. Útbrot, ofsakláði, ofsabjúgur. Lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir af völdum parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis. Við langtímanotkun er ekki hægt að útiloka hættuna á nýrnaskemmdum. Pakkning: Filmuhúðaðar töflur 500 mg, 20 stk.. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli lyfsins. Nánari upplýsingar eru á http://www.serlyfjaskra.is. Panodil er skrásett vörumerki GlaxoSmithKline fyrirtækjasamstæðunnar.

SB30057 12/2011













Umhverfisvæn sjónarmið, þar á meðal endurvinnsla og sjálfbærni, eru höfð að leiðarljósi við gerð húsa frá Minarc. MYNDIR/MINARC

# Með nýtni að leiðarljósi

● Umhverfisvæn og sjálfbær einingahús úr smiðju arkitektahjónanna Erlu Daggar Ingjaldsdóttur og Tryggva Þorsteinssonar, hjá Minarc í Los Angeles, vekja athygli vestanhafs.

Arkitektarnir og hjónin Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Þorsteinsson, sem reka stofuna Minarc í Los Angeles, hafa sett á markað einingahús gerð með umhverfisvænni og framsækinni aðferð í byggingaframleiðslu sem kallast Mnm.MOD. Húsin, sem hafa nú verið á teikniborðinu í nokkur ár, hafa vakið athygli fjölmiðla vestanhafs og þannig segir bandaríska tímaritið Design Bureau þau vera stórkostleg í nýjasta tölublaði sínu.

Erla og Tryggvi lýsa sjálf hugmyndinni að baki húsunum með eftirfarandi hætti: „Hún gengur út að nýta hvert efni til fullnustu og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, þar á meðal af völdum úrgangs,“ útskýra þau. „Við sjáum verðmæti í einstökum efniviði og erum sífellt að leita leiða til að nýta hann, jafnvel á nýstárlegan máta, endurnýta og endurnýta enn frekar. Að okkar mati er nýtni stór hluti af því að vera umhverfisvænn.“



Hjónin og arkitektarnir Tryggvi Þorsteinsson og Erla Dögg Ingjaldsdóttir hafa rekið arkitektastofuna Minarc í Los Angeles við góðan orðstír um nokkra ára skeið.

Þannig er endurunnið og endurnýtanlegt byggingarefni notað við framleiðslu húsanna. Hvert og eitt er síðan sérhannað út frá staðsetningu þannig að orka sem fellur til, jarðhiti, sólar- og vindorka, er nýtt. Þá vekur óvenjuleg byggingaraðferð athygli en húsin eru að mestu gerð úr panel-einingum sem eru settar saman eins og LEGO-kubbar. Að sögn Erlu og Tryggva fylgja þessu fyrirkomulagi ýmsir kostir.

„Hægt er að setja húsin saman á staðnum eða í verksmiðju og þannig fylgjast vel með framleiðslunni og fyrirbyggja að sóðaskapur myndist á byggingastaðnum. Með þessu móti gefst líka færi á að útfæra húsin eftir smekk hvers og eins. Svo ekki sé nú minnst á að jafn auðvelt er að taka húsin niður og að setja þau upp,“ benda þau á. „Einingahús eru klárlega framtíðin.“

Hugmyndin að baki einingahúsunum er því í takt við þá umhverfisstefnu sem Erla og Tryggvi hafa fengið lof fyrir á undanförnum árum. Þau hafa unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir umhverfisvæna hönnun undir merkjum Minarc. Meðal annars hafa þau hlotið International Design Awards fyrir einbýlishús og fengið R+D Awards fyrir vask úr endurunnu gúmmíi, svo fátt eitt sé nefnt. *- rve*

## Íslensk hönnunarsýning framlengd

● **SÍÐUSTU FORVÖÐ Í FRANKFURT** Sýningin Randscharf Design in Island, sem opnuð var þann 21. september í Museum für Angewandte Kunst í Frankfurt, hefur verið framlengd um tvær vikur, eða til 4. mars. Á sýningunni er að finna yfir 100 vörur eftir 59 íslenska hönnuði, vöruhönnuði, fatahönnuði og grafíska hönnuði.

Tilurð sýningarinnar varð í tengslum við heiðursþátttöku Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt 2011. Útsendarar MAK safnsins komu hingað til lands á HönnunarMarsinn 2011 og völdu hönnuði til þátttöku. Í tengslum við sýninguna gaf safnið einnig út veglega sýningarskrá upp á 203 blaðsíður þar sem er að finna tugi ljósmynda af íslenskri hönnun, viðtöl og umfjöllun um íslenska hönnuði. Sýningarskráin er bæði á ensku og þýsku og er eitt ítarlegasta rit sem gefið hefur verið út um íslenska hönnun. Sýningarskráin er eitt veglegasta rit sem gefið hefur verið út um íslenska hönnun. Forsíðuna prýðir hönnun Sruli Recht.

Yfir 15.000 gestir hafa sótt sýninguna frá því hún var opnuð þann 21. september í fyrra. *- rat*



AF GEFNU TILEFNI VILJUM VIÐ MINNA Á AÐ

# ALLIR HAMBORGARAR OG ALLT HAKK FRÁ

ÍSLANDS
NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

## ER 100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT




ÓMÓTSTÆÐILEGAR HUGMYNDIR
www.islandsnaut.is

Fæst í verslunum BÓNUS HAGKAUP

# heimili & hönnun

## HEIMA VIÐ



**AUÐUR ÖSP GUÐMUNDS-DÓTTIR VÖRUHÖNNUÐUR**



**Eftirlætis húsgagnið mitt:** Húsgagnið „Að safna sjálfum sér“ eftir vöruhönnuðinn Höllu Kristínu Hannesdóttur, því mér finnst svo ótrúlega áhugavert að velta því fyrir mér hverju fólk safnar og af hverju? Svo er líka yndislegt að geta setið eins og konungur yfir gersemum sínum.

**Í augnablikinu langar mig í:** Vestfirskan kvótaprins með gullhjarta.

**Stofan mín væri ekki eins án:** Hátíðarveifu í loftinu, landakorts á veggnum, köflótts ullarsófa, myntugrænna borðstofustóla, borðstofuborðs og nokkurra lampa og kerta. Án þessara hluta væri stofan mín algerlega tóm.

**Næsta framkvæmd í húsinu verður:** Að mála baðherbergið mitt gulllitað. Mig langar líka að hafa það röndótt.

**Uppi á vegg hangir:** Ótrúlega falleg teikning eftir Ingu Maríu Brynjarsdóttur sem ég fékk mér í jólagjöf.









BYLGJAN 989

Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12




## Seljabraut 40

109 Reykjavík
Laus til afhendingar

Stærð: 99,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1975
Fasteignamat: 14.900.000

RE/MAX Senter







**Opið hús á sunnudag 13.00 - 13.30**

**Verð: 18.900.000**

Flísalögð forstofa með skáp. Eldhús með snyrtilegri innréttingu, flísar á milli skápa og gólf flísalagt. Rúmgóð stofa með nýju parketi og útgengi á flísalagðar suðursvalir. Baðherbergið er með tengi fyrir þvottavél. Hjónaherbergið er á efri hæð með sjónvarpsholi fyrir framan herbergið. Rafmagn hefur verið endurnýjað, stór geymsla, innangengt er í bílskýli, mjög stutt í verslun, gott leiksvæði fyrir börn beint fyrir utan. Einnig er stutt í leikskóla og grunnskóla.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## Arnarás 14-16

## 210 Garðabær



**Fasteignamat samtals: 248.000.000 - Brunabótamat samtals: 261.500.00**





RE/MAX Senter

# fjárfesting!

## 12 íbúðir á góðum stað

**RE/MAX SENTER KYNNIR:** leiguíbúðir í 12 íbúða húsi við Arnarás í Garðabæ.Í húsinu eru átta 3ja herbergja íbúðir og fjórar 2ja herbergja íbúðir allar eru þær með vestursvölum.

Það er leigufélag sem á húseignina en leigufélagið getur verið til sölu eða eingöngu húseignin.Skv skrám FMR er stærð heildar eignarinnar með sameign 1.254.10 fm þ.e. að annar hlutinn er 627,10 og hinn 627 fm.

**Eign á góðum stað sem hefur fengið gott viðhald**
Hægt er að nálgast teikningar af eigninni og nánari upplýsingar um áhvílandi lán á skrifstofu RE/MAX SENTER Skútavogi 11



**Gunnar Sverrir**
Sölufulltrúi
**862 2001**
arg@remax.is

**Ástþór Reynir**
Lögg. fasteignasali
**414 4700**
arg@remax.is



## Lækjargata

220 Hafnarfjörður
Lítið einbýli á vinsælum stað

Stærð: 63 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1943
Fasteignamat: 15.800.000

RE/MAX Senter



**opið hús á Sunnudag kl 15.00 - 15.30**

**Verð: 18.600.000**





RE/MAX Senter kynnir notalegt einbýlishús við lækinn í Hafnarfirði.
Húsið er bakhús og stendur á sér lóð við Lækjargötu. Húsið telur tvö svefnherbergi auk eldhúss/stofu og baðs.
Eigninni fylgir stór, sólríkur garður sem er nýlega hellulagður að hluta. Húsið er 63 fm samkvæmt FMR og lóðin tæpir 500fm.
Gengið er inn í anddyri fyrir miðju húsinu og inn í hol þar sem herbergi eru á vinstri hönd og eldhús og stofa á hægri hönd. Flísar á gólfum, baðherbergi er einnig flísalagt í hólf og gólf og með aðstöðu fyrir þvottavél.
Undir timburverönd er möguleiki á að koma fyrir góðri geymslu.
Stutt er í skóla, leikskóla og alla helstu þjónustu í Firðinum.
Þessi eign er tilvalin fyrir fólk sem vill einbýli með sér garði miðsvæðis í Hafnarfirði.
Allar upplýsingar veitir Ástþór Reynir í síma 8996753 eða á arg@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## Ásendi 19

108 Reykjavík
Mikil yfirtaka,íbúð með sérinngang

Stærð: 97,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1966
Fasteignamat: 19.450.000

RE/MAX Senter




**opið hús á Sunnudag kl 14.00 - 14.30**

**Verð: 21.900.000**





RE/MAX SENTER KYNNIR: 3ja herbergja 97,2fm neðri sérhæð í þríbýli við Ásenda með sér inngang.
Nánari lýsing: Flísalögð forstofa, hol, eldhús, borðkrókur og stofa með eikarstafa parketi.
Úr holi er lítið tölvuherbergi, þar innaf er stór geymsla. Baðherbergi er með flísum í hólf og gólf ásamt baðkari og sturtu, skápar á tveim veggjum ásamt tengi fyrir þvottavél.
Eldhús með fallegri hvítri innréttingu ásamt borðkrók. Stórt hjónaherbergi með dúk á gólfi ásamt góðum fataskáp. Annað stórt herbergi með fataskáp og dúk á gólfi.

Fallegur sameiginlegur garður, ásamt lítilli úti geymslu.

Eign á vinsælum stað þar sem er stutt í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



**UPPGANGUR** Aðstaðan í Brettagarðinum er orðin afar flott og mikill uppgangur er hjá félaginu, nú eru í því um 80 virkir félagar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ■ SINDRI SIGÞÓRSSON

### Frelsi sem fylgir hjólabrettinu

Ég var alltaf að renna mér á snjóbretti en vinir mínir voru á hjólabrettum. Ég ákvað að prófa og mér finnst þetta ógeðslega skemmtilegt, að stökkva og svona," segir Sindri Sigþórsson, 12 ára skata úr Hlíðahverfinu. „Það er svo mikið frelsi að vera á brettinu."

Sindri byrjaði að renna sér á hjólabretti í fyrrasumar en er nú þegar orðinn einn efnilegasti brettamaður landsins.

Hann segist einu sinni hafa meitt sig á hjólabrettinu. „Ég tognaði þegar ég var að gera kick-flip í quarter-pipe og svo meiddi ég mig einu sinni í ökklanum," segir Sindri, sem var þó ekki með hjálm á höfði þegar blaðamann bar að garði. Hann segir að mamma hans vilji að hann noti hjálm.

„Ég var einu sinni alltaf með hjálm en svo fékk ég gat á hausinn og mér finnst svo óþægilegt að hafa hann eftir það. En ég ætla bráðum að fara að nota hann aftur."



# Svífandi skötur í Vesturbænum

**Hjólabrettafélag Reykjavíkur** fagnar 17 ára afmæli sínu á árinu. Brettafólkið, eða sköturnar eins og það kallar sig stundum, hefur byggt upp starfsemi félagsins með miklum myndarbrag í húsnæði félagsins við Seljaveg. Óvíst er þó um framtíðarhúsnæði félagsins. *Kristján Hjálmarsson* og *Valgarður Gíslason* fylgdust með glæsilegum tilþrifum í Brettagarðinum.

Forsenda hjólabrettaiðkunar á Íslandi er að við höfum innanhússaðstöðu. Eins og sést hefur síðustu tvo mánuði þá hefur verið alveg ófært utandyra," segir Bjarni Einarsson, sem situr í stjórn Brettafélags Reykjavíkur.

Brettafélag Reykjavíkur fagnar 17 ára afmæli sínu á þessu ári. Mikill uppgangur hefur verið hjá félaginu síðustu ár en nú eru í því um 80 virkir félagar sem eru á aldrinum 5 til 45 ára.

Hjólabrettamenn kalla sig stundum skötur. Að sögn Bjarna er nafnið dregið af enska orðinu skate sem og fisknum skötu.

„Árið 2000 vorum með aðstöðu í gamalli fiskimjölsverksmiðju úti á Granda. Þið getið rétt ímyndað ykkur lyktina en þá festist nafnið Skötuhúsið við aðstöðuna eftir að okkur leið öllum eins og „skötum" en ekki „skaters" þarna inni. Svo eru sköturnar jaðardýr eins og við," segir Bjarni og hlær.

Eitt það fyrsta sem fólk verður vart við í brettagarðinum er sú virðing sem hjólabrettamennirnir bera hver fyrir öðrum. Eldri og reyndari brettamenn bíða þolinmóðir á meðan þeir yngri og óreyndari renna sér og hvetja þá til dáða.

„Í hjólabrettagörðum erlendis getur þú lent í því að stóri, sterki og tattúveraði hjólabrettagaurinn klessir á þig og þú ert í stórhættu. Hér er hins vegar pláss fyrir alla og hér fá allir séns. Það er kúltúrinn sem við höfum skapað," segir Bjarni.

> Sköturnar eru jaðardýr í sjónum eins og við

Það hefur reynst þrautinni þyngra fyrir sköturnar í Brettafélaginu að fá aðstöðu fyrir áhugamál sitt. Á þeim sautján árum sem félagið hefur verið starfrækt hefur það verið á sjö mismunandi stöðum. Síðustu tvö ár hefur félagið þó verið með aðstöðu að Seljavegi 2 í Vesturbænum.

„Það sem okkur dreymir um er langtímaleigusamningur fyrir hjólabrettaaðstöðu innanhúss á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Við erum rosalega ánægðir hér en nýtt stálgrindahús á besta stað er náttúrulega draumurinn," segir Bjarni og hlær. Brettafélagið hefur síðustu ár fengið leigu- og framkvæmdastyrk frá Reykjavíkurborg sem félagsmenn eru himinlifandi yfir. „Það hefur mikil orka farið í að þurfa alltaf að byggja allt okkar upp á nýtt. Við erum ánægðir með að hafa fengið að vera hér síðan 2009 og vonandi verður framhald þar á," segir Bjarni.

## ■ ORÐABÓK SKÖTUNNAR

**Bretti, plata, áhættuviður** – hjólabretti

**Teilið** – afturendinn á brettinu.

**Nósið** – Framendinn á brettinu.

**Konkeifið** – Skálin í brettinu.

**Regular stance** – Ýtir þér með hægri löpp.

**Goofy stance** – Ýtir þér með vinstri löpp.

**Switch stance** – ýtir þér eða gerir brellur öfugt við þína náttúrulegu stöðu.

**Mongo** – Ýtir þér með fremri fætinum (þykir fagurfræðilegt stórslys).

**Ollie** – þegar brettið er dregið upp í loftið með því að slá afturendanum í jörðina.

**Nollie** – Þegar brettið er dregið upp í loftið með því að slá framendanum í jörðina.

**180°** – Snýrð líkamanum um 180° og lætur brettið fylgja með.

**Kickflip** – Sparkvelta með tánni.

**Heelflip** – Sparkvelta með hælnum.

**360° flip** – 360° gráðu sparkvelta.

**Popa** – Hljóðið, tilfinningin að slá tailinu í jörðina.

**Slæda** – þegar brettið eða öxullinn rennur á kanti eða handriði.

**Street** – Að takast á við borgarlandslagið.

**Vert** – Rampur með 90° halla.

**Míní-rampur** – Meðalstór eða lítill rampur.

**Bowlið** – Stóri rampurinn í Innanhússaðstöðu BFR.

**Flatt-Bank** – veggur með 30° halla.

**Wallride** – keyrir upp 90° vegg frá jafnsléttu.

**Píramídi** – Píramídi sem búið er að skera toppinn af.

**Gapp** – ótilgreind vegalengd á milli brottfarar og lendingar.

**Bomba** – fara hratt.

**Hamra** – Fara niður stórar tröppur eða göpp.

**Slamma** – Að detta illa.

**Slamm dauðans** – Að detta mjög illa.

**Pumpa** – Að halda hraða á rampi.

**Með brjálað steez eða geðveikan stíl** – Sá sem fer út fyrir þægindarammann til að láta hlutina líta betur út.

**Krúsa** – Sviga og gera auðveldar brellur með miklum stíl.

› **Sköturnar á Vísi** Viðtal við Bjarna Einarsson, sem situr í stjórn Brettafélags Reykjavíkur, má einnig finna á Vísi.is. Þar má einnig finna myndbönd frá Brettagarðinum sem og myndbönd frá First try fail Monday á slóðinni www.visir.is/firsttryfailmonday.





**ALLIR VELKOMNIR** Þótt félagið sé stofnað og kennt við Reykjavík eru allir velkomnir. „Hingað koma brettastrákar frá öllu höfuðborgarsvæðinu sem og utan af landi. Það skilar sér svo í betri samvinnu þegar brettamenn útskrifast héðan út í sumarið. Það er eiginlega anti-hrepparígur sem ríkir hér," segir Bjarni.



20% afsláttur af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

10% Aukaafsláttur á fermingar-sýningunni

# Ferming

## Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi

**Pottaplöntuútsölu lýkur um helgina!**



Pottaplöntu **Útsala** Lýkur um helgina **30-50%** afsláttur

**Fjörleg fermingarsýning**

**í Skútuvogi laugardag og sunnudag**

**Hefst** kl 13:00

**Fermingarföt frá Outfitters Nation, Gyllta kettinum, Cosmo og Sautján.**

**Halldór Kr. Sigurðsson bakari og konditor** sýnir okkur hvernig kransakakan er búin til.

**Veislan veitingaþjónusta** verður með hugmyndir fyrir veisluna.

**Hársnyrtitæki frá Remington** verða á **25% afslætti.**

**True North útivistarfatnaður frá Húsamiðjunni** verður á **30-50% afslætti**.

**Búsáhöld frá Húsamiðjunni** verða á **30-50% afslætti**.

**Uppdekkuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.**

**Landsins mesta úrval af servíettum og kertum til áritunar**

**Pantið áritaðar servíettur, kerti og sálmabækur um helgina á frábærum afslætti.**

**Hárstofan Sprey** sýnir það allra nýjasta í fermingargreiðslum

**Munið Fermingarleik Blómavals glæsilegir vinningar í boði.**



Fermingarföt til sýnis frá nokkrum verslunum:
**Outfitters Nation**
**Sautján**
Gyllta kettinum
**Cosmo**

**KRANSAKÖKUNÁMSKEIÐ** Blómavals, skráning er hafin!



**40** manna kransakaka aðeins **6.990** (allt innifalið)

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið kransakaka@blomaval.is

**Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, hanskar og margt fleira.**

**Kaffi Garður Skútuvogi**



**Pylsa eða pizza og kók**

199 kr

**opið til kl. 17 um helgar.**

**Fáið hugmyndir!**
**sjáið skreytt veisluborð**
fyrir ferminguna

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir - Akranes
Hafnarfjörður - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

gallerí sautján · REMINGTON · OUTFITTERS NATION ENERGETIC DENIM · Sprey · COSMO Kringlunni

# Krossgáta

**Lárétt**
1. Sex gista þar sem bróðerni ríkir (7)
11. Áabókin er nú ljóta pírumpárið (14)
12. Ringlaðar en rata glaðar heim (10)
13. Keikur glottir sá granagleiði (9)
14. Glöð með byttum og bílífisfólki (8)
15. Öfugt við Tungufoss er þetta örnefni á Mýrum (9)
16. Neðansjávarnáungi er frumkvöðull (12)
18. Rófan má fórna fræi í fuglsmaga (5)
19. Landlausar teikna nafngreindar í röðum ráðs á þingi (20)
22. Passar búllurnar og bústaðina (11)
23. Téður er talinn og frá greindur (6)
28. Dreifa og lesa, það er fjör (6)
30. Laðir að til að raða il? (6)
31. Hlekkja fjölda og innstungubirgðir heima á Síðu (10)
33. Eru þessir fjandar á móti SNP og því sem það stendur fyrir? (9)
34. Eins og höfuðföt er hún lyftir (10)
35. Stafakverin sýna hlutföllin (9)
36. Líkpiss og suddi eru koddi fyrir hvassar (8)
37. Grænmetið er beitan er ég fanga grískan guð (5)

**Lóðrétt**
1. Hlýradráttur er góður prófíll (11)
2. Enginn vill fá þetta hljóðfæri lánað nema kannski geimfarar (10)
3. Skokkar aftur með skotvopn (10)
4. Króaðir fituna; uppskriftarlykill afruglar þetta (13)
5. Jarðveg jörðum í hagaholum (8)
6. Berja bleðil fyrir pening (10)
7. Rafmagnað einsmannsbandið hefur skert afl (11)
8. Hugur hefur merkið í hávegum (6)
9. Gemlingagarnið sívinsæla dugar lítt í prjónles en syngur sykursætt (12)
10. Niður fyrir dauðþreyttar en alveg klárar (10)
17. Hafstraumurinn tengir okkur við umheiminn (13)
18. Meginþráður sögunnar er í kafla sem rímar við hann (5)
20. Ævintýraland ruglar aríann (6)
21. Detta niður á greiða eftir mikla mæðu (11)
23. Álkan teygð uppá Álftarás? (9)
24. Fer á tind Hafrafells í leit að runna (9)
25. Án hryggjar njóta skepnur ekki viðurkenningar (9)
26. Hlífðu skeið við skýru (8)
27. Fláði karlfauskinn hann Finnboga (8)
29. Skítbeygð eftir kjassið og klappið (7)
32. Pumpa ekki í erfiða vandræðagemsa (5)





IÐNAÐAR-SALT

Lausnarorð síðustu viku var **iðnaðarsalt**.

## Verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Vinningshafi síðustu viku var **Viggó Bragason, Reykjavík.**

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist veðurspá sem gildir meira og minna fram á vor. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „4. febrúar".






**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1789

# George Washington kjörinn fyrsti forseti Bandaríkjanna

**Herforinginn vaski úr frelsisstríðinu hætti við að hætta í stjórnmálum og stýrði nýja lýðveldinu sem forseti í átta ár.**

Á þessum degi fyrir réttum 223 árum, hinn 4. febrúar árið 1789, var herforinginn George Washington kjörinn forseti Bandaríkjanna fyrstur allra.

Washington hafði leitt uppreisnarherinn til sigurs gegn bresku nýlenduherrunum í frelsisstríðinu á árunum 1775 til 1781, en hann var áður einn af frumkvöðlum frelsishreyfingarinnar í nýlendum Norður-Ameríku. Hann vakti fyrst almenna athygli sem einn af fulltrúum Virginíu á fyrsta meginlandsþingi nýlendnanna árið 1774 og þótti þar með herskárri mönnum. Honum fannst nóg komið af bænabréfum til konungs og hvatti til afgerandi aðgerða gegn ofríki Breta gegn nýlendubúum.

Það var svo ári síðar að hann var skipaður herforingi yfir liði uppreisnarmanna.

Herkænska var ekki sterkasta hlið Washingtons þar sem skiptust á skin og skúrir í hernaðinum gegn Bretum, en hann þótti sérstaklega fær í að hvetja sína menn áfram og hélt aga og reglu í hópi óreyndra hermanna.

Eftir að lokasigur hafði unnist og Bretar viðurkenndu sjálfstæði Bandaríkjanna árið 1783 hugðist Washington setjast í helgan stein, þrátt fyrir að sumir hafi stungið upp á því við hann að hrifsa til sín völdin í landinu. Það vildi hann ekki heyra minnst á, enda hafði stríðið verið háð í nafni lýðveldis.

Hann hóf aftur búskap á landareign sinni, en fór að hafa áhyggjur af sundrunginni sem var að myndast meðal framámanna ríkjanna, sem gekk illa að ná saman um stofnun sambandsríkis.

Washington brýndi menn til að láta ekki hugfallast og þáði tilnefningu til að sitja stjórnarskrárþingið í Fíladelfíu þar sem hann var kjörinn þingforseti.




**LANDSFAÐIRINN** George Washington þótti manna best til þess fallinn að sameina nýja þjóð á ögurstundu.

Eftir mikið karp milli ríkjanna var stjórnarskrá Bandaríkjanna loks samþykkt, en hún gerði ráð fyrir að forseti yrði handhafi framkvæmdavaldsins. Þrátt fyrir að Washington hefði fullan hug á að snúa aftur heim, var það álit manna að hann væri sá eini sem gæti sannarlega sameinað öll ríkin og talað sterkri röddu gagnvart gömlu stórveldunum í Evrópu. Hann lét til leiðast og var kjörinn einróma af kjörmönnum ríkjanna.

Hann sat í tvö kjörtímabil, til ársins 1797, og nýtti valdatíma sinn til að sameina þjóðina og styrkja stöðu Bandaríkjanna erlendis. Hann fékk svo loksins að snúa aftur heim í sveitina þar sem hann lést tveimur árum síðar, 67 ára gamall. **– þj**

**Heimildir: History.com og Britannica**


Prins leikur
Hefurðu smakkað Prins?
Ekta dökkt súkkulaði
utan um marglaga kexið,
eins og Íslendingar elska.
Sendu okkur
5
umbúðir af Prins súkkulaði og þú gætir
unnið flug fyrir 2 að eigin vali til Evrópu
með Iceland Express eða vel útilátinn
nammipakka frá Góu
Dregið 15. mars
Vinningar
2 x flug fyrir 2 til Evrópu
50 x nammipakkar
100 x kassar af Prins
Iceland Express
Aukavinningar
daglega frá 15. febrúar.
Nöfn vinningshafa verða
birt á Facebook-síðu Góu,
facebook.com/goa.is
Góa
Stofnað 1968
Verði þér að Góu
www.goa.is
Umbúðir sendist til Sælgætisgerðarinnar Góu-Lindu ehf. · Garðahrauni 2 · 210 Garðabæ · Sími: 515 0900

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



**1498** kr./kg
Lambalæri, ókryddað



**1498** kr./kg
Lambalæri, New York marinerað

# LAMBALÆRI Á F




**699** kr./kg
Krónu ferskur kjúklingur




**2248** kr./kg
Krónu kjúklingabringur




**896** kr./stk.
MS ostakökur, 4 tegundir




**659** kr./stk.
Krónu bragðarefur, 1,33 l




**296** kr./pk.
Corny, 4 tegundir, 6 stk. í pk.




Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is


LAMBALÆRI
– fyrir þig og þína!
DÚNDUR-VERÐ
1498 kr. kg
Lambalæri með kryddjurtum
1498 kr. kg
Lambalæri, hvítlauks og rósmarín marinerað
RÁBÆRU VERÐI!
40% afsláttur
40% afsláttur
2298 kr. kg
Verð áður 3849 kr. kg
Ungnauta piparsteik
25% afsláttur
2298 kr. kg
Verð áður 3849 kr. kg
Ungnauta mínútusteik
FRÁBÆRT VERÐ!
Milka
Triolade
QUICKBURY
PARTY CRACKERS MIXED
pepsi
MAX
maximum kick · no sugar
KRÓNU APPELSÍN
KRÓNAN
499 kr. stk.
Milka súkkulaði, 11 tegundir, 300 g
112 kr. pk.
Verð áður 149 kr. pk.
Quickbury Party Mix, 160 g
59 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max og Krónu appelsín, 33 cl
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**45** Þorsteinn Guðmundsson leikari á afmæli í dag.

*„Ég er ekki hálfviti, ég hef aldrei kýlt neinn, oft snyrtilegur til fara, kvæntur konu sem passar að ég geri engar vitleysur, stundvís og kattþrifinn.“*




ÞEKKING – REYNSLA – ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson
S: 896 8284
Óli Pétur Friðþjófsson
S: 892 8947


## Merkisatburðir

**1792** George Washington er kosinn 1. forseti Bandaríkjanna.
**1898** Holdsveikt fólk á Íslandi er sett í sóttkví með lögum.
**1947** Ný ríkisstjórn undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar tekur við völdum á Íslandi.
**1961** Verslunarbankinn er stofnaður upp úr Verslunarsparisjóðnum.
**1968** Fárviðri gengur yfir Vestfirði sem verður 25 sjómönnum að grandi.
**1976** Vetrarólympíuleikarnir 1976 hefjast í Innsbruck í Austurríki.
**2007** Þjóðverjar vinna heimsmeistaratitil í handbolta á heimavelli.

**ÞETTA GERÐIST:** 4. FEBRÚAR 1968

## *Komst einn lífs af þegar Ross Cleveland fórst*

Harry Eddom, 26 ára stýrimaður, komst einn lífs af þegar breski togarinn Ross Cleveland fórst í ofviðri í Ísafjarðardjúpi og með honum nítján skipverjar. Eddom mátti þola hrakninga á sjó og landi í hálfan annan sólarhring áður en hann fannst. Fyrst lenti hann í 10 til 12 klukkutíma volki á björgunarbáti, síðan tók við löng ganga að húsi sem reyndist mannlaust og köld nótt undir veggjum þess í hríðarbyl. Morguninn eftir hitti hann smala af næsta bæ og var þar með hólpinn.

Gríðarleg samkeppni var meðal fjölmiðla um myndir af Eddom og konu hans Ritu sem kom á sjúkrahúsið á Ísafirði til fundar við mann sinn. Um fjörutíu breskir fréttamenn komu til landsins vegna málsins og átti starfsfók sjúkrahússins fullt í fangi með að verjast þeim innrásarher.



**MANFRED LEMKE:** STENDUR AÐ BIBLÍUSÝNINGU SEM HEFST Í DAG Í HÖRPU

# Íslensk menning að hluta til mótuð af kristinni arfleifð

„Við sem höfum okkar barnatrú þekkjum biblíusögur sem hafa hjálpað okkur í gegnum hvers konar sorgir og átök í lífinu. Það er yndislegt. Okkur langar að sýna aðeins í hvers konar samhengi þessar sögur eru í hinni stóru sögu Biblíunnar,“ segir Manfred Lemke, prestur í kirkju sjöunda dags aðventista á Íslandi. Hann er einn þeirra sem stendur að sýningunni Biblían í þrívídd - Rúmast biblían í Hörpu? sem hefst í Hörpunni í dag og verður opin til 16. febrúar, milli klukkan 10 og 22. Sýningin er í salnum Rímu, sem er á jarðhæð og snýr út að höfninni. Manfred segir hana skiptast í níu bása og ekki snúast um fróðleik heldur frekar upplifun. „Þar er gott að setjast inn og hugsa,“ segir hann.

Manfred bendir á að meðal íslensku þjóðarinnar sé sterk trúar- og sagnahefð. Húslestrar voru viðtekin venja á íslenskum heimilum fram á síðustu öld, þar sem andleg rit voru lesin og sálmur sunginn. Áhrif Biblíunnar á íslenska tungu séu mikil. „Það er óhætt að segja að íslensk menning sé að hluta til mótuð af kristinni arfleifð,“ segir hann.

Þótt ekki verði um eiginlega húslestra að ræða í Hörpu verður þar 80 mínútna dagskrá níu kvöld meðan á sýningunni stendur, sú fyrsta mánudaginn 6. febrúar. Hver kvölddagskrá er þrískipt. Þær hefjast á erindi um þjóðfélagsleg efni, einhver af helstu kórum landsins kemur fram og að lokum verður fyrirlestur um efni sem tengist einum af níu básum sýningarinnar.

Manfred segir upphafserindin í dagskrá hvers kvölds eiga að verða jákvætt innlegg í umræðu líðandi stundar og nefnir meðal fyrirlesara þau Gunnar Hersvein heimspeking, Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjón og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur kennara. Tónlistin tengist viðfangsefninu hverju sinni en Garðar Cortes sér um hana.

Biblíulegur fyrirlesari öll kvöldin er Janos Kovacs-Biro, prestur frá Ungverjalandi. Erindi hans verða flutt á ensku en textanum verður varpað á skjá. „Janos er ekki einn þeirra sem þykist vita öll svör en hann er fróður, meðal annars um Ísland, og á auðvelt með að tengja efni sitt íslenskum raunveruleika,“ segir Manfred.

Kvölddagskráin fer fram í salnum Kaldalóni og hefst klukkan 20 nema laugardaginn 11. febrúar, þá byrjar hún klukkan 16. Manfred tekur fram að bæði sýningin og kvölddagskráin séu ókeypis og öllum opin og telur hvort tveggja höfða til allra aldurshópa. gun@frettabladid.is



**PRESTUR KIRKJU SJÖUNDA DAGS AÐVENTISTA** „Þjóðinni er boðið til sýningar um hina stóru sögu Biblíunnar,“ segir Manfred. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt fjölskyldunni samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns,*

**Guðmundar Gíslasonar**
Efstaleiti 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendi ég starfsfólki á deild 2D á Sóltúni.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Erna Adolphsdóttir**



†

*Móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Geirlaug Jónsdóttir**
Hrafnistu,

lést 31. janúar. Jarðarför fer fram miðvikudaginn 8. febrúar kl. 13.00 frá Digraneskirkju.

**Birgir Sigurðsson** **Sólveig Bjarnþórsdóttir**
**Nanna Lára Sigurjónsdóttir**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Athöfn ÚTFARARÞJÓNUSTA
Vönduð og persónuleg þjónusta

Inger Steinsson

Inger Rós Ólafsdóttir

Ólafur Örn Pétursson
Sími: 551 7080 · 691 0919 · athofn@athofn.is · www.athofn.is




†

*Innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra móðurbróður og frænda,*

**Jóns Brynjólfssonar**
Blönduhlíð 16, Reykjavík,

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði.

**María J. Guðmundsdóttir**
**Gíslína Sigurbjörg Kauffman**
**Brynjólfur Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,*

**Katrín Jónsdóttir**

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans Landakoti, laugardaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

**Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir** **Ásgeir Ö. Jóhannsson**
**Hanna Lilja Jóhannsdóttir** **Lúðvík Ö. Steinarsson**
**Hjördís Hildur Jóhannsdóttir** **Ellert K. Schram**
**og barnabörn.**


Engin transfita
100% WHOLE GRAIN
Orville Redenbacher's
Natural
NO ARTIFICIAL INGREDIENTS
SIMPLY
SALTED
6
BAGS
MICROWAVE
6-3.3 OZ (93.3g) BAGS
NET WT 1 LB 4 OZ (560g)
Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur!
Það verður að vera Orville...



*Okkar ástkæri*

**Borgar Símonarson**
bóndi,
Goðdölum, Skagafirði,

lést þriðjudaginn 31. janúar sl. á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Goðdalakirkju, föstudaginn 10. febrúar kl. 14.00.

**Rósa Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Sigþór Smári Borgarsson — Sigríður Sveinsdóttir**
**Monika Sóley Borgarsdóttir — Magnús Gunnar Gunnarsson**
**Guðmundur Símon Borgarsson — Ragnheiður Þórólfsdóttir**
**Borgþór Bragi Borgarsson — Guðrún Björk Baldursdóttir**
**Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir — Atli Brekason**
**Trausti Símonarson — Grétar Símonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Við þökkum innilega fyrir þann hlýhug og auðsýnda samúð sem okkur var sýnd vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar og bróður,*

**Jóns Ellerts Tryggvasonar.**

Sérstakar þakkir fá Fylkismenn og vinir Jóns Ellerts fyrir vinarhug og ómetanlegan stuðning.

**Inga Ásgeirsdóttir — Sæmundur Gunnarsson**
**Tryggvi Sv. Jónsson — Erna Agnarsdóttir**
**Arnar Þór Björgvinsson — Guðrún Björg Elíasdóttir**
**Ásgeir Þór Björgvinsson — Svana Emilía Kristinsdóttir**
**Elva Tryggvadóttir — Einar Ágústsson**
**Ása Sif Tryggvadóttir — Þorsteinn Þór Traustason**
**Sigrún Kjartansdóttir — Karsten Hoff**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Anton Runólfsson**
frá Hjarðarhaga, Hólavegi 40,
Sauðárkróki,

lést sunnudaginn 29. janúar á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 11. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á deild 3 á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki.

**Anna Eiríksdóttir**
**Fróðný Pálmadóttir — Kristján Pétur Sigurðsson**
**Sigurjón Björn Pálmason — Kolbrún Reynholdsdóttir**
**María Guðbjörg Pálmadóttir — Hörður Óskarsson**
**Heiður Pálmadóttir — Roy Midtbø**
**Sigríður G. Pálmadóttir — Kristján Ísak Kristjánsson**
**Ester Gunnarsdóttir — Indriði Guðmundsson**
**afa- og langafabörn**



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt fjölskyldunni samúð, hlýhug og kærleik vegna fráfalls elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnhildar Ragnarsdóttur**
kaupmanns, Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 3. janúar. Sérstakar þakkir og kveðjur til lækna og starfsfólks á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Ragnar Jón Skúlason — Bryndís Þorsteinsdóttir**
**Selma Skúladóttir — Matthías Sigurðsson**
**Jórunn D. Skúladóttir — Árni Már Árnason**
**Elsa Ína Skúladóttir — Guðni Birgisson**
**Kristinn Skúlason — Drífa Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma*

**Ragnhildur Aðalsteinsdóttir**

sem lést sunnudaginn 29. janúar síðastliðinn verður sunginn sálumessa frá Landakotskirkju mánudaginn 6. febrúar klukkan 15.00.

**Guðrún M. Jónsdóttir**
**Sveinn Austmann**
**Guðlaug Guðjónsdóttir — Axel Ingi Eiríksson**
**Guðjón Ármann Guðjónsson — Hildur Pála Gunnarsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Arnar Þorvaldsson**
múrari,
Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 30. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Valdís Jónsdóttir — Guðmundur Adolfsson**
**Jón Bergþór Jónsson**
**Jóna Jónsdóttir**
**Friðrik Jónsson — Jónína Dögg Loftsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Bjarni Þórðarson**
tryggingastærðfræðingur,
Miðvangi 7, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 2. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 9. febrúar kl. 15.00.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Þórdís Bjarnadóttir — Dagur Jónsson**
**Hildur Bjarnadóttir — Hjörtur Hjartarson**
**Valgerður Bjarnadóttir — Þórhallur Ágústsson**
**Vera, Vaka og Vala**
**Úlla, Bjarni Orvar og Breki**
**Kristín Ísold og Ágúst Atli**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður okkar,*

**Sævars Þórs Þórissonar**
Hátúni 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir og hlýhug færum við starfsfólki Sjálfsbjargarheimilisins Hátúni 12.

**Ævar Rafn Þórisson**
**Viðar Örn Þórisson**
**Edda Una Þórisdóttir**
**Snorri Sturluson**
**Sóley Björk Sturludóttir**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**HVATNINGARHÁTÍÐ** Bergljót Arnalds hefur skipulagt hátíðina Kærleika og meðal þeirra sem hún fær til liðs við sig er þessi eldgleypir.

# Heimsmet í hópknúsi

Þúsund súkkulaðibrosum verður dreift á Austurvelli fyrir framan Alþingishúsið í dag klukkan 14. Þetta er eitt af mörgum atriðum á hvatningarhátíð Bergljótar Arnalds „Kærleikar“ en súkkulaðibrosin eru hugmyndasmíð Geggu myndlistarkonu. Markmið hátíðarinnar er að efla samkennd, veita hvatningu, hlýju og styrk. Eldgleypar, harmónikka, englar, tónlistarmenn, kórar, leikarar, Sönglist og margir fleiri mæta og fagna lífinu, ástinni og öllu sem sameinar þjóðina.

Mörg sveitarfélög veita Kærleikunum liðsinni sitt, svo sem Akureyrarbær, Árborg og Kópavogur. Björgunarsveitir verða á staðnum og Veraldarvinir bjóða upp á heitt kakó.

Stefnt er að því að slá heimsmet í hópknúsi og ætlar leikhópurinn Perlan að sýna hvernig best er að faðma. Svavar Knútur ætlar að syngja um kærleikann og norski sendiherrann segir nokkur orð um hvað kærleikurinn sé mikils virði þegar heil þjóð gengur í gegnum erfiðleika eins og Norðmenn gengu í gegnum í fyrra eftir hroðaverkin í Útey.

Í lokin verður lagt upp í kærleiksgöngu hringinn kringum tjörnina með tilheyrandi götuleikhúsi og tónlist og kórar taka lagið við Iðnó í lok hátíðar undir stjórn Gróu Hreinsdóttur.

**- gun**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Björn Jónsson**
Kirkjuvegi 14, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 20. janúar 2012. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Jón Sævar Sigurðsson — Ólöf Hafdís Gunnarsdóttir**
**Hólmfríður Sigurðardóttir — Magnús Kristinsson**
**Anna Sigga Húnadóttir — Emil Helgi Valsson**
**Kristinn Sævar Magnússon — Sigurður Sindri Magnússon**
**Mikael Orri Emilsson — Tómas Aron Emilsson**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Vilhelms Ingimundarsonar**
Fróðengi 1, Reykjavík.

**Ragnhildur J. Pálsdóttir**
**Hjörtur I. Vilhelmsson — Vilborg S. Ingvarsdóttir**
**Jóhanna E. Vilhelmsdóttir — Sigurjón B. Sigurjónsson**
**Gunnar Vilhelmsson — Bjarnveig Gunnarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Gísladóttur**
Hofsstöðum, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Holtsbúðar, Vífilsstöðum.

**Sigrún Sveinbjarnardóttir — Jón Ögmundsson**
**Kristín Sveinbjarnardóttir — Gylfi Matthíasson**
**Jóhannes Steingrímsson**
**Jóhannes Sveinbjörnsson — Sigríður Soffía Böðvarsdóttir**
**Áslaug Sveinbjarnardóttir — Sveinn A Sæland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Frábært rými til að vinna



- Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi, sveigjanleiki í stærðum.
- 4. hæð, sem hefur verið endurnýjuð að fullu nýlega.
- Fjórar skrifstofur, bjartar og glæsilegar - glæsilegt útsýni.
- Laus nú þegar.







- Vandað skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í Grímsbæ við Bústaðaveg.
- Svæðið er 682 m² – mögulegt að leigja í tveimur hlutum (350 m² / 332 m²).
- Húsnæðið skiptist í opin vinnurými, skrifstofur, fundarherbergi og eldhús.
- Laust nú þegar.




- Einn hagkvæmasti kosturinn í skrifstofuhúsnæði.
- Rými er 150 m² og stærra - ýmsar útfærslur.
- Reitir fjármagna breytingar sem henta hverjum og einum.
- Svæðið er vel tengt helstu umferðaræðum borgarinnar.

www.reitir.is

**REITIR**

*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.10 **HEILSUÁTAKIÐ BYRJAR Í BÓNUS** OPNUM KL.


195
KR. KG
APPELSÍNUR


195
KR. KG
PERUR Í LAUSU


195
KR. KG
GRAPE / GREIP



698
KR. 500 GR
HEIMA
**MÖNDLUR M.HÝÐI**



998
KR. 250 ML
HIMNESKT/LÍFRÆN
**HÖRFRÆOLÍA**


245
KR. 250 GR
HIMNESKT
**HVEITIKÍM**


159
KR. KG
GUL EPLI Í LAUSU



298
KR. 1 LTR.
**RICE DREAM** ***RÍSMJÓLK***
MEÐ KALKI I LTR.


1398
KR. KG
NF FROSIN **ÍSLENSK BLEIKJA**
*BEINLAUS MEÐ ROÐI*



HIMNESKT
259
KR. 330 ML
**ENGIFERDRYKKUR**


998
KR. KG
NF FROSNIR **ÞORSKBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR


998
KR. KG
NF FROSNIR **ÝSUBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR



398
KR. 500ML
**LÍFRÆNT KÓKOSVATN**
**500ML**

Krabbameinsfélagið
**4. febrúar**
er alþjóðlegur krabbameinsdagur þar sem barist er gegn krabbameinum.
**Bónus styður starfsemi Krabbameins-félagsins**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## 10 HEILSUÁTAKIÐ BYRJAR Í BÓNUS  OPNUM KL.10



398 KR. 250 G

FERSK JARÐARBER 250 GR



359 KR 125 GR

FERSK BLÁBER 125 GR




275 KR. 250 G

FROSIN BLÁBER 250 GR




275 KR. 350 G

FROSIN BERJABLANDA 350 GR




498 KR. 1 KG




498 KR. 1 KG




298 KR. 1000 G

FROSIÐ SPERGILKÁL 1 KG / 1000G



298 KR. 1000 G

1 KG. FROSIN GRÆNMETISBLANDA



FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKI




498 KR. 1.2 KG

## OFURFÆÐA



498 KR. KG

**Lárpera / Avocado**

Lárperan er mjög rík af E, K og B vítamínum. Hún inniheldur mikið magn af einómettuðum fitusýrum (hollri fitu). Ein lárpera inniheldur um 25% af ráðlögðum dagskammti af mettuðum fitusýrum.



195 KR. KG

HOLLENSKT FERSKT KÍNAKÁL



379 KR. KG

FERSKT ICBERGSALAT FRÁ SPÁNI



259 KR. 100 GR

FERSKT SPÍNAT 100GR



195 KR. KG

RAUÐAR VATNSMELÓNUR



195 KR. 250 GR

FERSKUR HVÍTLAUKUR 250 GR

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 5 | 7 | | | | |
| 6 | 4 | 7 | | | 1 | | 2 | |
| | | | | | 3 | | 4 | |
| 8 | 2 | | | | 9 | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | | | | 8 |
| | 3 | | 8 | | | | 9 | 2 |
| | 9 | | 4 | | | | | |
| | 5 | | 3 | | | 6 | 8 | 4 |
| | | | | 1 | 2 | | 5 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 34 ER Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**HTTP://WWW.NAMSGAGNASTOFNUN.IS/KRAKKASIDUR/** er síða þar sem krakkar finna margt forvitnilegt, meðal annars um dýrin í náttúrunni.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

1

Bragi Halldórsson

Lísaloppa og Kata vinkona hennar höfðu valist saman í lið í ratleik. „Þetta er spennandi," sagði Lísaloppa uppveðruð. „Ég elska ratleiki." Ekki var á Kötu að sjá að henni þættu ratleikir skemmtilegir, en það er nú bara eins og Kata er, maður sér ekki alltaf á henni hvað henni finnst. „Jæja þá," sagði Kata þurrlega. „Hver er fyrsta þrautin."

„Hún er að finna út gildi þriggja tákna í fjórum reikningsdæmum svo þau gangi öll upp," sagði Lísaloppa. „Hmn," var eina svar Kötu.

Getur þú fundið út hvaða tölustaf hvert tákn stendur fyrir svo reikningsdæmin gangi upp?

@ + ¥ - 2 = 9 @ ☐
3 - * + 7 = 9 * ☐
* + 3 + @ = 9 ¥ ☐
¥ - @ + 8 = 9





## BRANDARAKISTAN

**Móðirin: „Óskar, þú átt að biðja fólk að rétta þér fatið, en ekki teygja þig þvert yfir borðið eftir kökunum. Ertu ekki með tungu í munninum, drengur?"**
**„Jú, jú, en handleggurinn er lengri."**

**Móðirin: „Andri minn, af hverju er litli bróðir þinn að gráta?"**
**Andri: „Af því að ég vil ekki gefa honum af namminu mínu."**

**Móðirin: „Er nammið hans alveg búið?"**
**Andri: „Já, og hann fór líka að grenja þegar ég át það."**

**„Trúir þú á endurholdgun?"**
**„Já, og í næsta lífi ætla ég að verða dýna."**
**„Dýna? Af hverju í ósköpunum?"**
**„Þá get ég legið í rúminu allan daginn."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***



Mig langar að vinna við eitthvað í kringum kvikmyndir. Ég er mikið fyrir tölvutækni og að leika mér með forrit," segir Úlfur Elíasson nemandi í Waldorfskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# STUNDUM ÞYKIST HÚN VERA SKRÍMSLI SEM ELTIR MIG

**Þegar Úlfur Elíasson var fimm ára og nýbúinn að eignast litla systur skáldaði hann sögu um strák sem eignast systur er reynist vera skrímsli. Nú er sagan orðin að listrænu leikverki sem verður frumsýnt í dag í Norræna húsinu.**

***Úlfur, er hugmyndin um litla skrímslið komin frá þér?*** „Já, en það eru þrjú og hálft ár síðan svo ég man ekki skýrt hvernig hún varð til. Ég held samt að það hafi verið út af fæðingu litlu systur minnar. Ég sagði mömmu sögu um strák sem eignaðist litla systur sem var skrímsli og vildi éta mömmu sína og pabba."

***Þótti þér ekki vænt um þessa systur þína?*** „Jú, jú, þegar ég var búinn að venjast því að eiga hana. Hún er þriggja ára og við erum alveg góðir vinir í dag." ***Finnst þér gaman að leika við hana?*** „Já, þegar við erum í stuði. Við leikum okkur stundum þannig að hún þykist vera skrímsli sem eltir mig og á kvöldin leik ég kannski trúð og þá hlær hún rosalega."

***Ertu búinn að fara á æfingar á leikritinu í Norræna húsinu?*** „Ég hef pínulítið fylgst með. Bæði mamma og amma eru að vinna við það og ég hugsa að ég fari á frumsýningu, þá er allt orðið tilbúið."

> Ég sagði mömmu sögu um strák sem eignaðist litla systur sem var skrímsli og vildi éta mömmu sína og pabba."

***Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*** „Mig langar að vinna eitthvað í kringum kvikmyndir. Ég er mikið fyrir tölvutækni og að leika mér með forrit. Mig langar kannski að verða kvikmyndaleikstjóri eða leikari."

***Hefur þú leikið?*** „Ekki í kvikmynd en í skólanum var ég í hlutverki Gáttaþefs þegar allir í bekknum léku jólasveina í Salnum í Kópavogi. Svo hef ég líka leikið í kirkju. Það var atriði úr Biblíusögunum."

***Kanntu vel við þig á sviði?*** „Svona ágætlega. Ég er pínu feiminn en ég reyni að einbeita mér að leikritinu og skila því vel."

***Í hvaða skóla ertu?*** „Ég er í Waldorf-skólanum í Lækjarbotnum. Byrjaði í 1. bekk í Langholtsskóla en skipti svo."

***Ferðu í rútu í skólann?*** Já, En við förum aldrei strax inn í kennslustofuna um leið og við mætum heldur byrjum öll á morgunsöng."

***Hvert er uppáhaldsfagið þitt?*** „Það er tálgun. Mér finnst hún skemmtilegust. Ég er núna að tálga skeið og ég er búin að gera hreyfil sem snýst."

***Eruð þið mörg í bekk?*** „Við erum sextán því fjórða og fimmta bekk er blandað saman. Þetta eru krakkar víða að af höfuðborgarsvæðinu, sumir eiga heima í Kópavogi, aðrir í Mosfellsbæ og nokkrir eiga heima nálægt mér í Vogahverfinu."

***Hefur ekki verið mikill snjór í Lækjarbotnum í vetur?*** „Jú, jú. En við höfum alveg lifað af."

## Svarti Pétur síðastur

Spilið Svarti Pétur er fyrir tvo til tíu spilara og hentar vel börnum.

Öll 52 spilin í stokknum eru notuð nema laufgosinn, sem tekinn er úr, en spaðagosinn er nefndur Svarti Pétur.

Einn gefur og spilararnir byrja á að finna samstæður í sínum spilum, tvær fimmur, tvo kónga og svo framvegis og leggja til hliðar á borðið. Ekki má samt nota spaðagosann í samstæðu, heldur fleygja rauðu gosunum saman. Svo draga spilararnir hver af öðrum, eitt spil í einu og freista þess að fá samstæðu. Sá sem er á vinstri hönd við þann sem gaf er í forhönd og dregur spil af þeim sem gaf. Ef hann fær við það samstæðu tekur hann hana frá. Síðan dregur sá næsti eitt spil af honum og þannig koll af kolli. Enginn má sjá spilin hjá öðrum því Svarti Pétur (spaðagosinn) á að fara huldu höfði.



Spilið gengur út á að losna við öll spilin en sá sem er með spaðagosann á hendi í lokin verður Svarti Pétur.




# Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk

D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu og viðhald beina.

Nú þegar sólin er lágt á lofti fáum við ekki nægilegt D-vítamín í gegnum húðina og því verðum að bæta okkur það upp til dæmis með því að drekka D-vítamínbætta Fjörmjólk. Fjörmjólk inniheldur D-vítamín, A-vítamín, B2-vítamín, fosfór og kalk.

**Fjörmjólk – beinlínis full af fjöri!**




ENNEMM / SÍA / NM48727

www.ms.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** vag, **6.** kúgun, **8.** nögl, **9.** skora, **11.** í röð, **12.** drepsótt, **14.** virki, **16.** gyltu, **17.** flík, **18.** hrópa, **20.** gjaldmiðill, **21.** sleit.

**LÓÐRÉTT**
**1.** húsaþyrping, **3.** í röð, **4.** dagatal, **5.** gláp, **7.** kálsoð, **10.** fúsk, **13.** útdeildi, **15.** dreifa, **16.** haf, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kjag, **6.** ok, **8.** kló, **9.** rák, **11.** mn, **12.** plága, **14.** skans, **16.** sú, **17.** fat, **18.** æpa, **20.** kr, **21.** rauf.
**LÓÐRÉTT: 1.** þorp, **3.** jk, **4.** almanak, **5.** gón, **7.** kálsúpa, **10.** kák, **13.** gaf, **15.** strá, **16.** sær, **19.** au.


Verslunin flytur

Opnum í Pönglabakka 4
( við hliðina á póstinum )
kl 12.00 í dag
laugardaginn 4. febrúar

Verið velkomin





Garnbúðin Gauja Þönglabakka 4 Sími 571-2288







# Tilvistarkreppa fausks

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Það er erfitt að vera fauskur. Samkvæmt fleygum ummælum eru hvítir, kristnir, gagnkynhneigðir, miðaldra karlmenn þeir einu sem ekkert slæmt má segja um. Fyrir vikið virðist mega láta hvað sem er flakka um þá. Í raun vantar mig aðeins byssuleyfið til að vera að margra mati holdgervingur alls sem að er í heiminum.

**EN HVAÐ** getur þá hress gaur eins og ég gert til að halda hippinu og kúlinu þegar hann stendur frammi fyrir því að árin hafa gert hann að fauski? Er það yfirhöfuð hægt? Þegar ég var unglingur fannst mér ekkert aumkunarverðara en fólk á aldur við foreldra mína sem þóttist svalt með því að reyna að tileinka sér tísku minnar kynslóðar í tónlist og klæðaburði.

**FAUSKURINN** gegnir hlutverki. Honum ber að hneykslast á ungu fólki. Það er skylda hans gagnvart yngri kynslóðum að sýna þeim að þær hafi sinnt þeirri menningarlegu skyldu sinni að ganga fram af honum. Þannig er tuð fausks rós í hnappagat ungs listafólks.

**EN HVERNIG** getur fauskurinn sinnt þessari samfélagslegu skyldu af ábyrgð og kærleika? Það gerir hann ekki með því að sparka í liggjandi menn og hæðast að þeim sem eiga erfitt uppdráttar. Aftur á móti hlýtur hann að mega dangla í þá sem standa traustum fótum, rétt eins og mín kynlóð ólst bæði upp við Ísbjarnarblús og Spaugstofusketsa um „Subba Skorsteins“. Það ætlaðist enginn til þess að Spaugstofumenn lægju flatir fyrir Utangarðsmönnum og ég þarf ekkert að afsaka það að ég liggi ekki marflatur fyrir „krúttunum“.

**UNGU** fólki ber að gera uppreisn. Það er í eðli þess. Það liggur jafnframt í hlutarins eðli að uppreisn gegn pönki getur ekki verið meira pönk. Nýja uppreisnin er því í því fólgin að vinda ofan af hamsleysinu og tryllingnum. Þetta er eðlileg og jafnvel óumflýjanleg þróun, hugsanlega heillavænleg. En það breytir því ekki að í eyrum manns sem hafði himin höndum tekið með Geislavirkum hljómar þessi tónlist eins og tilgerðarlegt mjálm.

**ÞAÐ** háir fausknum að aldurinn ljær honum virðuleika sem gerir það að verkum að fólki hættir til að taka hann alvarlega. Mér er það algjör nýlunda sem ég hef ekki enn vanist. Stundum skýt ég mig því í fótinn með kerskni sem skilin er sem illt innræti og atlaga að einstaklingum.

**ANNAÐ** sem ég hef ekki enn vanist, þótt ég reki mig æ oftar á það, er hve hættulegt sjálfsháð er í hópi húmorslausra. Vonandi venst ég því aldrei.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hin eina sanna skósprengja

## Opið alla helgina

## Allt að 90% afsláttur

Lágmarks-
afsláttur 50%

**Opið**

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

**VÖRUR FRÁ:**

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# menning

menning@frettabladid.is



**BRASILÍSKI METSÖLURITHÖFUNDURINN PAOLO COELHO** hvetur nú alla sem vilja til að niðurhala bókum sínum ókeypis á deilisíðunni Pirate Bay og deila þeim áfram að vild. Hann telur að fleiri muni kaupa alvöru bækur eftir því sem ókeypis rafbækur verði gerðar aðgengilegri á netinu.

## Mannlífsljósmyndir úr Mývatnssveit

Sýningin Ljósmyndari Mývetninga – mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar verður opnuð í dag í Minjasafninu á Akureyri. Á sýningunni má sjá fjölda ljósmynda Bárðar, en þær gefa skemmtilega innsýn í líf Mývetninga við upphaf 20. aldar en enginn ljósmyndari „kemst jafn nálægt kjarna íslenskrar sveitamenningar og Bárður“ eins og segir í tilkynningu. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands, Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Minjasafnsins á Akureyri.



**MÍNUS 16** Verkið er gleðipilla fyrir áhorfendur segir Aðalheiður Halldórsdóttir dansari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Í líkamlegri vellíðunarvímu

**Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld verkið Mínus 16 eftir ísraelska danshöfundinn Ohad Naharin í Borgarleikhúsinu. Naharin er höfundur Gagatækninnar svokölluðu, sem Aðalheiður Halldórsdóttir dansari segir gefast vel.**

„Ég hugsa að þetta verk sé gleðipilla fyrir áhorfendur og að allir gangi glaðir út að sýningu lokinni,“ segir Aðalheiður Halldórsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, sem frumsýnir í kvöld verkið Mínus 16 eftir ísraelska danshöfundinn Ohad Naharin í Borgarleikhúsinu. Höfundurinn verður viðstaddur frumsýninguna, sem er styrkt af Aurora velgerðarsjóði.

Eftir farsælan feril sem dansari tók Ohad Naharin við stöðu listræns stjórnanda hjá Batshevadanshópnum ísraelska og hefur gegnt henni síðan. Verk hans hafa verið flutt af nokkrum fremstu danshópum heims og hefur Naharin hlotið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir framlag sitt til danslistarinnar.

„Það er mikið hjarta og rými í þessu stóra verki. Það er einlægt og afar ólíkar senur innbyrðis í því,“ segir Aðalheiður sem hefur dansað

## Bjóða frítt í bíó

„Við vildum koma til móts við alla þá sem voru svekktir yfir að geta ekki séð myndina þegar við sýndum hana í lok síðasta árs,“ segir Rakel Garðarsdóttir hjá Vesturporti en þau ætla að bjóða landsmönnum að sjá stuttmyndina Korríró frítt í Tjarnarbíó.

Korríró er stuttmynd í leikstjórn Björns Hlyns Haraldssonar og var myndin frumsýnd í desember við góðar viðtökur. Nú ætla þau hjá Vesturport að sýna myndina tvisvar hérna áður en þau halda af stað með hana út í heim.

„Við erum mjög stolt af þessari mynd og okkur langar að sem flestir fái að sjá hana enda einvala lið sem stendur að henni. Við stefnum svo á að koma myndinni á hinar ýmsu hátíðir erlendis á árinu,“ segir Rakel en leikkonan Nína Dögg Filippusdóttir fer með burðarhlutverkið í myndinni, Óttar Guðnason sér um kvikmyndatöku og Bjarni Sigurðsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson sjá um tónlistina. Þess má geta að myndin fékk tilnefningu sem stuttmynd ársins á Edduverðlaununum og var Nína Dögg tilnefnd sem leikkona í aðalhlutverki.

Myndin verður sýnd á sunnudaginn næstkomandi klukkan 16 og föstudaginn 10. febrúar klukkan 20 í Tjarnarbíói. „Myndin er bara korter á lengd og því tilvalið að koma við í Tjarnarbíói á bæjarröltinu.“

- áp




ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN

John Coltrane – risi í jazzsögunni
hefst 6. febrúar

Don Kíkóti
skráningarfrestur til 7. febrúar

Innlit í heim óperunnar
skráningarfrestur til 22. febrúar

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans
hefst 8. febrúar

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
hefst 13. febrúar

Kína: Menning, land og saga
skráningarfrestur til 22. febrúar

Námskeið Endurmenntunar eru öllum opin
Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

Northland Healing Arts kynnir

Heilunarnám

Með Victor McWind



Heilunarnám á vegum Northland Healing Arts hefst 9. mars og stendur til 1. des. Um er að ræða 11 helgar, frá föstudegi til sunnudags. Að náminu loknu útskrifast nemendur sem heilarar.

**Kynningarfundur um námið verður haldinn laugardaginn 25. feb. kl. 12:00 að Bæjarflöt 15, Grafarvogi.**

Umsjón með náminu hefur Victor McWind, sem hefur 25 ára reynslu af heilun auk þess að vera lærður í mjúkvefjanuddi. Victor hefur m.a. stundað nám við The Lung Ta Institute og BioSonic Institute. Hann starfaði hjá The Institute for Physical Therapy í New York City og í Woodstock, en býr nú og starfar í Reykjavík.
Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.mcwindbodywork.com. Einnig má hafa samband við Victor í síma 690-7281 eða með tölvupósti: victor@mcwindbodywork.com.

Hvað segja útskriftarnemar okkar um námið?

Stundum tekur maður ákvarðanir sem breyta lífi manns svo um munar. Heilunarnámið með Victori var ein slík í mínu lífi. Efninu var miðlað af mikilli þekkingu og fagmennsku, bæði fræðilega og verklega. Í dag starfa ég við heilun.

Áslaug Björt Guðmundardóttir

Alkemistinn eftir Paulo Coelho er fræg bók um mann sem fer í langa ferð frá heimili sínu til að finna fjársjóð. Eftir mörg ár kemur hann heim og finnur fyrir heppni fjársjóðinn í bakgarðinum sínum.
Á þessu námskeiði uppgötvaði ég hver minn fjársjóður er og hvar hann er að finna. Námskeiðið er fyrir þá sem sem eru tilbúnir að vinna í sjálfum sér og fá þar með vitneskju sem getur hjálpað öðrum.

Guðrún Freydís Sævarsdóttir



Hugljúf og skemmtileg sýning fyrir yngstu áhorfendurna

Uppselt hefur verið á allar sýningar - Aukasýning á sunnudag kl. 17:00

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LITLA SKRÍMSLIÐ OG STÓRA SKRÍMSLIÐ Í LEIKHÚSINU
eftir Áslaugu Jónsdóttur

Næstu sýningar:
sun. 5. feb. kl. 13:30 – Uppselt
sun. 5. feb. kl. 15:00 – Uppselt
sun. 5. feb. kl. 17:00 – Aukasýning, örfá sæti laus
Sýningar alla sunnudaga

Sími í miðasölu 551 1200





HJARTA OG RÝMI Ohad Naharin höfundur verður viðstaddur frumsýningu verksins.

með Íslenska dansflokknum síðan 2003. „Það er sérstaklega gaman að hitta höfund verksins, sem er mikils metinn víða. Það fara af honum alls kyns sögur og því var ég mjög forvitin, en hann er yndislegur í alla staði, hlýr og rólegur.“

Naharin er höfundur Gaga-tækninnar svokölluðu, sem hann telur skapa flæði í gegnum allan líkamann og leyfa fullkominn sveigjanleika. Hann beitti tækninni í upphitunartíma með dönsurum verksins í gær og segir Aðalheiður tímann einn þann besta sem hún hefur sótt. „Eftir tímann var ég í líkamlegri vellíðunarvímu, þetta var svo ótrúlega gott. Það er svo gaman að kynnast einhverju nýju í dansinum. Þegar nýjungagirnin hverfur er líklega best að hætta.“

Fyrra verk kvöldsins er Großstadtsafari eftir norska Grímuverðlaunahafann Jo Strömgren, sem frumsýnt var á síðasta ári.

kjartan@frettabladid.is



ÁSMUNDARSAFN Þar verður leiðsögn um verk Ásmundar á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mikilvægi listar í umhverfinu

Á morgun klukkan 14 verður boðið upp á leiðsögn í Ásmundarsafni með áherslu á útilistaverk Ásmundar Sveinssonar og verk í opinberu rými. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, listfræðingur og verkefnastjóri dagskrár hjá Listasafni Reykjavíkur, segir frá verkum Ásmundar og hugmyndum hans um mikilvægi þess að listin sé hluti af daglegu umhverfi fólks. Umhverfis Ásmundarsafn er höggmyndagarður og prýða hann nær þrjátíu höggmyndir listamannsins en gengið verður um garðinn ef veður leyfir.

Ásmundur stundaði nám við Sænsku listakademíuna undir handleiðslu myndhöggvarans Carls Milles. Þar kynntist hann þeirri hugmynd, sem hann aðhylltist æ síðan, að höggmyndalistin væri hluti af landslagi borgarinnar. Ásmundur boðaði líka að listin ætti erindi við fólkið í landinu og ætti heima á meðal þess. Hann var kallaður alþýðuskáldið í myndlist sem má rekja til lífsafstöðu hans ekki síður en höggmyndahefðarinnar. Flest verk sín hugsaði hann sem hluta af opinberu rými, órofa hluta af umhverfi sínu eða þá að hann útfærði þau sem hönnunar- og nytjahlut.







Vilt þú taka þátt í Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012?

**Barnamenningarhátíð verður haldin dagana 17. – 22. apríl næstkomandi. Höfuðborgarstofa hvetur alla sem áhuga hafa á því að efla barnamenningu, hverju nafni sem hún nefnist, að senda inn tillögur að dagskráratriðum fyrir 27. febrúar næstkomandi.**

Hátíðin er kærkominn vettvangur fyrir menningu barna, menningu með börnum og menningu fyrir börn. Þemað að þessu sinni er **Uppspretta** og má það gjarnan speglast í viðburðum hátíðarinnar, þó er það ekki skilyrði þátttöku. Við tökum vel á móti öllum tillögum.

Umsóknir berist til *karen.maria.jonsdottir@reykjavik.is*
eða *gudmundur.birgir.halldorsson@reykjavik.is*

www.barnamenningarhatid.is

Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012

Reykjavíkurborg





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 4. febrúar 2012**

### Tónleikar

**13.00** Íslenski saxófónkvartettinn heldur tónleika í sal Tónlistarskólans í Garðabæ við Krikjulund. Miðaverð er kr. 1.500, en kr. 1.000 fyrir eldri borgara.

### Sýningar

**14.00** Kristinn G. Jóhannsson opnar málverkasýninguna Mannabyggð með Ströndum í Mjólkurbúðinni Listagili Akureyri. Allir velkomnir.

**14.00** Sýningin Glitrar á hjarnið opnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á henni sýnir Páll Guðmundsson á Húsafelli úrval verka sinna af hellu-, svell- og bergþrykki og verk úr steini. Við opnun sýningarinnar leika þeir Páll og Hilmar Örn Hilmarsson á steinhörpu Páls undir kveðskap Steindórs Andersen.

**15.00** Opnuð verður sýning á verkum Bjargar Eiríksdóttur myndlistarmanns í Artóteki á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

**17.00** Opnun í Öruggu Rými við Freyjugöturóló frá 17 til 20. Helena Hansdóttir og Ólöf Helga Helgadóttir sýna ný vídeóverk. Opið sunnudag frá 14-17. Aðeins þessa einu helgi.

### Fræðslufundir

**13.00** Jórunn Erla Eyfjörð prófessor segir frá tengslum grunnrannsókna á brjóstakrabbameini við meðferð og horfur í Læknagarði, Vatnsmýrarvegi 16.

### Uppákomur

**10.00** Landssamtök hjólreiðamanna og Hjólafærni standa fyrir hjólreiðaferð frá Hlemmi. Hjólað verður um borgina í 1-2 tíma. Allir velkomnir og ókeypis þátttaka.

**14.00** Súkkulaðibrosum verður dreift á hvatningarhátíð Bergljótar Arnalds „Kærleikar" og í framhaldinu lagt upp í Kærleiksgöngu í kringum tjörnina. Þá munu kórar syngja fyrir framan Iðnó að lokinni göngunni.

### Málþing

**13.00** Myndhöggvarafélag Reykjavíkur heldur uppá 40 ára afmæli sitt í ágúst á þessu ári og efnir því til málþings í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Erindi flytja þau Æsa Sigurjónsdóttir, Ólafur S. Gíslason og Sara Riel. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Tónlist




**19.00** Jussanam og Andres Þór flytja nýtt Bossa Nova prógram á Radisson Blue 1919. Leikin verða lög frá Íslandi, Brasilíu, Kúbu og Bandaríkjunum. Miðaverð, með kvöldmat, er kr. 5000.

**23.00** Kántrísveitin Klaufar slær upp hlöðuballi á Spot í Kópavoginum. Alvöru sveitaballsstemning. Aðgangseyrir er kr. 1.800.

### Fyrirlestrar

**14.00** Stefán Snævarr, prófessor í heimspeki við Lillehammerháskóla í Noregi, heldur fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimspeki. Yfirskrift fyrirlestursins er Frelsi er spurn og verður hann haldinn í Reykjavíkur Akedemíunni Hringbraut 121, 4 hæð.

**Sunnudagur 05. febrúar 2012**

### Tónleikar

**16.00** Tríó Vadims Fyodorovs heldur útgáfutónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Tríóið skipa þeir Vadim Fyodorov á harmóniku, Leifur Gunnarsson á kontrabassa og Gunnar Hilmarsson á gítar.

### Leiklist

**14.00** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Prumpuhóllinn í Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi. Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum 2ja til 10 ára. Miðaverð er kr. 2.000.

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge, tvímenningur, verður spilaður í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Sýningar

**14.00** Sýning á olíumálverkum Lilju Þorsteinsdóttur opnar í Boganum í Gerðubergi. Sýningin stendur til 15. apríl og er opin virka daga kl. 11-17 og kl. 13-16 um helgar.

**16.00** 23 manna listahópur frá Guangxi háskóla í Suður-Kína, flytur margvísleg atriði á sviði stóra sals Háskólabíós. Einstakt tækifæri til að kynnast kínverskri dans-, söng- og bardagalist.

### Kvikmyndir

**22.00** Skemmtistaðurinn Prikið slær upp þynnkubíói. Aðgangur ókeypis og popp í boði.

### Leiðsögn

**14.00** Boðið verður upp á leiðsögn í Ásmundarsafni með áherslu á útilistaverk Ásmundar Sveinssonar og verk í opinberu rými. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir annast leiðsögnina.

**14.00** Boðið verður upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands og er hún að þessu sinni hugsuð fyrir börn á aldrinum 5-8 ára.



**14.00** Sigríður Melrós Ólafsdóttir fjallar um sýninguna ÞÁ og NÚ í Listasafni Íslands og fjallar einnig um verk þeirra Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar.

### Listamannaspjall

**15.00** Anna Líndal verður með listamannaspjall í Listasafni ASÍ. Spjallið er í tengslum við sýningu hennar Kortlagning hverfulleikans. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Frumur, plánetur og risaeðlur

Í dag opnar Valgerður Freeland Sigurðardóttir sína fyrstu einkasýningu í Gallerí 002, Þúfubarði 17 í Hafnarfirði. Valgerður hreppti fyrsta sæti í skúlptúrkeppni Íslands, sem haldin var í fyrsta sinn á Bakkusi í nóvember. Að launum hlaut hún að sýna á þessari fyrstu sýningu ársins í Galleríi 002.

Valgerður er 19 ára og er í FB á listnámsbraut. Þaðan útskrifast hún í vor og stefnir á frekara listnám. Verkið sem tryggði henni sigurinn í skúlptúrkeppninni var risaeðluinnsetning. „Ég hef verið að safna risaeðlum úr plasti. Ég var með allt það safn og eldfjall og raðaði þessu saman á borði og bjó til innsetningu úr því," segir Valgerður, sem er stoltur eigandi 160 risaeðla og er enn að safna. „Margir töluðu um að þeim þótti þetta túlka offjölgun, en aðallega var ég nú að hugsa um fallega liti og mismunandi form."

Viðfangsefni sýningar Valgerðar í Gallerí 002 eru þrjú, en þau skapa saman eina heild: Abstrakt og fígúratíf málverk með frumum sem myndefni, margs konar ljósalampar og plánetur sem lýsa í myrkri, risaeðluinnsetning með risaeðlunum hennar Valgerðar.

Gallerí 002 er rekið af Birgi Sigurðssyni, sjálflærðum myndlistarmanni og rafvirkja. Um það bil einu sinni í mánuði tæmir hann blokkaríbúð sína í Hafnarfirði, flytur út og leyfir öðrum myndlistarmönnum að athafna sig þar að vild. Sumir þeirra hafa notað veggi íbúðarinnar sem striga og því er heimili Birgis síbreytilegt og ávallt undir áhrifum síðasta listamanns sem þar sýndi.

Sýning Valgerðar verður opnuð í dag klukkan 14 og er opin til klukkan 17. Á morgun, sunnudag, er sýningin einnig opin á milli klukkan 14 og 17, en hún er aðeins opin þessa einu helgi. **- hhs**



**VALGERÐUR FREELAND SIGURÐARDÓTTIR** Opnar sína fyrstu einkasýningu í Galleríi 002 í dag klukkan 14.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







# UMBÚÐAHÖNNUN 2012

**Prentsmiðjan Oddi og Félag íslenskra teiknara (FÍT) standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni og/eða bylgjupappír.**

## DÓMNEFND SKIPA:

**Heiðar Þór Jónsson**
Grafískur hönnuður/Varaformaður FÍT

**Elísabet Ýr Sigurðardóttir**
Umbúðahönnuður hjá Odda

**Sindri Páll Sigurðsson**
Vöruhönnuður hjá Össuri

**Birna Geirfinnsdóttir**
Grafískur hönnuður

**Stefán Pétur Sólveigarson**
Vöruhönnuður

## KEPPNIN ER ÖLLUM OPIN
### ÁN ENDURGJALDS

Prentsmiðjan Oddi og Félag íslenskra teiknara (FÍT) standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni og/eða bylgjupappír.

Tillögurnar skulu, að hluta eða öllu leiti, miða við það hráefni sem keppnishaldarar leggja til, en þátttakendum er frjálst að velja sér viðfangsefni.

Beiðni um keppnisgögn skal senda á netfangið **keppni@oddi.is** þar sem fram kemur nafn eða nöfn þátttakenda, netfang, heimilisfang og símanúmer. Frjálst er að senda fleiri en eina tillögu inn í keppnina.

Lokaskil á tillögum er **23. febrúar** og skal þeim skilað á rafrænu formi á netfangið **keppni@oddi.is** fyrir miðnætti þann dag.

**ÚRSLITAKVÖLDIÐ VERÐUR HALDIÐ ÞANN 1. MARS.**

Allar tillögur sem berast dómnefnd verða númeraðar með sérstöku raðnúmeri og er því full nafnleynd á öllu því sem dómnefnd sér.

Allar innsendar tillögur verða skoðaðar með framleiðslumöguleika í huga og verður samið sértaklega við höfund ef til framleiðslu kemur.

**1. VERÐLAUN**
150.000 kr. í peningum og 250.000 kr. prentinneign hjá Odda

**2. VERÐLAUN**
75.000 kr. í peningum og 150.000 kr. prentinneign hjá Odda

**3. VERÐLAUN**
35.000 kr. í peningum og 100.000 kr. prentinneign hjá Odda

**ÚT FYRIR BOXIÐ AUKAVERÐLAUN**
150.000 kr. prentinneign hjá Odda verður veitt þeirri tillögu sem sýnir fram á framsækna eða nýja nálgun á notkun umbúða.

FÍT ODDI



**ALLIR ELSKA VÖFFLUR** sérstaklega söngkonan Nicky Minaj. Þegar hún kemur fram á tónleikum eru vöfflur hluti af kröfulistanum, ásamt límonaði og bakka af steiktum kjúklingi. Þó enga leggi.

# Forrit sem les hugsanir



**VÍSINDI** Vísindamenn hafa þróað forrit sem getur lesið hluta af hugsunum fólks, byggt á því hvaða orð fólkið heyrir. Þetta þýðir að líf þeirra sem hafa fengið heilablóðfall eða glíma við annars konar veikindi sem hamla talfærni þeirra getur breyst til muna.

Samkvæmt The Guardian gæti framtíðin litið þannig út að örflögu verði komið fyrir í heila fólks. Hún myndi túlka hugsanir þess með því að senda frá sér orð eða setningar sem fólkið ímyndar sér. Fimmtán sjúklingar tóku þátt í rannsókninni og voru niðurstöðurnar birtar í tímaritinu Plos Biology.




# SVÍARNIR SÝNA HAUSTTÍSKUNA 2012



**CHEAP MONDAY:** Gallabuxnamerkið, sem er hvað frægast fyrir níðþröngu buxurnar á bæði kynin, boða breytingar með haustinu en þá má finna víðar buxur, axlabönd og brjóstahaldara yfir boli.

**FILIPPA K:** Sænska merkið Filippa K hefur átt miklum vinsældum að fagna og er þekkt fyrir að upphefja einfaldleikann í fatnaði sínum. Næsta haust boðar Filippa K sterka liti, bein buxnasnið og háar klaufar.





**MINI-MARKET:** Þetta sænska merki er þekkt fyrir litadýrð og hressandi samsetningar. Haustlínan var engin undantekning á því og ef marka má Minimarket verður haustið ekki jafn drungalegt fyrir fataskápinn og tíðkast hefur.

**ALTEWAI SAOME:** Merkið sem sló í gegn á tískuvikunni ár. Með sín einföldu snið og litasamsetningar minnti merkið örlítið á tískuhúsið Celine. Haustsýning þeirra var sú umtalaðasta meðal tískuspekinga í ár.





# VETRAR LAGERSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG VETRARFATNAÐI**

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| VERÐDÆMI | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| **Útivist:** | | |
| Hanskar | 6.990 | 3.900 |
| Lúffur | 15.990 | 6.900 |
| 3 laga jakkar | 37.990 | 9.900 |
| 3 laga buxur | 37.990 | 9.900 |
| Brettaúlpur | 34.990 | 12.900 |
| Superstretch-peysur | 17.990 | 7.900 |
| Gönguskór | 29.990 | 19.900 |
| Snjóbuxur | 24.990 | 12.900 |
| Soft-shell jakkar | 19.990 | 4.900 |
| 2 laga skíðaúlpur | 29.990 | 14.900 |
| Dúnúlpur | 34.990 | 12.900 |
| Flíspeysur | 13.990 | 5.900 |
| Göngubuxur | 19.990 | 9.900 |
| **Barna:** | | |
| Barna flís peysur | 9.990 | 2.900 |
| Barna superstretch peysur | 14.990 | 4.900 |
| Barnaúlpur | 22.990 | 9.900 |
| Barna soft-shell peysur | 14.990 | 2.900 |
| Barnagallar | 13.990 | 5.900 |
| Barna snjóbuxur | 14.990 | 8.900 |

**OPNUNARTÍMAR**

4. feb. laugardagur kl. 10:00 - 18:00
5. feb. sunnudagur kl. 11:00 - 18:00
6. feb. mánudagur kl. 12:00 - 20:00





Lagersala ZO-ON • Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) • Kópavogi • www.zo-on.is

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is



**37.709 AÐDÁENDUR** á hljómsveitin Of Monsters and Men á Facebook. Frábær árangur miðað við aldur hljómsveitarinnar, sem var stofnuð fyrir tæpum tveimur árum.

# Hlustuðu á Dylan á kvöldin

**Hljómsveitin Blágresi hefur gefið út sína fyrstu plötu. Rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson samdi alla textana.**

Blágresi hefur gefið út plötuna Hvað ef himinninn brotnar… sem er samvinnuverkefni hljómsveitarinnar og rithöfundarins Einars Más Guðmundssonar.

Platan átti að koma út fyrir síðustu jól en útgáfunni var frestað. Leifur Björnsson, forsprakki Blágresis, er mjög ánægður með samstarfið við Einar Má, sem samdi alla textana. „Það var alveg frábært, hann er þvílíkur fagmaður,“ segir Leifur. „Þetta er mikill heiður. Maður er alinn upp á sögunum hans og það var mjög gaman fyrir mig að fá tækifæri til að vinna með honum.“

Blágresi er hugarfóstur Einars Más og Leifs, sem höfðu oft rætt um samstarf, og hófst það loks fyrir alvöru sumarið 2009. Í hópinn bættust Daníel Auðunsson og Tinna Marína Jónsdóttir, og hljómsveitin Blágresi sem spilar þjóðlagaskotna tónlist varð til.

„Við Einar Már unnum þetta saman eiginlega. Ég tók upp hugmyndirnar mínar og sendi á hann og hann bjó eitthvað til við lögin,“ segir Leifur um lagasmíðarnar. „Hann er gríðarlega mikill áhugamaður um músík og að miklu leyti um þessa tónlistarstefnu. Við hittumst á vinnustofunni hans seint á kvöldin og mörg kvöldin hjá okkur enduðu í því að hlusta á Bob Dylan, sem var gott og blessað.“

Útgáfutónleikar verða haldnir í Hörpu 8. mars þar sem Gunnar Þórðarson og Bjartmar Guðlaugsson verða gestir. Meiri spilamennska er fram undan á þessu ári. „Einar á mjög dyggan aðdáendahóp á Norðurlöndunum og við erum strax farin að fá boð um að fara með honum til Danmerkur og Færeyjar til að spila,“ segir Leifur.

freyr@frettabladid.is



**NÝ PLATA** Hljómsveitin Blágresi hefur gefið út sína fyrstu plötu, Hvað ef himinninn brotnar… MYND/EDDA BJÖSS



**BEYONCÉ OG JAY-Z** Beyoncé Knowles er sögð hafa fengið himinhátt tilboð um að dæma í X-Factor.

# Cowell vill Beyoncé í dómarasæti í X-Factor

Orðrómur er uppi um að Beyoncé Knowles hafi verið boðnir um sextíu milljarðar króna fyrir að vera dómari í bandarísku sjónvarpsþáttunum X-Factor næstu fimm árin.

Simon Cowell, maðurinn á bak við þættina, er sagður mjög spenntur fyrir því að fá söngkonuna um borð í von um að auka áhorfið á þættina. Þeir hófu göngu sína á síðasta ári og um tíu milljón áhorfendur fylgdust að meðaltali með hverjum þætti, sem var tvöfalt minna áhorf en Cowell vonaðist eftir. Dómararnir Paula Abdul og Nicole Scherzinger eru báðir hættir í X-Factor, auk kynnisins Steves Jones, og hefur Cowell þakkað þeim öllum fyrir vel unnin störf.

„Cowell vill fá stóra kvenkyns stjörnu í dómnefndina,“ sagði heimildarmaður. „Mariah Carey er góð en hún er ekki mjög vinsæl um þessar mundir. Hann vill fá Beyoncé vegna þess að þá fengi hann áhorfið sem vantar upp á til að sigra American Idol.“

Óvíst er hvort Knowles þekkist boðið enda eignaðist hún nýlega dótturina Blue Ivy með manni sínum Jay-Z.

# Vill hjálpa Demi

Bruce Willis, fyrrverandi eiginmanni Demi Moore, líst ekkert á hrakandi heilsufar leikkonunnar og hefur beðið hana um að leita sér hjálpar sem fyrst. Frá þessu greinir tímaritið People. Willis og Moore eiga saman þrjár dætur en Moore er sérstaklega náin elstu dóttur þeirra, Rumer, sem er 23 ára.

Moore var lögð inn á spítala á dögunum en talið er að hún eigi við átröskun og eiturlyfjavandamál að stríða.









snyrtifræði – naglafræði – förðunarfræði – tískuljósmyndun – stílistanámskeið – módelnámskeið

# FASHION ACADEMY
## REYKJAVÍK

Fashion Academy Reykjavík er miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð.

Skólinn er í glæsilegum húsakynnum og býður upp á frábæra aðstöðu fyrir nemendur.



### NÁM Í FÖRÐUN

Diploma nám í förðun í samvinnu við MAKE UP STORE á Íslandi og Margréti R. Jónasar förðunarmeistara.

Í skólanum verður lögð áhersla á samvinnu milli deilda, glæsilegt umhverfi og frábæra aðstöðu fyrir nemendur.

MAKE UP STORE®



### NÁM Í TÍSKU OG AUGLÝSINGALJÓSMYNDUN

10 vikna námskeið í tísku og auglýsingaljósmyndun.

Í náminu er lögð rík áhersla á samvinnu milli deilda og raunveruleg verkefni.



### MÓDELNÁMSKEIÐ
#### FRAMKOMU OG FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ FYRIR STELPUR OG STRÁKA

10 vikna framkomu og fyrirsætunámskeið. Helsta markmið námskeiðsins styrkja sjálfstraust nemenda. Einnig er stefnt að því að nemendur geti í lok námskeiðsins stigið óhræddir fyrir framan myndavélina og gengið með öryggi niður tískusýningarpallinn.

Yngri hópur: 14-16 ára stelpur

Eldri hópur: 17 ára og eldri fyrir bæði stelpur og stráka

Aðalleiðbeinandi er Bryndís Bjarnadóttir heimspekingur og fyrrverandi elite fyrirsæta.



### NÁM Í SNYRTIFRÆÐI

Skólinn mun bjóða upp á nám í snyrtifræði til undirbúnings fyrir sveinspróf.

Nám í snyrtifræði er kjörið fyrir þá sem vilja framtíðarstarf sem er bæði fjölbreytt og skapandi. Námið tekur eitt ár og hentar öllum aldurshópum.

Snyrtifræðinámið er með viðurkenningu frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu og er því lánshæft hjá LÍN.

Námskeiðin hefjast 11. febrúar fyrir utan snyrtifræði sem hefst í mars.
Áhugasamir hafið samband í síma 571 5151 eða sendið tölvupóst á johanna@elitemodel.is

www.fashionacademy.is facebook.com/fashionacademyreykjavik Ármúla 21, 108 Reykjavík Sími 571 51 51

# SÍÐUSTU DAGAR RÝMINGARSÖLUNNAR

## AÐEINS ÖRFÁIR DAGAR EFTIR. FRÁBÆRT VERÐ. ALLT Á AÐ SELJAST.

HAGLABYSSUR, RIFFLAR, VEIÐISTANGIR, HJÓL, BYSSUSKÁPAR, GERVIGÆSIR, SPÚNAR, FLOTHOLT, VÖÐLUR, JAKKAR, UNDIRFÖT, VEIÐIVESTI, FLUGULÍNUR, OG MARGT FLEIRA Á VERÐI SEM ALDREI Á EFTIR AÐ SJÁST AFTUR. VIÐ FÖRUM AÐ LOKA. MISSTU EKKI AF ÞESSU

OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG
10 TIL 16 Á LAUGARDAG

AUÐVELDAÐU OKKUR FLUTNINGINN OG HJÁLPAÐU OKKUR VIÐ AÐ TÆMA BÚÐINA

*Sportbúðin flytur í febrúar frá Krókhálsi 5 og opnar í mars að Krókhálsi 4.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# sport

sport@frettabladid.is



**ÞÓREY RÓSA STEFÁNSDÓTTIR** hefur framlengt samning sinn við danska liðið Team Tvis Holstebro um tvö ár. Þórey Rósa var í stóru hlutverki hjá íslenska landsliðinu á HM í Brasilíu og henni er ætlað stórt hlutverk í Danmörku. „Ég trúi því að hún verði ein sú besta í sinni stöðu í deildinni," sagði Niels Agesen, þjálfari liðsins.

# Er ekki búinn að semja

**Guðjón Valur Sigurðsson segir að það sé rangt sem kvisaðist út í gær að hann væri búinn að semja við þýska félagið Kiel, sem hefur augastað á leikmanninum. Hans mál skýrast um helgina eða eftir helgi. Þrjú félög í sigtinu.**

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson segir að það sé ekki rétt sem spurðist út í gær að hann væri búinn að semja við þýska stórliðið Kiel sem Alfreð Gíslason þjálfar og Aron Pálmarsson leikur með.

„Það er ekki farinn neinn samningur frá mér, með mínu nafni út úr mínu húsi. Ég er ekki búinn að gera samning við neinn," sagði Guðjón Valur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Mikið var að gera hjá Guðjóni í símanum í gær eftir að sú saga fór í gang að hann væri búinn að semja við Kiel.

„Fyrir mér er það þannig að allt er orðið klárt þegar samningur sem ég hef skrifað undir er kominn í hendurnar á þeim sem ég var að semja við. Það er ekki farinn samningur út úr mínu húsi og það er í rauninni það eina sem ég get sagt."

Guðjón viðurkennir að hann sé kominn með samningstilboð í hendurnar sem verið sé að fara yfir.

> Það er ekki farinn samningur út úr mínu húsi og það er í rauninni það eina sem ég get sagt.
>
> **GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON**
> HANDKNATTLEIKSMAÐUR

„Það er orðið svolítið þreytt að þurfa að svara daglega um eitthvað sem gæti kannski gerst," sagði hornamaðurinn.

Danska liðið AG, sem Guðjón spilar með í dag, dró samningstilboð sitt til Guðjóns til baka á dögunum og er búið að semja við sænska hornamanninn Fredrik Petersson í hans stað. „Ég skil vel að sögusagnir fari í gang á meðan ég er í þessari stöðu en það er ekkert undirskrifað og ekkert staðfest."

Guðjón viðurkennir að ýmislegt hafi verið í pípunum hjá honum eftir EM og vonast til þess að hans mál komist á hreint um helgina eða strax eftir helgi.

„Umboðsmaðurinn minn var að tala við þrjú félög um síðustu helgi og ég geri ráð fyrir því að nú um helgina verði allt frágengið. Í byrjun næstu viku ætti því vonandi að liggja fyrir hvar ég spila handbolta næsta vetur."

Fjölmörg sterk félög eru í leit að vinstri hornamanni og Guðjón Valur sagði er hann skrifaði undir hjá AG á sínum tíma að hann vildi taka þátt í þeim dansi sem nú er í gangi er þessi félög leita að nýjum hornamanni.

Kiel er eitt þessara félaga enda er sænski hornamaðurinn Henrik Lundström á leið frá félaginu næsta sumar. Fyrir hjá félaginu er síðan þýski landsliðsmaðurinn Dominik Klein.

Það er að ýmsu að hyggja hjá Guðjóni Val um helgina því hann er á leið til Álaborgar með AG þar sem liðið mun taka þátt í úrslitahelginni í bikarnum. Þar eru Danmerkurmeistararnir ansi líklegir til afreka.

„Við ætlum okkur auðvitað stóra hluti þar og það verður gaman að taka þátt í þessari helgi," sagði Guðjón Valur en ef AG fer með sigur af hólmi yrði það fyrsti titill hans með félaginu en með AG leika einnig þeir Arnór Atlason, Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson. henry@frettabladid.is



**EKKERT UNDIRRITAÐ** Guðjón Valur talar varlega en býst við því að hans mál verði kláruð um helgina eða strax eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ARON PÁLMARSSON** Spilaði virkilega vel fyrir Ísland á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aron Pálmarsson:

## Fékk slæma matareitrun

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson, leikmaður Kiel, er á ágætum batavegi eftir að hafa fengið heiftarlega matareitrun sem hefur haldið honum í rúminu alla helgina.

„Ég fékk þetta annað hvort í Liverpool eða Kaupmannahöfn. Ég varð fárveikur á mánudaginn og hef verið slappur síðan," sagði Aron í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann nýtti fríið eftir EM til þess að skella sér á leik Liverpool og Man. Utd. um síðustu helgi. Í því fríi fékk hann máltíð sem var augljóslega ekki í lagi.

„Ég hef verið í meðferð hjá liðslækninum síðan þá og þurft að fá næringu í æð meðal annars. Þetta er hundfúlt því ég vildi vera að æfa en það er lítið við þessu að gera. Ég er samt boðaður á æfingu í fyrramálið [í dag] og mun láta reyna á þetta. Ég hlýt að vera orðinn góður um helgina," sagði Aron brattur.

Fyrsti leikur Kiel eftir Evrópumeistaramótið er næsta fimmtudag og Aron ætti að vera orðinn fullgóður þá. - hbg






**SVAVAR BIRGISSON** Reynsluboltinn í liði Tindastóls. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undanúrslit bikarsins:

## Skrifa Stólarnir nýja sögu?

**KÖRFUBOLTI Undanúrslit Poweradebikars karla fara fram annað kvöld þegar Keflavík fær KFÍ í heimsókn í Toyota-höllina í Keflavík og Tindastóll tekur á móti KR á Króknum en báðir leikir hefjast klukkan 19.15.**

**KR-ingar, sem hafa unnið alla átta bikarleiki sína undir stjórn Hrafns Kristjánssonar, eiga titil að verja og gætu komist í Laugardalshöllina í þriðja sinn á fjórum árum. KR sló Tindastól út í undanúrslitunum í fyrra en sá leikur fór fram fyrir sunnan. Nú mætast liðin í Síkinu á Sauðárkróki og Stólarnir geta þar komast í bikarúrslitaleikinn í fyrsta sinn í sögu félagsins. Tindastóll hefur tapað fjórum sinnum í undanúrslitum en aldrei verið á heimavelli.**

**Keflavík og KFÍ hafa beðið mislengi eftir að komast í úrslitin. Keflavík hefur tapað tveimur síðustu undanúrslitaleikjum sínum og voru síðast í höllinni fyrir sex árum en Ísfirðingar komust í fyrsta og eina skiptið í bikarúrslit árið 1998. - óój**

Hápunktur NFL-tímabilsins:

## Ná Patriots fram hefndum?

**NFL** Hinn árlegi leikur um Ofurskálina (e. Super Bowl) fer fram aðfaranótt mánudags en í þetta sinn eigast við lið New England Patriots og New York Giants.

Þessi sömu lið áttust við árið 2008 en þá hafði Giants betur. Tom Brady og félagar í Patriots fá nú tækifæri til að hefna fyrir tapið og eru þeir taldir sigurstranglegri. Manning hjá Giants hefur hins vegar oft tekist að ná sínu besta fram á ögurstundu.

Leikurinn verður sýndur á ESPN America sem má finna á Fjölvarpi Stöðvar 2. - esá



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Heilmikið undir í leikjum ensku úrvalsdeildarinnar nú um helgina:

# City þarf að komast aftur á skrið

**FÓTBOLTI** Árið hefur ekki byrjað vel hjá Manchester City en liðið hefur ekki unnið nema þrjá af síðustu níu leikjum sínum í öllum keppnum. Liðið hefur á síðustu vikum fallið úr leik í bæði bikarnum og deildarbikarnum og í vikunni náðu grannarnir í Manchester United að jafna liðið að stigum á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

**Leikir helgarinnar**

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| 13.00 Arsenal - Blackburn | Sport 2 & HD |
| 15.00 WBA - Swansea | Sport 2 & HD |
| 15.00 QPR - Wolves | Sport 3 |
| 15.00 Norwich - Bolton | Sport 4 |
| 15.00 Stoke - Sunderland | Sport 5 |
| 15.00 Wigan - Everton | Sport 6 |
| 17.30 Man. City - Fulham | Sport 2 & HD |
| **Sunnudagur:** | |
| 13.30 Newcastle - A. Villa | Sport 2 & HD |
| 16.00 Chelsea - Man. Utd. | Sport 2 & HD |

City-menn eiga þó ágætis möguleika á að endurheimta forystuna um helgina. Fyrir fram má ætla að verkefni liðsins um helgina sé talsvert auðveldara en hjá Manchester United og Tottenham sem koma í næstu sætum á eftir. City mætir Fulham á heimavelli í dag en United þarf að fara á erfiðan útivöll og leika gegn Chelsea á morgun. Hið sama á við um Tottenham sem mætir Liverpool á Anfield á mánudagskvöldið.

Líkurnar á því að City misstígi sig gegn Fulham í dag eru ekki miklar. Liðið er með 100 prósenta árangur í deildinni á heimavelli – hefur unnið alla ellefu leiki sína með markatölunni 34-6.

Íslendingaliðin QPR og Wolves mætast í dag en þar sem Heiðar Helguson er frá vegna meiðsla mun hann ekki spila með fyrrnefnda liðinu. Eggert Gunnþór Jónsson var í byrjunarliði Wolves í vikunni er liðið tapaði fyrir Liverpool.

Gylfi Þór Sigurðsson verður væntanlega í liði Swansea sem mætir West Brom, rétt eins og Grétar Rafn Steinsson hjá Bolton sem mætir Norwich. - esá



**EKKI MEÐ** John Terry er meiddur á hné og verður ekki með Chelsea gegn United. NORDIC PHOTOS/GETTY

skemmtilegri

29. feb. fylgir með!

# FEBRÚAR ER VEISLA

Búðu þig undir sannkallaða sjónvarpsveislu á Stöð 2 í febrúar. Boardwalk Empire snýr aftur með ótal verðlaun í farteskinu auk hins umtalaða Two and a Half Men og Gossip Girl. Skoppa og Skrítla auka enn úrvalið af vönduðu og skemmtilegu barnaefni allar helgar. Þar að auki hefjast spánnýir þættir sem hafa slegið í gegn vestra: Gamanþátturinn New Girl með Zooey Deschanel og háspennuserían Alcatraz með Sam Neill. Svo missir auðvitað enginn af Óskarsverðlaununum!

**Fáðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is**




KOMIÐ YKKUR VEL FYRIR OG MISSIÐ EKKI AF MAGNAÐRI SJÓNVARPSHELGI Á STÖÐ 2

## LAUGARDAGSKVÖLD

19:35 **Spaugstofan**
20:05 **Hachiko: A Dog's Story**
21:40 **Rendition**

## SUNNUDAGSKVÖLD

19:40 **Sjálfstætt fólk**
20:20 **The Mentalist**
21:05 **The Kennedys**
21:50 **Mad Men**
22:40 **60 mínútur**



Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra
**243 KR.**
Á DAG

TCM
TCM fylgir frítt með áskrift að Stöð 2 í febrúar

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > JON STEWART

„Ég er allt of lítill til að stýra spjallþætti sem er seint á kvöldin. Þetta er eins og að fara í stóru tækin í skemmtigarði, maður þarf að vera allavega einn og níutíu.“

***Jon Stewart er fyndinn náungi. Hann stýrir pólitíska grínþættinum Daily Show sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 19.40
### Sjálfstætt fólk

Jón Ársæll Þórðarson heimsækir Jón Óttar Ragnarsson athafnaskáld, frumkvöðul Herbalife á Íslandi og kvikmyndaframleiðanda í verðlaunaþættinum Sjálfstæðu fólki.

Jón Óttar og kona hans, Margrét Hrafnsdóttir, koma bæði fram í þættinum og segja frá viðburðaríku lífi sínu og viðhorfum en þau hafa á undanförnum árum búið í Kaliforníu.

Um þessr mundir vinna þau að gerð tveggja stórmynda en fyrri myndin fjallar um Stein Steinarr og skáldin í Unuhúsi og samband Steins við vinkonur sínar, þær Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur, í New York. Seinni kvikmyndin sem þau hjónin vinna að er spennutryllir með stórleikaranum William Hurt í stóru hlutverki.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Dickens og Ísland **11.00** Guðsþjónusta í Hjallakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Egils saga - lokahluti **15.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Myrkir Músíkdagar **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.50 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** (4:5) (e)
**11.45 Djöflaeyjan** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Mannslíkaminn** (1:4) (e)
**14.45 Bikarkeppnin í körfubolta** BEINT frá undanúrslitum
**16.50 Hvað veistu? - Umhverfisvæn vísindi** (Viden om: Kan teknologi löse klimaproblemet?)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.35 Veröld dýranna** (42:52) (Aniland)
**17.41 Hrúturinn Hreinn** (40:40)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Við bakaraofninn** (4:6) (Camilla Plum: Boller af stål)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Höllin** (2:20) (Borgen)
**21.15 Kviksjá** Sigríður Pétursdóttir ræðir við Ísold Uggadóttur og sýndar verða stuttmyndir hennar: Góðir gestir, Njálsgata og Clean.
**21.20 Góðir gestir**
**21.45 Njálsgata**
**22.10 Hrein (Clean)**
**22.30 Sunnudagsbíó - Hvíti borðinn** (Das weisse Band - Eine deutsche Kindergeschichte) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.50 Silfur Egils** (e)
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Mr. Woodcock**
**10.00 Love Wrecked**
**12.00 Open Season 2**
**14.00 Mr. Woodcock**
**16.00 Love Wrecked**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 Seven Pounds**
**22.00 Inglourious Basterds**
**00.30 Pride**
**02.15 Drop Dead Sexy**
**04.00 Inglourious Basterds**

## 2 STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 Tricky TV** (23:23)
**12.00 Spaugstofan**
**12.25 Nágrannar**
**13.05 Nágrannar**
**13.45 Nágrannar**
**14.10 American Dad** (5:18)
**14.35 The Cleveland Show** (8:21)
**15.00 American Idol** (7:39)
**15.45 Týnda kynslóðin** (21:40)
**16.15 Kalli Berndsen** (5:10)
**16.50 Spurningabomban** (2:5)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (21:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** (17:38)
**20.20 The Mentalist** (7:24) Fjórða serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**21.05 The Kennedys** (5:8) Ein umtalaðasta sjónvarpssería síðustu ára þar sem fylgst er með lífshlaupi John F. Kennedy, frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum að valdatíð hans, velgengni og leyndarmálum á forsetastóli og sviplegu dauðsfalli. Meðal þeirra sem koma við sögu eru Jaqueline Kennedy, Frank Sinatra, Marilyn Monroe, J. Edgar Hoover og Lyndon B. Johnson.
**21.50 Mad Men** (13:13)
**22.40 60 mínútur**
**23.25 The Daily Show: Global Edition**
**23.50 The Glades** (5:13)
**00.35 V** (1:10)
**01.20 Supernatural** (1:22)
**02.05 Injustice** (1:2) Fyrri hluti vandaðrar og hörkuspennandi framhaldsmyndar um vináttu, samsæri, svik og morð. Á yfirborðinu virðist allt ganga upp hjá William Travers, hann er virtur lögmaður og býr hamingjusamur með konu sinni í útjaðri Suffolk. Hann hefur hins vegar misst trúna á réttarkerfið og er að jafna sig eftir erfiða atburði úr fortíð sinni þegar hann er dreginn inn í morðmál sem tengist gömlum félaga hans.
**03.45 Injustice** (2:2) Seinni hluti
**05.25 American Dad** (5:18)
**05.50 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**10.35 Spænski boltinn: Getafe - Real Madrid**
**12.20 Spænski boltinn: Barcelona - Real Sociedad**
**14.05 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.
**14.35 Liverpool - Man. Utd.** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.
**16.20 Nedbank Golf Challenge** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem einungis 12 frábærum kylfingum er boðið til leiks.
**19.50 Boston - New York** Útsending frá leik í NBA-deildinni.
**21.45 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks** Skemmtileg heimildamynd frá ESPN um frábæran leik Reggie Miller gegn New York Knicks í undanúrslitum Austurdeildarinnar árið 1995.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.50 QPR - Wolves**
**09.40 Man. City - Fulham**
**11.30 WBA - Swansea**
**13.20 Newcastle - Aston Villa** BEINT



**15.30 Chelsea - Man. Utd.** BEINT
**18.00 Sunnudagsmessan**
**19.20 Arsenal - Blackburn**
**21.10 Sunnudagsmessan**
**22.30 Chelsea - Man. Utd.**
**00.20 Sunnudagsmessan**
**01.40 Newcastle - Aston Villa**
**03.30 Sunnudagsmessan**

## 2 EXTRA

**15.10 Íslenski listinn**
**15.35 Bold and the Beautiful**
**16.15 Bold and the Beautiful**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.15 Falcon Crest** (5:30)
**18.05 ET Weekend**
**18.50 Tricky TV** (23:23)
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 The Glee Project** (5:11)
**20.25 American Idol** (6:39)
**21.15 American Idol** (7:39)
**22.00 Damages** (1:13)
**23.00 Damages** (2:13)
**23.45 Falcon Crest** (5:30)
**00.35 ET Weekend**
**01.20 Íslenski listinn**
**01.45 Sjáðu**
**02.10 Tricky TV** (23:23)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu
**14.30** Skuggar Reykjavíkur
**15.00** Frumkvöðlar
**15.30** Eldhús meistranna
**16.00** Hrafnaþing
**17.00** Græðlingur
**17.30** Svartar Tungur
**18.00** Tveggja manna tal
**18.30** Tölvur, tækni og vísindi
**19.00** Fiskikóngurinn
**19.30** Bubbi og Lobbi
**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur
**21.30** Vínsmakkarinn
**22.00** Hrafnaþing
**23.00** Motoring
**23.30** Eldað með Holta
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.45 Rachael Ray** (e)
**10.25 Rachael Ray** (e)
**11.10 Dr. Phil** (e)
**11.45 Dr. Phil** (e)
**12.30 Dr. Phil** (e)
**13.15 90210** (3:22) (e)
**14.05 America's Next Top Model** (8:13) (e)
**14.50 Once Upon A Time** (5:22) (e)
**15.40 HA?** (19:31) (e)
**16.30 7th Heaven** (7:22)
**17.15 Outsourced** (21:22) (e)
**17.40 The Office** (16:27) (e)
**18.05 30 Rock** (23:23) (e)
**18.30 Survivor** (9:16) (e)
**19.20 Survivor** (10:16) Ofsóknaræði grípur um sig og ógnar áður órjúfanlegu bandalagi. Keppendum bregður í brún þegar það er tilkynnt á ættbálkaþinginu að eldurinn muni slokkna hjá tveimur keppndum.
**20.10 Top Gear** (5:6)
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (19:24)
**21.50 The Walking Dead** (1:13) Bandarísk þáttaröð sem sló eftirminnilega í gegn á síðasta ári. Fyrsti þátturinn hefst þar sem Rick leiðir hópinn frá Atlanta í von um að komast frá uppvakningunum sem sífellt virðist fjölga.
**22.40 House** (22:23) (e)
**23.30 Prime Suspect** (2:13) (e)
**00.20 The Walking Dead** (1:13) (e)
**01.10 Whose Line is it Anyway?** (10:39) (e)
**01.35 Smash Cuts** (19:52) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** Inside the PGA Tour (5:45) **08.40** Golfing World **09.30** Qatar Masters (2:2) **13.30** Waste Management Open 2012 (3:4) **15.30** Qatar Masters (2:2) **18.00** Waste Management Open 2012 (4:4) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## BBC entertainment

**06.20** EastEnders **06.50** EastEnders **07.20** EastEnders **07.50** EastEnders **08.20** Top Gear **09.15** Top Gear **10.10** Top Gear **11.00** Top Gear **12.20** Top Gear **13.10** Top Gear **14.30** Top Gear **15.20** Top Gear **16.15** Top Gear **17.10** Top Gear **18.00** Top Gear **18.55** Top Gear **20.15** Top Gear **21.05** Top Gear **22.20** Top Gear **23.35** Top Gear **00.30** Top Gear **01.20** Top Gear **02.15** Top Gear **03.30** Top Gear **04.45** The Graham Norton Show **05.15** The Weakest Link **06.00** The Weakest Link

## DR 1

**08.40** Pingvinerne fra Madagascar **09.00** ICarly **09.25** Isa´s stepz **09.40** Isa´s stepz **09.55** Osman og Jeppe **10.10** Gepetto News **10.40** Send flere fisk **10.45** Historien om bilen **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** Byggeriets Perler **11.55** OBS **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.50** Lykke **14.50** Mr. Bean **15.20** Over hækken **16.40** Tæt på en dronning **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.50** Clement Søndag **21.30** McBride **22.55** DR1 Dokumentaren **23.55** Mission. Ekstremsport

## NRK 1

**06.45** Melodi Grand Prix 2012 **08.15** V-cup langrenn **09.55** V-cup alpint **11.00** Kollen i dag **11.25** V-cup kombinert **12.00** V-cup skiskyting **12.55** V-cup alpint **13.45** V-cup skiskyting **15.00** V-cup hopp **16.30** Underveis **17.00** Bokprogrammet **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Ingen grenser **20.15** Ei iskald verd **21.05** Livets mange sider **21.50** Billedbrev **22.00** Kveldsnytt **22.15** Filmbonanza **22.45** Broen **23.45** Ikke gjør dette hjemme **00.15** Lille Dorrit

## SVT 1

**07.00** På spåret **08.00** Rapport **08.15** Vinterstudion **08.30** Skidor **09.50** Vinterstudion **10.00** Alpint **10.45** Vinterstudion **11.00** Alpint **11.45** Skidor **12.30** Längdskidor **12.55** Vinterstudion **13.00** Alpint **13.45** Vinterstudion **14.00** Handboll **15.35** Längdskidor **16.25** Vinterstudion **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Äkta människor **21.00** Damages **21.50** Melodifestivalen 2012 **23.20** Antikrundan

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Í KVÖLD Á SKJÁEINUM!

kl. 20.10 TopGear

kl. 21.00 LAW & ORDER SPECIAL VICTIMS UNIT

kl. 21.50 THE WALKING DEAD



SKJÁREINN AÐEINS 3.490 KR. Á MÁNUÐI

Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma 595 6000, eða smelltu þér á skjareinn.is

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

ENNEMM / SÍA / NM50283


ÉG ER
Weetos
OG INNIHELD ENNÞÁ
MINNI SYKUR EN ANNAÐ
SÚKKULAÐIMORGUNKORN
Weetabix
Weetos
Chocolatey
375g
WHOLEGRAIN
HEILKORNA
D-VÍTAMÍN
LÍTIÐ
SALT
ÁN ALLRA
LITAREFNA

> **Stöð 2 kl. 19.35**
**Spaugstofan**



***Vinsælasti gamanþáttur íslenskrar sjónvarpssögu er á sínum stað á Stöð 2 í kvöld. Félagarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason skoða það markverðasta úr vikunni sem er að líða með sínum einstaka hætti.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR BÍÐUR SPENNT

# *Leitin að handritaskrifageninu*



Sjónvarpsþáttaröðin Borgen fór vel af stað á RÚV um síðustu helgi og nokkuð ljóst að leikhús- og bíóferðir á sunnudagskvöldum verða ekki á dagskrá næstu vikurnar. Danskar sjónvarpsþáttaraðir eru undantekningarlítið fantavel gerðar og danskir handritshöfundar virðast vera ljósárum á undan þeim amerísku, svo ekki sé nú minnst á þá íslensku, í listinni að skapa trúverðugar og áhugaverðar persónur og spennandi og hæfilega flókna atburðarás. Ekki veit ég hvað veldur þessu forskoti Dananna, en það hlýtur að vera verðugt rannsóknarefni fyrir erfðafræðinga að rýna í danska þjóðarsál í leit að handritaskrifageninu.

Íslendingar hafa hingað til ekki sýnt þess merki að þeir hafi þetta gen þegar kemur að skrifum handrita spennuþátta, en nýjasti ástmögur þjóðarinnar, Baltasar Kormákur, virðist þó hafa fullan hug á því að finna það. Hann lét fyrir skemmstu hafa eftir sér í viðtali á kvikmyndavefsíðunni Filmophilia.com að hann hefði í hyggju að beita sér fyrir framleiðslu á íslenskum spennuþáttum í svipuðum gæðaflokki og þeir dönsku eru. Takist honum það er svo sannarlega ástæða til að taka hann í guðatölu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Þau stóðu í sviðsljósinu: Inga Þórðardóttir **20.03** Enginn skilur hjartað **21.05** Söngvar af sviði: Land míns föðu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (3:3) (e)
**10.35 Reykjavíkurleikarnir** (e)
**11.10 Sterkasti fatlaði maður heims**
**11.40 Kastljós** (e)
**12.15 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**13.35 Kiljan** (e)
**14.25 Í skugga hljóðnemans** (e)
**15.25 Dönsk tíska í New York** (Mode og Manhattan: Dansk stil indtager New York)
**15.55 Útsvar** (Skagafj.- Grindavíkurb.) (e)
**17.00 Ástin grípur unglinginn**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Bombubyrgið** (16:26) (Blast Lab)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (4:13) (The Adventures of Merlin)
**20.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** Upphitun fyrir úrslitakvöldið.
**21.25 Eyðsluklóin** (Confessions of a Shopaholic)
**23.10 Köfunarkúlan og fiðrildið** (Le scaphandre et le papillon) Frönsk bíómynd um Jean-Dominique Bauby, ritstjóra franska tímaritsins Elle, sem lamaðist árið 1995 alls staðar nema á vinstra auga og skrifaði æviminningar sínar með því.
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (5:11)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 American Idol** (6:39)
**14.30 The Block** (5:9)
**15.15 Sjálfstætt fólk** (16:38)
**15.55 Modern Family** (9:24)
**16.15 ET Weekend**
**17.00 Two and a Half Men** (8:16)
**17.25 Íslenski listinn**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
**20.05 Hachiko; A Dog's Story** Sannsöguleg mynd um háskólaprófessor (Richard Gere) sem tengist flækingshundi sterkum böndum. Fjölskyldan og aðrir bæjarbúar heillast af þessum hundi og hann kennir þeim sitthvað um ást, samúð og staðfestu.
**21.40 Rendition** Þrælmögnuð spennumynd með Reese Witherspoon og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum og fjallar um hin umdeildu mannrán sem leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, hefur stundað um allan heim á undanförnum árum.
**01.20 RocknRolla** Kraftmikil, gráglettin og hröð glæpamynd úr smiðju Guy Ritchie með Gerard Butler í aðalhlutverki. Þegar framinn er einhver mesti fasteignaglæpur í London fyrr og síðar upphefst mikið kapphlaup milli harðsvíraðustu glæpamanna borgarinnar um þýfið.
**03.10 Australia** Rómantísk stórmynd með Hugh Jackman og Óskarsverðlaunaleikkonunni Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Myndin gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og segir frá breskri hefðarfrú, Lady Ashley sem ferðast til Ástralíu til að leita uppi eiginmann sinn. Hlutirnir fara ekki eins og hún áætlaði og þess í stað kynnist hún kúrekanum Dover og fella þau hugi saman.
**05.50 Fréttir**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Marley & Me**
**10.00 Ghosts of Girlfriends Past**
**12.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**14.00 Marley & Me**
**16.00 Ghosts of Girlfriends Past**
**18.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**20.00 Slumdog Millionaire**
**22.00 Frágiles**
**00.00 Edmond**
**02.00 Window Theory**
**04.00 Frágiles**
**06.00 Seven Pounds**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**10.40 Spænsku mörkin**
**11.10 Boston - New York** NBA-deildin
**13.00 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ**
**13.55 Watford - Tottenham** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**15.40 Ensku bikarmörkin**
**16.10 Golfskóli Birgis Leifs** (3/12)
**16.35 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City**
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spánn: Getafe - Real Madrid** BEINT
**20.50 Spánn: Barcel. - Real Socied.** BEINT
**23.00 UFC 123** Þangað eru mættir til leiks flestir af bestu bardagamönnum heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.35 Blackburn - Newcastle**
**10.25 Tottenham - Wigan**
**12.15 Premier League Preview**
**12.45 Arsenal - Blackburn**
**14.45 WBA - Swansea** BEINT
**17.15 Man. City - Fulham** BEINT
**19.30 QPR - Wolves**
**21.20 Norwich - Bolton**
**23.10 Stoke - Sunderland**
**01.00 Wigan - Everton**

## STÖÐ 2 EXTRA

**16.40 Nágrannar**
**18.25 Cold Case** (9:22)
**19.10 Spurningabomban** (2:5)
**20.00 Wipeout - Ísland**
**20.55 Týnda kynslóðin** (21:40)
**21.25 Twin Peaks** (6:22)
**22.15 Numbers** (5:16)
**23.00 The Closer** (7:15)
**23.45 Cold Case** (9:22)
**00.30 Hank** (8:10) (9:10) (10:10)
**01.35 Til Death** (1:18)
**02.00 Íslenski listinn**
**02.25 Sjáðu**
**02.55 Spaugstofan**
**03.25 Týnda kynslóðin** (21:40)
**03.55 Spurningabomban** (2:5)
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.20 Rachael Ray** (e)
**12.40 Rachael Ray** (e)
**13.25 Dr. Phil** (e)
**14.50 Being Erica** (12:13) (e)
**15.35 Live To Dance** (5:8) (e)
**16.25 Pan Am** (11:14) (e)
**17.15 7th Heaven** (6:22)
**18.00 The Jonathan Ross Show** (11:19)
**18.50 Minute To Win It** (e)
**19.35 Mad Love** (13:13) (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (8:48)
**20.25 Eureka** (5:20) Claudia Donovan kíkir í heimsókn til Eureka í þeirri von að sjá mögnuð tækniundur.
**21.15 Once Upon A Time** (5:22) Henry setur líf sitt í hættu þegar hann ákveður að kanna innvols gígs sem myndast hefur úti við bæjarmörkin. Í ævintýralandi á Tumi engispretta í innri baráttu því hann langar að yfirgefa fjölskyldufyrirtækið.
**22.05 Saturday Night Live** (7:22) Það er How I Met Your Mother-stjarnan Jason Segal sem er gestastjórnandi kvöldsins.
**22.55 Rocky IV** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1985. Apollo Creed stígur aftur fram á sjónvarsviðið eftir að hafa skorað á sovéskan boxara að nafni Ivan Drago. Eftir mikinn ósigur ákveður Rocky að slást við Drago á hans eigin heimavelli í Moskvu sósíalismans.
**00.30 HA?** (19:31) (e)
**01.20 Jimmy Kimmel** (e)
**02.05 Jimmy Kimmel** (e)
**02.50 Whose Line is it Anyway?** (e)
**03.15 Real Hustle** (1:20) (e)
**03.40 Smash Cuts** (18:52) (e)
**04.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Waste Management Open 2012 (2:4) **11.00** Inside the PGA Tour (5:45) **11.25** Abu Dhabi Golf Championship (4:4) **15.25** Waste Management Open 2012 (2:4) **18.00** Waste Management Open 2012 (3:4) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**07.35** Top Gear **08.55** Top Gear **10.10** Top Gear **11.05** Top Gear **11.55** Top Gear **12.50** Top Gear **13.45** Top Gear **14.35** Top Gear **15.55** Top Gear **16.45** Top Gear **18.00** Top Gear **18.50** Top Gear **19.45** Top Gear **20.35** Top Gear **21.30** Top Gear **22.20** Top Gear **23.35** Top Gear **00.35** Top Gear **01.45** Top Gear **02.35** Top Gear **03.25** Top Gear **04.20** The Graham Norton Show **05.05** Top Gear

## DR 1

**09.00** Dragejægerne **09.25** Ramasjang Mix **09.50** Aaron Stone **10.15** Batman - Den tapre og den modige **10.40** Troldspejlet 2012 **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn - TV på tegnsprog **11.55** Sign up **12.50** Ved du hverm du er? **14.35** Downton Abbey **15.40** X Factor **16.40** Før søndagen **16.50** Sporløs **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt 2012 **18.10** De kære dyrebørn **19.00** Det støver stadig **20.20** Wallander - Lækagen **21.50** Et spørgsmål om ære

## NRK 1

**08.55** V-cup kombinert **09.45** Sport i dag **10.05** V-cup langrenn **11.00** Kollen i dag **11.35** V-cup langrenn **12.15** V-cup skiskyting **12.55** V-cup kombinert **13.40** Sport i dag **14.05** V-cup skiskyting **14.55** V-cup hopp **16.30** V-cup Telemark **17.30** Sport i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Melodi Grand Prix 2012 **19.55** Norsk attraksjon **20.25** Melodi Grand Prix 2012 **20.55** Nye triks **21.50** Program ikke fastsatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Uærlighetens pris

## svt1

**09.30** Alpint **10.15** Skidor **11.00** Alpint **11.45** Skidor **12.15** Vinterstudion **13.00** Bakom 30 grader i februari **13.05** Bröderna Reyes **14.00** Tager du **14.30** Bakom 30 grader i februari **14.35** Dag **15.00** Rapport **15.05** Från Lark Rise till Candleford **16.05** Det ljuva livet i Alaska **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2012 **20.30** Sherlock **22.00** Rapport **22.05** Jonathan Ross show **22.50** Bröderna Reyes **23.45** Rapport

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar Tungur **22.00** Tveggja manna tal **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




AUKATÓNLEIKAR

Performer í samstarfi við Gilbert úrsmið
og JS Watch co. Reykjavik kynna:

# JETHRO TULL
# IAN ANDERSON
## FLYTUR
# THICK AS A BRICK

Í heild sinni
Eldborgarsal Hörpu 22. júní

**AUKATÓNLEIKAR 22. júní**
**Miðasala í fullum gangi**
**á Harpa.is og Midi.is**




## HEIMSVIÐBURÐUR Á ÍSLANDI

Tilefnið er 40 ára afmæli plötunnar.
Sérstök videosýning og breskir leikarar taka
þátt í að gera tónleikana sem magnaðasta.
Hljómsveitin mun að auki flytja bæði nýtt
og gamalt efni með Jethro Tull.

## SELDIST UPP Á FYRRI TÓNLEIKANA Á 7 MÍNÚTUM

Í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá útkomu
plötunnar verði framhald hennar, Thick As Brick 2,
gefið út þann 2. apríl næstkomandi. Hluti þessa
nýja verks verður leikinn á tónleikunum.

GILBERT ÚRSMIÐUR
JS Watch co. REYKJAVIK
performer
www.performer.is

## PERSÓNAN

*Arnar Pétursson*



**Aldur:** 24 ára.
**Starf:** Er að læra húsgagnasmíði, vinnur á Sushibarnum og er gítarleikari í Mammút.
**Foreldrar:** Sigurlaug Lövdahl, starfsmaður Háskóla Íslands, og Pétur Jónasson, klassískur gítarleikari.
**Hjúskaparstaða:** Í sambandi.
**Búseta:** Býr í miðbænum.
**Stjörnumerki:** Steingeit.

Arnar Pétursson hyggst vinna bug á meltingarsjúkdómi með hráfæði.

# Pattra rifjar upp golftaktana í Danmörku

„Ég er svo mikið kamelljón og þetta verður bara ævintýri sem ég hlakka til að upplifa,“ segir Pattra Sriyanonge, tískubloggari og leikkona, sem er þessa dagana í óða önn að undirbúa flutning frá Gautaborg til smábæjarins Randers í Danmörku.

Ástæðan fyrir flutningum Pöttru er sú að unnusti hennar, Theódór Elmar Bjarnason knattpyrnukappi, var á dögunum keyptur yfir til fótboltaliðs Randers frá IFK Gautaborg. Þau hafa búið þar frá árinu 2009 og hefur tískublogg Pöttru, pattrascloset.blogspot.com, verið vinsælt en þar deilir hún tískuáhuga sínum og daglegu lífi í Svíþjóð. Hún viðurkennir að hún felli eflaust nokkur tár þegar þau kveðja Svíþjóð í bili.

„Það er mjög erfitt að kveðja Gautaborg enda skrýtið að flytja þaðan í smábæ á Jótlandi. Það fylgja þessu hins vegar margir kostir og er mjög jákvætt fyrir okkur bæði,“ segir Pattra sem hefur fengið ábendingar um leiklistarskóla í Århus. „Ég ætla að skoða það betur og það væri snilld ef ég fengi tækifæri til að feta mig áfram á þeirri braut. Ég ætla líka að halda áfram að blogga á meðan fólk nennir að lesa.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Pöttru voru þau Theódór Elmar að keyra frá Randers til Gautaborgar til að pakka saman dótinu sínu. Hún segir þau vera búin að fá einbýlishús til afnota á besta stað í bænum. „Þetta er æðislegt hús sem mig hefði ekki grunað að ég mundi búa í fyrir 25 ára aldur. Það besta er að við búum alveg við hliðina á golfvelli og þar hlakka ég til að rifja upp Tiger Woods-taktana, ég er nefnilega ekki svo slæm í golfi þó ég segi sjálf frá.“ **- áp**



**FÁ DRAUMAEINBÝLISHÚSIÐ** Pattra Sriyanonge hlakkar til að koma sér fyrir í draumaeinbýlishúsinu sínu í Randers í Danmörku ásamt unnusta sínum Theódóri Elmar Bjarnasyni, knattspyrnukappa.




Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Næring, orka og einbeiting

Árangur strax!

Lífrænt fjölvitamín fyrir allan aldur
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu.

Ef Spirulina er tekið inn fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn.

Góð vörn gegn kvefi og flensu
Hreinsar líkamann af eiturefnum og geislun úr matvælum. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.




Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Fríhöfninni

www.celsus.is

### JÓN ATLI HELGASON: DANÍEL ÁGÚST ER ÁFERÐARFALLEGUR Í FJALLINU

# Hlusta á týrólskt teknó á skíðahóteli í Austurríki

„Lífið hérna er bara yndislegt,“ segir plötusnúðurinn og hárgreiðslumaðurinn Jón Atli Helgason. „Það eru mínus 22 gráður og núll vindur, alveg fullkomnar aðstæður.“

Undanfarna viku hefur hann dvalið á skíðahóteli við rætur jökulsins Stubaier í Týrol í Austurríki ásamt átta félögum sínum. Meðal þeirra eru plötusnúðarnir Margeir Ingólfsson og Hjalti Casanova, Högni Egilsson úr Hjaltalín og GusGus og þeir Daníel Ágúst og Stephan Stephensen, einnig úr GusGus. „Þetta er æðislegt hótel. Það er alveg við ræturnar á jöklinum og maður getur alveg rennt sér inn á hótelið.“

Um árshátíð viðburðafyrirtækisins Jóns Jónssonar er að ræða og er þetta fimmta árið í röð sem þeir dvelja á þessu sama hóteli. „Það er alltaf að bætast í hópinn. Við byrjuðum á þessu ég, Stebbi, Margeir og Hjalti en síðan hafa nokkrir stokkið á vagninn.“

Í Týrol hafa þeir leikið sér á snjóbrettum og skíðum á milli þess sem þeir slaka á í nuddi. „Við erum búnir að taka frá nuddarann frá klukkan 17 til 19 á hótelinu þannig að þegar við komum úr brekkunni erum við með hann bara fyrir okkur. Aðrir gestir eru ekki mjög ánægðir en svona er þetta bara þegar maður er orðinn VIP-gestur og er að heimsækja hótelið fimmta árið í röð,“ segir Jón Atli hress.

Tveir skíðamenn eru í hópnum, þar á meðal Daníel Ágúst sem er með glæsilegan stíl að mati Jóns Atla. „Hann er mjög flottur. Hann er líka alltaf uppstrílaður í fjallinu, í vesti og skyrtu undir gallanum. Hann er mjög áferðarfallegur í fjallinu.“

Strákarnir fjármagna ferðina með spilamennsku á nokkrum klúbbum. Áður en þeir flugu til Austurríkis spiluðu þeir í Svíþjóð og í Berlín og lokagiggið verður í borginni Innsbruck í Týrol í kvöld. Eftir það er förinni heitið heim á leið eftir tíu daga ævintýraferð.

Hafið þið ekkert verið að spila á hótelinu ykkar? „Nei, en við kíktum aðeins á klúbbinn á hótelinu í gær [fyrrakvöld]. Þetta er skemmtilegur klúbbur en við erum í rauninni að njóta þess að vera ekki að spila á meðan við erum hérna. Við hlustum bara á týrólska teknóið sem er í boði.“ **freyr@frettabladid.is**





**GAMAN Í AUSTURRÍKI**
Plötusnúðurinn **Margeir** vígalegur í brekkunni á Stubaier-jöklinum. Hann, Jón Atli, Daníel Ágúst, Högni Egilsson og félagar hafa skemmt sér vel í Austurríki að undanförnu.

# Umdeild sem ungfrú Svínka

„Það var rosalega gaman að gera þetta,“ segir Kastljósskonan Margrét Erla Maack.

Hún klæddi sig upp sem ungfrú Svínka þegar hún sá Prúðuleikarana í bíó fyrir skömmu. Með henni í för var vinur hennar sem var í gervi bjarnarins Fossa. Fleiri vinir þeirra ætluðu að koma með í búningum en heltust úr lestinni.

„Þegar það kom í ljós að Prúðuleikaramyndin væri að koma urðum við bæði mjög spennt. Þá sögðum við meira í gríni en alvöru að við skyldum fara í búningum á myndina,“ segir Margrét Erla, sem fékk misjöfn viðbrögð þegar hún mætti í bíóið sem Svínka með gervinef á andlitinu. „Það voru krakkar í bíóinu sem fannst þetta ógeðslega fyndið en fullorðna fólkið átti mjög erfitt með þetta,“ segir hún. „Aðaltilgangurinn með þessu var að gleðja sjálfa mig en líka að gleðja einhverja aðra í leiðinni en fólk horfði á mig eins og ég væri skrítin.“

Margrét Erla hefur alla tíð verið mikill aðdáandi Prúðuleikaranna. „Já, þetta gengur í erfðir. Mamma og pabbi eru miklir Prúðuleikaraaðdáendur og þau fóru alltaf sérstaklega í heimsókn til ömmu og afa því þau áttu litasjónvarp,“ segir hún og hlær. Henni fannst myndin virkilega góð. „Hún stóð fyllilega undir væntingum. Það hefði verið leiðinlegt að vera í búningi ef myndin hefði verið léleg.“

Margrét hefur áður klætt sig upp ásamt vinum sínum fyrir bíósýningar, eða fyrir King´s Speech þar sem hún var klædd eins og hefðarfrú og fyrir Star Wars. „Þetta er ógeðslega gaman. Þetta gerir meira úr venjulegri bíóferð. Það er orðið svo dýrt í bíó að maður verður að búa til aðeins meiri athöfn í kringum þetta.“ **- fb**



**SEM SVÍNKA** Margrét Erla í gervi Svínku á Prúðuleikaramyndinni. Hún fékk misjöfn viðbrögð við uppátækinu.




*Ath! Öll birt verð eru útsöluverð*

*Monarchy veggskraut 2.940 kr. 40% afsláttur*

**TEKK COMPANY**

**OPIÐ LAUGARDAG 10-17 OG SUNNUDAG 13-17**

**KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400**

